


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Lagnir
Markaðurinn










# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
25. janúar 2012
21. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Stúlknagengi og lesbíur

*Bandaríski leikstjórinn Katrina Del Mar sýnir þrjár stuttmyndir í Bíó Paradís.*

**fólk** 30

## Ásköpuð fötlun

*Líkja má lélegri lestrarkunnáttu drengja við áskapaða fötlun skrifar Andri Snær Magnason.*

**umræðan** 13



## Síðasti leikurinn í dag

*Draumur strákanna okkar um verðlaun á EM dó endanlega með tapi á móti Spáni í gær.*

**sport** 26

**veðrið í dag**




**VAXANDI NA-ÁTT** Í dag hvessir af norðvestri, fyrst á Vestfjörðum en síðan á Snæfellsnesi og SV-til. Talsverð snjókoma N- og NV-lands og lítils háttar ofankoma V-til er líður á daginn. Áfram svalt í veðri.

VEÐUR 4








**ALLT Á KAFI** Landsmenn hafa sannarlega fengið ríflegan skammt af snjó þennan veturinn með tilheyrandi truflunum á bílaumferð. Ófært var víða á fjallvegum í gær, en ökumenn máttu líka hafa sig alla við á Njarðargötunni í Reykjavík, þar sem akreinarnar voru orðnar býsna þröngar vegna snjóruðninga. Veðurspá gerir ráð fyrir stormi um vestanvert landið síðdegis og í kvöld, en líklegt er að hitinn muni skríða upp fyrir frostmark á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Almennar afskriftir kosta 200 milljarða

**Almennar niðurfærslur íbúðalána um 18,7% kosta 200 milljarða til viðbótar við þá 134 milljarða sem hafa þegar verið afskrifaðir. Ríkið myndi bera kostnaðinn.**

**VIÐSKIPTI** Almenn niðurfærsla á húsnæðislánum um 18,7% myndi fela í sér hreinan viðbótarkostnað upp á 200,3 milljarða króna til viðbótar við þá 134 milljarða króna sem lánin hafa þegar verið færð niður um. Kostnaður vegna niðurfærslnanna myndi lenda að langmestu leyti á íslenska ríkinu, ekki bönkum eða innstæðueigendum.

Þetta kemur fram í greinargerð um afföll íbúðalána við stofnun nýju bankanna og kostnað við niðurfærslu lána sem dr. Sigurður Jóhannesson og dr. Sveinn Agnarsson hafa unnið að frá 4. október í fyrra fyrir Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Hún var gerð opinber í gær.

Greinargerðin var unnin fyrir ríkisstjórn Íslands vegna kröfu Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) um almenna leiðréttingu á því sem þau telja vera stökkbreytt lán heimilanna. Höfundum hennar var falið að meta kostnað við tillögur HH og fara yfir fyrirliggjandi gögn um afföll húsnæðislána þegar þau voru færð frá gömlu bönkunum til þeirra nýju.

Greinarhöfundar hafna því að sækja megi verulegan hluta kostnaðar vegna skuldaniðurfærslu heimilanna í þann afslátt sem bankarnir fengu á lánasöfnun sínum haustið 2008. Kostnaður bankanna af þeim niðurfellingum sem þeir hafa ráðist í sé nú þegar meiri en sem nemur afslættinum.

Samkvæmt niðurstöðum greinarhöfunda myndi beinn og óbeinn kostnaður af viðbótarniðurfellingu skulda því lenda að langmestu leyti á íslenska ríkinu, og þar af leiðandi skattgreiðendum. Þeir telja almennar skuldaniðurfærslur enn fremur ekki viðráðanlegar fyrir íslenskan efnahag og að áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að eyða halla ríkissjóðs á næstu árum myndi „raskast verulega ef mikill kostnaður af lækkun skulda legðist á ríkissjóð. Erfitt er því fyrir ríkissjóð að standa undir mikilli skuldaeftirgjöf eins og er“.

- þsj / sjá Markaðinn

### Almennar niðurfærslur óþekktar

Við vinnslu greinargerðarinnar könnuðu höfundar hennar þær leiðir sem íbúðaeigendur hafa verið studdir með í öðrum löndum eftir að skuldakreppan skall á árið 2007. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Hagfræðistofnun hefur undir höndum verður ekki séð að „höfuðstóll allra húsnæðislána hafi nokkurs staðar verið færður niður svo sem Hagsmunasamtök heimilanna fara fram á“. Oftast nær gangi slíkar aðgerðir út á að létta lánþegum greiðslubyrði á meðan mestu erfiðleikarnir gangi yfir.

Í löndum þar sem verðtrygging er ekki almenn, líkt og hún er á Íslandi, getur óvænt verðbólga fært verðmæti frá innstæðueigendum til skuldara. Höfundar greinargerðarinnar benda hins vegar á að í langflestum grannlöndum Íslands hafi verðbólga verið svipuð eða minni eftir 2008 en árin á undan. Sú leið að auka meðvitað verðbólgu hafi því heldur ekki verið farin til að rétta hlut skuldara í nágrannalöndum okkar.

Bók Nönnu Rögnvaldardóttur:

## Matreiðslubók á 750 þúsund

**BÆKUR** Bók matreiðslukonunnar Nönnu Rögnvaldardóttur, Iceland Food and Cookery, gengur kaupum og sölu á vefsíðunni Amazon.com.

Hæsti verðmiðinn sem hefur verið settur á hana er sex þúsund dollarar, eða um 750 þúsund íslenskar krónur. Aðrir seljendur setja „aðeins“ um 400 dollara á hana eða í kringum 50 þúsund krónur.

Bókin kom út í Bandaríkjunum fyrir ellefu árum hjá forlaginu Hippocrene og er núna uppseld. Ekki stendur til að endurútgefa hana. „Það er mjög skondið að sjá þetta,“ segir Nanna.

- fb / sjá síðu 30


Gráða & feta
ostateningar í olíu




ms.is

JANÚAR TILBOÐ
GILDIR TIL 31. JANÚAR
VINSÆLU
KJÚKLINGA & GRÆNMETIS RÉTTIRNIR
á aðeins 1490.-
VINSÆLU
LAMBA & NAUTAKJÖTS RÉTTIRNIR
á aðeins 1490.-
SHALIMAR
PAKISTANI CUISINE
AUSTURSTRÆTI - 4
S: 551 0292

## SPURNING DAGSINS



*Helgi, misstirðu aldrei úr slag við upptökurnar?*

„Nei, þetta gekk ljómandi vel. Trommarinn var betri en enginn og hélt taktinum."

Hjartalæknirinn Helgi Júlíus Óskarsson hefur gefið út reggíplötuna Kominn heim.

Deilt um kostnað við að opna skíðasvæðið í Skálafelli í vetur:

# Sjö helgar kosta 13,5 milljónir

**ÚTIVIST** Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins áætlar að það kosti 13,5 milljónir að reka skíðasvæðið í Skálafelli í sjö helgar í vetur. Nýtt belti á snjótroðara kostar 5 milljónir að sögn Diljár Ámundadóttur, formanns stjórnar.

Kristín Sævarsdóttir, fulltrúi Kópavogs í stjórn skíðasvæðanna, lét bóka á síðasta stjórnarfundi mótmæli gegn því að óskað væri eftir viðbótarframlagi til Skálafells þegar svo langt væri liðið á vetur.

Diljá segir stjórn skíðasvæðanna hafa sent sveitarfélögunum bréf með upplýsingum um áætlaðan kostnað. „Þetta eru gögn með upplýsingum en ekki fyrirspurn um viðbótarframlag. Það er mjög skýr afstaða stjórnar skíðasvæðanna að ekki verði tekið fé af framkvæmdum og rekstri Bláfjalla vegna opnunar Skálafells. Við viljum miklu frekar skoða einhvers konar samstarf næsta ár við skíðadeildir einhverra íþróttafélaga. Við erum ekki að ýta á sveitarfélögin á elleftu stundu en það getur verið að stjórn þeirra sé fús til þess að veita viðbótarfé til þess að hægt verði að opna Skálafell," segir Diljá.

Skíðadeild KR bauðst til að starfa um helgar í Skálafelli í vetur án endurgjalds. Áætlun um rekstrarkostnað tekur ekki til þess boðs. **- ibs**



**Í SKÁLAFELLI** Nægur snjór er nú á skíðasvæðinu sem hefur verið lokað í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umferðaróhapp á Sjálandi:

## Ökumaður lést – börnin sluppu

**DANMÖRK Fullorðinn maður lést og þrjú leikskólabörn slösuðust þegar rúta og fólksbíll rákust saman í nágrenni Kaupmannahafnar síðdegis í gær.**

**38 börn voru í rútunni, sem valt út af veginum og niður brekku eftir áreksturinn. Talið er að bílarnir hafi komið hvor úr sinni áttinni og lent framan á hvor öðrum. Þrjú barnanna voru flutt á Ríkissjúkrahúsið í Kaupmannahöfn, en rútan var á leið til höfuðborgarinnar þegar óhappið átti sér stað. - þj**

Bæjarstjórnarmál í Kópavogi:

## Vonar að línur skýrist bráðlega

**KÓPAVOGUR Línur eru ekki enn farnar að skýrast að ráði í bæjarstjórnarmálum í Kópavogi, en viðræður um meirihlutamyndun hafa nú staðið í rúma viku án árangurs.**



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

**Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að dagurinn hefði verið tíðindalítill.**

**„Menn hafa verið að ræða saman, en það eru ekki komnar neinar skýrar línur í stöðuna. Ég vona að málin fari að skýrast fyrir helgi."**

**Sex listar eiga fulltrúa í bæjarstjórn en sex fulltrúa hið minnsta þarf til að mynda meirihluta.**

**Bæjarstjórn fundaði í gær. Þar var því hafnað að taka til umræðu fulltrúa Næst besta flokksins um að í stað meirihlutasamstarfs yrði komið á samvinnu allra flokka í stjórn bæjarins. - þj**

Sætir manndrápsákæru:

## Móðirin aftur metin sakhæf

**DÓMSMÁL** Rúmleg tvítug litháísk kona, sem ákærð hefur verið fyrir að skaða nýfætt barn sitt og skilja það eftir í ruslagámi við hótel í miðbænum í sumar, hefur verið metin sakhæf í yfirmati.

Þetta kom fram við fyrirtöku í manndrápsmáli Ríkissaksóknara á hendur henni í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun.

Geðlæknir og sálfræðingur mátu sakhæfi hennar að kröfu verjanda og komust að þessari niðurstöðu.

Konan hefur neitað því að hafa orðið nýfæddu sveinbarni sínu að bana. **- sh**

# Segir embættismenn hafa ánetjast ESB

**Innanríkisráðherra segir embættismannaveldið hafa ánetjast Evrópusambandinu. Sífelldar ferðir til Brussel á kostnað ríkisins hafi gert það að verkum. Menn vilji fleiri ferðir og meiri dagpeninga. Umræða var um IPA-styrki á þingi í gær.**

**ALÞINGI** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur áhyggjur af því að stofnanaveldið, eins og hann orðaði það, hafi ánetjast Evrópusambandinu. Hann lýsti þeirri skoðun sinni undir glymjandi bjölluhljómi forseta Alþingis í gær, en ráðherra var kominn þó nokkuð fram yfir tímamörk sín.

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði innanríkisráðherra út í skoðun hans á styrkveitingum Evrópusambandsins. Ásmundur las upp úr gömlum greinum Ögmundar þar sem hann lýsti aðlögunarstyrkjum við „glerperlur og eldvatn til að glæða áhuga okkar á að sitja til borðs í Brussel".

Ögmundur sagði, á þingi í gær, að þar sem verið væri að ræða um eldvatnið, hefði hann mestar áhyggjur af stofnanakerfinu. Hann spurði hvernig á því stæði að það væri algeng regla að þegar samningar væru bornir upp innan ESB væru verkalýðshreyfingin, atvinnurekendasamtök og stjórnsýsla hlynnt, en almenningur á móti.

„Það er vegna þess að það er búið að fara með flugvélafarma, viku eftir viku eftir viku, mánuð eftir mánuð eftir mánuð, út til Brussel þar sem menn halda til á kostnað ríkisins.

Þetta fólk ánetjast Evrópusambandinu og vill ólmt halda áfram og fá að fara í fleiri ferðir. Fleiri ferðir, fleiri hótelferðir, meiri dagpeninga. Það er þetta sem er að gerast. Það er þess vegna sem stofnanaveldið ánetjast Evrópusambandinu."

kolbeinn@frettabladid.is



**GAGNRÝNINN** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra gagnrýnir embættismannakerfið fyrir sífelldar ferðir til Brussel, með tilheyrandi ferða- og uppihaldskostnaði sem lendi á ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Tekist á um IPA-styrki ESB

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra mælti fyrir frumvarpi um rammasamning um fjárhagsaðstoð ESB við Ísland, svokölluðum IPA-styrkjum. Samkvæmt því eru styrkir ESB undanþegnir sköttum og öðrum opinberum gjöldum. Össur sagði að þetta væri í samræmi við ýmsa styrki sem Íslendingar hefðu þegið frá ESB um langt árabil, svo sem varðandi mennta- og rannsóknarstyrki. Styrkjunum sé ekki ætlað að renna til skatta eða opinberra gjalda í þeim ríkjum sem við þeim taka, heldur til að styrkja innviði stjórnsýslunnar.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, gagnrýndi styrkina, ásamt fleirum. Hún sagði um gríðarlega miklar fjárhæðir að ræða, allt að 30 milljónum evra, sem ættu að greiðast út á árunum 2011 til 2013. Vigdís dró í efa að aðeins yrði hægt að nota styrkina í stofnanir sem störfuðu samkvæmt EES-samningnum, svo sem Umhverfisstofnun. Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði augljóst mál að styrkina ætti að nota til að byggja upp og auka tiltrú á ESB.

Fjöldamorðinginn Breivik:

## Gæti fengið einkasjúkrahús

**NOREGUR** Svo gæti farið að sérstakt eins manns geðsjúkrahús verði byggt innan múra Ila-fangelsisins í Bærum til að hýsa fjöldamorðingjann Anders Behring Breivik, verði hann úrskurðaður ósakhæfur.



**ANDERS BEHRING BREIVIK**

Þetta hefur Verdens Gang eftir Robin Kåss, aðstoðarheilbrigðisráðherra Noregs.

Breivik hefur verið í strangri öryggisgæslu í Ila frá því að hann var handtekinn á Útey, en verði hann fundinn veikur á geði er ekkert geðsjúkrahús í Noregi sem fullnægir öryggiskröfum, bæði varðandi hans eigin öryggi og annarra. **- þj**

Aflýst í Sjallanum á Akureyri:

## Hætt við annað dónakvöld

**AKUREYRI Skemmtistaðurinn Sjallinn á Akureyri hefur hætt við að halda svokallað Dirty Night. Viðburðurinn átti að fara fram 4. febrúar næstkomandi.**

**Í tilkynningu segir að Akureyrarbær, rekstraraðilar Sjallans og forsvarsmenn Dirty Night hafi í gær komist að samkomulagi um að Sjallinn aflýsi þessum viðburði þar sem hann stríði mjög gegn jafnréttisstefnu bæjarins.**

**Akureyrarbær fagnar því að rekstraraðilar Sjallans hafi tekið þessa ákvörðun. Viðburðir sem þessir hafa verið haldnir víða um land og verið mjög umdeildir. Í nóvember var Dirty Night haldið í Kópavogi þrátt fyrir að bærinn hafi kært auglýsingu um viðburðinn vegna brota á jafnréttislögum. - sv**

LAGERSALA
GJAFAVÖRUR
VILLAGE
40–70% AFSLÁTTUR
Erum innst við Lyngháls
í sama húsi og Go Pro-Hugvit, á jarðhæð.
Opið miðvikudaga og fimmtudaga kl. 16–18.30
Facebook: Village á Íslandi.

Nýrri byggingarreglugerð ætlað að auka neytendavernd og gæði bygginga:

# Verðmæti húsa 5.000 milljarðar

**STJÓRNSÝSLA** Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi fyrir húseigendur að auka gæði húsbygginga á Íslandi og draga þar með úr göllum og viðhaldskostnaði, enda má áætla að heildarverðmæti bygginga á Íslandi nemi um 5.000 milljörðum króna, segir Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar.

Með nýjum lögum um mannvirki og nýrri byggingarreglugerð er ætlunin að stuðla að auknum gæðum í mannvirkjagerð, segir Björn. Fjölmargar breytingar eru í nýju reglugerðinni, en þær eru ekki afturvirkar og gilda aðeins fyrir nýjar byggingar.

Meðal þess sem á að tryggja með nýju byggingarreglugerðinni er betra aðgengi fyrir þá sem eru hreyfihamlaðir, heyrnarskertir og sjónskertir.

Björn segir einnig auknar kröfur gerðar til húsa um orkunýtingu. Þó að orka til húshitunar sé fremur ódýr hér á landi verði að hafa í huga að húsnæði sé byggt til langs tíma, og flest bendi til þess að orkuverð hér á landi muni hækka umtalsvert í framtíðinni. Þá er markmiðið einnig að auka sjálfbærni með því að huga vel að því hvaða efni fara í byggingarnar og hvernig þeim verði fargað þegar þær eru rifnar, segir Björn. **- bj**



**ORKUNÝTING** Ný hús eiga að nýta orku til húshitunar betur samkvæmt nýrri reglugerð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# JANÚARÚTSALA

Rúm Gott

## ERTU AÐ VAKNA ÞREYTT/UR EÐA MEÐ VERKI Í LÍKAMANUM?

**Komdu í legugreiningu og fáðu sérsmíðað rúm fyrir þig!**



FAGLEG RÁÐGJÖF OG

## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

Tvíbreið fjölstillanleg rafmagnsrúm: **Verð frá kr. 309.897.-**

Tvíbreið heilsurúm: **Verð frá kr. 139.000.-**

**30-50% afsláttur af öllum heilsurúmum**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**ÞAR SEM HVER VIÐSKIPTAVINUR ER SÉRSTAKUR!**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

**GENGIÐ 24.01.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,33 | 123,91 |
| Sterlingspund | 191,84 | 192,78 |
| Evra | 160,31 | 161,21 |
| Dönsk króna | 21,556 | 21,682 |
| Norsk króna | 20,973 | 21,097 |
| Sænsk króna | 18,226 | 18,332 |
| Japanskt jen | 1,5937 | 1,6031 |
| SDR | 189,71 | 190,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,8717

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórn ÍBV svarar karlmönnunum 100 og segir tilkynnta nauðgun á Þjóðhátíð einungis hafa verið eina:

# Nauðgun enn til rannsóknar hjá lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Ein nauðgun sem kærð var á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í fyrra er enn til rannsóknar hjá lögreglu.

Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknarlögreglunni á Selfossi, sem sér um rannsókn á kynferðisbrotum sem tilkynnt eru í Vestmannaeyjum, voru fjórar nauðganir kærðar á Þjóðhátíð í fyrra. Ein nauðgun til viðbótar var tilkynnt, en konan kærði aldrei formlega.

Samtals voru þá fimm nauðganir tilkynntar og allar meðan á hátíðinni stóð. Engin tilkynning um kynferðisbrot kom eftir að henni lauk.

Búið er að ákæra og dæma geranda í einu nauðgunarmálinu. Fékk sá fimm ára fangelsisdóm og var það annar nauðgunardómur hans. Rannsókn á annarri nauðgun eftir Þjóðhátíð er á lokastigi og verður send til ríkissaksóknara á næstunni. Tvö mál voru látin niður falla. Konurnar fimm sem tilkynntu nauðganirnar eru fæddar frá 1988 til 1993. - sv

## ÍBV: Tvær voru ekki framdar á svæðinu

„Árið 2011 voru tilkynnt þrjú kynferðisbrot á Þjóðhátíð. Af þeim var ein tilkynningin vegna nauðgunar og tvær tilkynningar vegna annarra kynferðisbrota. Tvö önnur kynferðisbrot voru tilkynnt í Vestmannaeyjum þessa helgi vegna atvika á veitingastað og heimili í Vestmannaeyjum. Varðandi nauðgunina sem átti sér stað á hátíðarsvæðinu var það ekki síst vegna árvekni gæslumanna á Þjóðhátíð að brotamaður var handtekinn. Hann var ákærður og dæmdur. Hin tvö kynferðisbrotin voru rannsökuð og málin síðan felld niður,“ segir meðal annars í bréfi frá stjórn ÍBV sem sent var fjölmiðlum í gær.

Bréfið var sent sem svar til hundrað karlmanna sem kröfðust aðgerða frá þeim aðilum sem að hátíðinni koma vegna þess fjölda kynferðisbrota sem var tilkynntur.

Lítið siglt um Landeyjahöfn:

## 80% ferða um Þorlákshöfn

**SAMGÖNGUR Herjólfur hefur farið 34 ferðir til Landeyjahafnar síðan í byrjun nóvember og 135 til Þorlákshafnar. Áttatíu prósent ferðanna hafa verið til Þorlákshafnar.**

**Samkvæmt upplýsingum frá Eimskip var siglt til Landeyjahafnar dagana 1. til 6. nóvember og aftur 14. til 18. desember. Alla aðra daga var farið til Þorlákshafnar. Veður eða bilanir ollu því að ekkert var siglt í rúma þrjá daga á þessu tímabili.** - sv

Enn eru átök í Líbíu:

## Liðsmenn Gaddafís taka borg

**LÍBÍA, AP** Liðsmenn Múammars Gaddafí, hins fallna leiðtoga Líbíumanna, náðu á sitt vald borginni Bani Walid, þremur mánuðum eftir að Gaddafí var drepinn.

Nokkur hundruð manns, vel búnir vopnum, hröktu lið byltingarmanna út úr borginni í gær og drógu hinn græna fána Gaddafístjórnarinnar að hún.

Bani Walid, sem er í fjöllunum suðaustur af höfuðborginni Trípólí, er ein þeirra borga sem liðsmenn Gaddafís höfðu lengst á valdi sínu í átökunum á síðasta ári. - gb

**HALDIÐ TIL HAGA**

Vegna fréttar á bls. 2 í gær er rétt að halda því til haga að vefur RÚV birti ekki nafn Egils Einarssonar þegar sagt var frá því að önnur nauðgunarkæra á hendur honum hefði borist lögreglu. Í frétt RÚV var rætt um „manninn, sem grunaður er ásamt kærustu sinni um nauðgun í lok nóvember“.

# Þjarkað áfram um skuldir Grikklands

**Fjármálaráðherrar ESB hafna tilboði einkabankanna um niðurfellingu grískra ríkisskulda. Evruríkin hraða stofnun varanlegs stöðugleikasjóðs fyrir evrusvæðið. Gríska stjórnin hefur birt nöfn fjögur þúsund skattaskuldara.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Á mánudagskvöld höfnuðu fjármálaráðherrar Evrópusambandsins hugmyndum bankanna um niðurfellingu helmings skulda gríska ríkisins gegn lengri lánum, sem eigi að bera fjögur prósent vexti.

Gríska stjórnin segist ekki geta greitt hærri vexti en 3,5 prósent og evruríkin taka undir það. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sömuleiðis tekið undir þetta.

„Grikkland og bankarnir verða að gera betur en þetta til að ná sjálfbæru skuldastigi,“ segir Jan Kees de Jager, fjármálaráðherra Hollands. Ekki verði hægt að veita Grikkjum frekari aðstoð nema samkomulag takist um lægri vexti.

Samningaviðræður við bankana munu því halda áfram, en vonast er til að samkomulag takist á allra næstu dögum.

Þrátt fyrir mikinn niðurskurð á fjárlögum í Grikklandi sýna nýjar tölur að ríkisskuldirnar eru nú hærri en þær voru árið 2010.

Á mánudaginn gerði gríska stjórnin svo alvöru úr hótunum sínum um að birta opinberlega nöfn þeirra, sem skulda stórfé í skatt. Á listanum eru rúmlega fjögur þúsund nöfn, þar á meðal nöfn þekktra söngvara, skemmtikrafta og viðskiptamanna. Sumir þeirra sitja reyndar í fangelsi, en samtals skuldar þessi hópur 15 milljarða evra í skatt.

Á fundi fjármálaráðherra evruríkjanna í gær var svo ákveðið að hraða stofnun varanlegs neyðarsjóðs fyrir evruríkin. Samþykkt var að hann hefji starfsemi 1. júlí, ári fyrr en áður hefur verið talað um, og fái til umráða 500 milljarða evra, sem hægt verði að nota til að hjálpa evruríkjum sem rata í alvarlegan skuldavanda. Í mars ætla leiðtogar evruríkjanna síðan að endurmeta hvort sú upphæð, sem sjóðurinn hefur til afnota, dugi gagnvart þeim miklu erfiðleikum sem evrusvæðið hefur verið í.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir í nýrri skýrslu um stöðugleika efnahagsmála að vandi evrusvæðisins geti á þessu ári stefnt efnahagslífi víðar í heiminum í verulega hættu.

Í ræðu sem Christiane Lagarde, yfirmaður sjóðsins, hélt í Þýskalandi á mánudag skaut hún föstum skotum að leiðtogum evruríkjanna, og þá ekki síst Angelu Merkel Þýskalandskanslara, fyrir að hafa á síðasta ári tekið sér alltof langan tíma til að finna raunhæfar lausnir á vanda evrusvæðisins.

gudsteinn@frettabladid.is



**Á FUNDI Í BRUSSEL** Evangelos Venizelos, fjármálaráðherra Grikklands, á fundi með fjármálaráðherrum Evrópusambandsins í Brussel. Francois Baroin og Margrethe Vestager, fjármálaráðherrar Frakklands og Danmerkur, skiptast einnig á orðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Grikkland og bankarnir verða að gera betur en þetta til að ná sjálfbæru skuldastigi.
>
> **JAN KEES DE JAGER**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA HOLLANDS

Starfshópur um samgöngur:

## Strandsiglingar hefjist næsta ár

**SAMGÖNGUR** Tilraunastrandsiglingar gætu hafist í byrjun næsta árs ef áætlanir innanríkisráðuneytisins ganga eftir.

Siglingarnar verða boðnar út á þessu ári, en þær verða niðurgreiddar af ríkinu til nokkurra ára á meðan reksturinn væri að ná fótfestu.

Markmiðið er, að því er fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu, að „tryggja hagkvæma sjóflutninga á vörum innanlands og stuðla að lægri flutningskostnaði, jákvæðri byggðaþróun með auknum tækifærum og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni.“ - þj

Aðgerðir gegn peningaþvætti:

## Arion lokar líka á stofnun reikninga á netinu

**FJÁRMÁL Arion banki breytti í gær netbanka sínum svo ekki er lengur hægt að stofna nýja reikninga í netbankanum.**

**Í Fréttablaðinu í gær kom fram að sá möguleiki var tekinn út hjá Íslandsbanka fyrir tveimur árum þar sem ákvæði laga um aðgerðir um peningaþvætti væru ekki uppfyllt.**

**Að sögn Haraldar Guðna Eiðssonar, upplýsingafulltrúa Arion, töldu menn við skoðun í gær að fyrirkomulagið við stofnun reikninga á netinu stæðist ekki „ströngustu skoðun“. Hluti af eldri viðskiptavinum Arion hefði ekki farið í gegnum peningaþvættisathugun. „Eftir uppfærslu netbankans í febrúar munu aðeins þeir sem hafa farið gegn um peningaþvættisathugun geta stofnað reikninga.“** - gar






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**KALT FRAM AÐ HELGI** Í dag hvessir NV- og V-lands með tilheyrandi skafrenningi og lægir ekki fyrr en undir hádegi á morgun. Það verður að mestu frost í dag og á morgun en á föstudaginn hlánar smám saman, fyrst suðvestan til með slyddu og síðar rigningu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 0° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 6° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | -8° |
| París | 12° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 57442 01/12




**Sendu ljósmynd frá uppáhaldsborginni þinni**
Finndu eina mynd úr myndasafninu þínu, farðu inn á www.icelandair.is/ferdaminning og sendu mynd með sögu. Þú gætir verið á leið til uppáhaldsborgarinnar þinnar í boði Icelandair.

ICELANDAIR

## KJÖRKASSINN



*Á að leysa upp þing og boða til kosninga í vor?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 73,1% |
| NEI | 26,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við gengi handboltalandsliðsins á EM hingað til?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Tölvuverðar skemmdir urðu á Sjávargrillinu þegar eldur kom upp í þvottahúsi:

# Reynt að koma húsinu í rétt horf

**BRUNI** Töluverðar skemmdir urðu á veitingastaðnum Sjávargrillinu á Skólavörðustíg þegar eldur kom upp í þvottahúsi í kjallara staðarins aðfaranótt þriðjudags. Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá rafmagnstæki, hugsanlega þvottavél.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu urðu miklar skemmdir í kjallara, þar sem eldhúsið er, og reykskemmdir á veitingastaðnum sjálfum sem og í stigagangi hússins.

Allt tiltækt slökkvilið var kallað að Sjávargrillinu þegar tilkynning barst um klukkan eitt og tókst að ráða niðurlögum eldsins á rúmum klukkutíma. Mikinn reyk lagði frá staðnum og barst hann út á stigaganginn og inn í íbúðir á þriðju hæð hússins. Slökkvilið þurfti að aðstoða íbúa þar við að komast út en engum varð þó meint af.

Gústav Axel Gunnlaugsson, einn eigenda Sjávargrillsins, segir að verið sé að reyna að koma húsinu í rétt horf eftir brunann. Niðri í kjallaranum hafi orðið töluvert tjón.

Lögregla vinnur að rannsókn málsins. **- sv**



**MIKIÐ TJÓN** Miklar skemmdir urðu á veitingastaðnum í brunanum á mánudagsnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Norræn ungmenni:

# Hafa minni áhuga á lestri

**MENNTUN** Norræn ungmenni hafa minni áhuga á lestri en áður. Þetta á sérstaklega við um drengi.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í norrænni rannsóknarskýrslu sem unnin var upp úr alþjóðlegu PISA-könnuninni fyrir árið 2009. Íslenskum og norskum ungmennum gekk betur en árið 2006, en dönskum og sænskum ungmennum hrakaði. Höfundar skýrslunnar segja að meiri áherslu eigi að leggja á bókmenntir sem höfði til beggja kynja og lestrarþjálfun í grunnskóla. **- þeb**








**VILL EKKI ÞEKKJAST** „Má ég ekki bara hringja og biðja einhvern að fara í Leikbæ að kaupa grímu?" spurði einn þremenninganna verjanda sinn, mjög ósáttur við að þurfa að hylja andlit sitt fyrir ljósmyndurum. Hér sést hann á milli bræðranna Stefáns og Páls Kristjánssona, sem sjá um málsvörn tveggja sakborninga. Hann faldi sig á bak við bréflega staðfestingu frá Europol á andláti fórnarlambsins í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Andlát fórnarlambs flækir réttarhaldið

**Þrír Íslendingar vilja ekkert kannast við að hafa gengið hrottalega í skrokk á grískum ferðamanni í Bankastræti vorið 2010 en geta þó illa komið sér saman um frásögn. Ítölsk yfirvöld rannsaka andlát Grikkjans í desember síðastliðnum.**

**DÓMSMÁL** Þrír menn neituðu því staðfastlega fyrir dómi í gær að hafa ráðist með hrottalegum hætti á grískan ferðamann í Bankastræti fyrir nærri tveimur árum. Frásagnir þeirra af atburðum næturinnar stangast hins vegar á í veigamiklum atriðum.

Málið er æði óhefðbundið fyrir þær sakir að fórnarlambið, rúmlega þrítugur Grikki, lést 14. desember síðastliðinn, rúmu hálfu öðru ári eftir árásina. Fram kom í máli saksóknarans Kolbrúnar Benediktsdóttur fyrir dómi í gær að ekkert væri vitað um andlát hans annað en að ítölsk yfirvöld hefðu það nú til rannsóknar.

Mennirnir sem ákærðir eru fyrir árásina eru fæddir árin 1978, 1979 og 1985. Framburður þeirra var ekki á einn veg, en þó voru þeir allir sammála um að þeir hefðu setið að sumbli á hóteli við Þingholtsstræti um nóttina, verið sóttir þangað á bíl og fengið far með honum örfáa metra niður að Bankastræti áður en þeir stigu út úr honum á nýjan leik. Annað var nokkuð á reiki.

Einn sagðist ekki hafa orðið var við neitt, enda hefðu verið læti í miðbænum venju samkvæmt, og aftók með öllu að hafa tekið þátt í nokkrum barsmíðum. Annar sagðist aðallega hafa einbeitt sér að því finna stelpu til að taka með sér heim og ekki tekið eftir neinum útlendingi. Hvorugur gat gefið nokkra útskýringu á því hvers vegna þeir þustu út úr bílnum aftur eftir nokkurra metra rúnt.

## Dæmdur fyrir haglabyssuárás 2007

Einn sakborninganna í málinu hlaut árið 2007 tveggja ára óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir aðild að skotárás í Vallahverfinu í Hafnarfirði. Þar skaut annar maður úr haglabyssu á íbúðarhús en sá sem nú er ákærður var dæmdur fyrir að leggja á ráðin um árásina og vera viðstaddur hana. Þá var hann dæmdur fyrir tilraun til íkveikju, en hann kastaði daginn eftir bensínsprengju inn um glugga sama húss. Eldurinn sem kviknaði koðnaði niður af sjálfu sér. Maðurinn hefur hlotið fjölda annarra dóma fyrir léttvægari afbrot.

Sá þriðji sagði hins vegar að hann og annar hinna fyrrnefndu hefðu vissulega lent í lítilsháttar stympingum við erlendan mann eftir að hafa reynt að þröngva upp á hann áfengissopa. Því hefði lokið þegar útlendingurinn féll í götuna og fékk skurð á hnakkann. Þeir hefðu þá stigið upp í bílinn og yfirgefið hann aftur eftir að sá erlendi sparkaði í áttina að honum, en þó bara til að spjalla við nærstadda. Hann kvaðst ekkert vita um alvarlega líkamsárás.

Auk þess að vera í innbyrðis ósamræmi ganga þessar lýsingar í berhögg við það sem fram kom í máli mannanna fyrst eftir handtöku, þegar þeir virtust kannast öllu betur við að einhver hefði mátt þola alvarlegar barsmíðar, og ekki síst við vitnaskýrslur.

Vitni hafa nefnilega flest borið um að menn sem svara býsna nákvæmlega til lýsinga á sakborningunum þremur hafi stigið út úr bílnum, gengið í skrokk á Grikkjanum og meðal annars sparkað ítrekað í höfuð hans. Fyrir dómi hafði minni vitnanna þó daprast verulega frá því í lögregluskýrslum – en það þarf þó ekki að vera óeðlilegt, enda bráðum tvö ár frá því að árásin var framin í maí 2010.

Saksóknarinn fór fram á það að fá að taka símaskýrslu af móður ferðamannsins, úr því að hann væri sjálfur fallinn frá, til að hún gæti borið um andlegt ástand hans eftir árásina. Verjendur mótmæltu þessu harðlega, enda gæti hún ekki með nokkru móti tjáð sig um sakarefnið eins og er hlutverk vitna.

Brotaþolinn látni hafði gert 1.226 þúsunda króna miskabótakröfu á hendur sakborningunum og verður þeirri kröfu haldið á lofti í einkamáli.

Aðalmeðferðinni verður fram haldið á morgun, og þá tekin fyrir framhaldsákæra á hendur einum þremenninganna og öðrum manni vegna minniháttar líkamsárásar.

**stigur@frettabladid.is**


Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 26. janúar gefur Íslandspóstur út þrjár frímerkjaraðir. Myndefni frímerkjanna eru íslenskt handverk, gamalt og nýtt, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 100 ára og íslenskt landslag.




Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP



TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



**MM Pajero Instyle 3,2**
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 22.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**9.290.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Skoda Yeti** 2.0 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 23.000 km, beinsk.
Ásett verð
**4.190.000,-**



**Audi Q7** 4.2
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 93.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**5.950.000,-**



**Skoda Octavia** TDi
Árgerð 2009, dísel
Ekinn 99.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.490.000,-**



**Audi A6** 2,4
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 83.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.890.000,-**



**Skoda Octavia**
Elegance, Árg. 2008, dísel
Ekinn 73.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.950.000,-**



**Audi Q7** 3,0 TDi S-line
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 89.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**7.490.000,-**



**MM Lancer** Intense
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.690.000,-**



**VW Polo** TDi 1,2
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 26.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.290.000,-**

Tilboðsverð



**VW Polo** Trendl 1,2
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 100.000 km, beinsk.
Ásett: 960.000
Tilboðsverð
**790.000,-**

Tilboðsverð



**VW Touareg** V6
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 92.000 km, sjálfsk.
Ásett: 3.550.000
Tilboðsverð
**2.950.000,-**

Tilboðsverð



**VW Passat** TDi
4Motion, Árg. 2007, dísel
Ekinn 74.000 km, beinsk.
Ásett: 3.150.000
Tilboðsverð
**2.790.000,-**

Tilboðsverð



**VW Golf** Trendl 1,6
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 79.000 km, beinsk.
Ásett: 1.790.000
Tilboðsverð
**1.490.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu margar sílíkonaðgerðir eru gerðar hér á landi á hverju ári?*
2. *Hver fékk flest atkvæði í forsetakosningunum í Finnlandi?*
3. *Um hvaða tónlistarmann skrifar Utangarðsmaðurinn fyrrverandi, Michael Pollock, í nýútkominni bók?*

**SVÖR:**

**1.** Um 550. **2.** Pekka Haavisto. **3.** Bob Dylan

Tyrkir hóta refsiaðgerðum gagnvart Frakklandi vegna frumvarps um þjóðarmorð:

# Vara forseta við að skrifa undir

**TYRKLAND, AP** Tyrkir vöruðu Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta í gær við því að skrifa undir lög sem gera það glæpsamlegt að afneita þjóðarmorði Tyrkja á Armenum fyrir tæpri öld. Efri deild franska þingsins samþykkti lögin á mánudagskvöld.

Tyrkir segjast munu grípa til ótilgreindra refsiaðgerða gegn Frakklandi ef lögin taka gildi. Þeir hafa þegar slitið hernaðarlegum, efnahagslegum og pólitískum tengslum við Frakka, og sjá ásakanir um þjóðarmorð sem árás á þjóðarheiður sinn. Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, segir lagafrumvarpið sýna kynþáttafordóma og mismunun gagnvart Tyrklandi.

Flokkur Sarkozys greiddi atkvæði með frumvarpinu og því er fastlega búist við því að hann skrifi undir. Gagnrýnendur frumvarpsins segja að það sé kosningabrella og Sarkozy vilji fá Armena í Frakklandi til að kjósa sig. Ein og hálf milljón Armena lést í þjóðarmorðunum árið 1915, en sagnfræðingar telja flestir að þetta hafi verið fyrsta þjóðarmorð 20. aldarinnar. Tyrkir segja hins vegar að ekki hafi verið um skipulögð morð að ræða á þessum tíma, þegar Ottómanveldið var að líða undir lok. **- þeb**



**LÖGUNUM MÓTMÆLT** Lögin voru samþykkt með atkvæðum 127 þingmanna gegn 86. Alls sátu 24 hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sú tíunda í erfðaröðinni:

# Prinsessa fædd í Danmörku

**DANMÖRK** Ný prinsessa hefur bæst í konungsfjölskyldu Danmerkur, en María prinsessa og Jóakim prins eignuðust dóttur í gærmorgun.

Stúlkan fæddist á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og vó rétt tæp þrjú kíló og var 49 sentimetrar að lengd. Hún er annað barn Maríu og Jóakims, en þau eignuðust soninn Hinrik árið 2009. Jóakim á tvo syni frá fyrra hjónabandi sínu. Nýja prinsessan er sú tíunda í erfðaröðinni að dönsku krúnunni. **- þeb**




Forvirkar rannsóknarheimildir:

# Frumvarp er í þingflokkunum

**ALÞINGI** Frumvarp innanríkisráðherra um forvirkar rannsóknarheimildir hefur verið kynnt í ríkisstjórn og er nú til umfjöllunar í þingflokkum stjórnarflokkanna. Ögmundur Jónasson sagði á þingi í gær að hann mundi leggja áherslu á að flýta framlagningu þess á þingi.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði ráðherra út í frumvarpið. Hún minnti á að fyrir lægi þingmannafrumvarp um sama efni og vildi fá stjórnarfrumvarpið sem fyrst inn í þing. Ögmundur sagði að það væri gríðarlega mikilvægt að skilgreina hvað átt væri við með forvirkum rannsóknarheimildum. Sjálfur teldi hann að þær ættu aðeins við í skipulagðri glæpastarfsemi. **- kóp**



**MENNINGARHÚSIÐ BERG** Á aðalfundi Sparisjóðs Svarfdæla árið 2007 var afráðið að færa Dalvíkingum menningarhús að gjöf. Það var formlega afhent í ágúst 2009. Landsbankinn er nú að taka sparisjóðinn yfir.




# Seðlabankinn gefur eftir stofnfjárkröfu

**Fella á niður kröfur á um 100 einstaklinga sem tóku lán til að kaupa stofnfé í Sparisjóði Svarfdæla. Seðlabankinn óttast ella uppnám við endurskipulagningu fjármálaþjónustu á svæðinu. Ekki eru allir ánægðir.**

**FJÁRMÁL** Stjórn Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. fellir niður kröfur á rúmlega eitt hundrað stofnfjárhafa í Sparisjóði Svarfdæla sem tóku lán hjá Saga Capital á árinu 2007 til að taka þátt í 500 milljóna króna stofnfjáraukningu. Kröfurnar eru metnar á 250 til 280 milljónir.

„Eftir þá ákvörðun Landsbanka Íslands að fella niður lán sem veitt voru í tengslum við stofnfjáraukningu í mörgum sparisjóðum um líkt leyti og umrædd lán mæla sanngirnisrök með því að lánin vegna kaupa á stofnfjárhlutum í Sparisjóði Svarfdæla verði felld niður,“ segir Seðlabankinn sem kveður fjárhagslega hagsmuni sína og ríkissjóðs í málinu vera tiltölulega litla.

„Langvarandi deilur fyrir dómstólum um þetta efni geta tafið verulega fyrir því að ríkissjóður fái til sín eign sína í Sparisjóði Svarfdæla og sett í uppnám endurskipulagningu fjármálaþjónustu á svæðinu. Það er því mat stjórnar ESÍ að almannahagsmunum sé best borgið með því að fella ofangreindar kröfur niður,“ segir í tilkynningu Seðlabankans.

> Við gröfum upp sparifé okkar til þess að taka þátt í þessu gróðafyrirtæki.
>
> **SMÁRI THORARENSEN**
> STOFNFJÁREIGANDI Í SPARISJÓÐI SVARFDÆLA

Að sögn Smára Thorarensen, stofnfjáreiganda í Hrísey, vilja þeir um það bil fimmtíu stofnfjárhafar sem ekki tóku lán fyrir sínum hlut í stofnfjáraukningunni að einnig verði komið til móts við þá. Sjálfur hafi hann borgað 3,7 milljónir króna. Landsbankinn, sem er að kaupa 90 prósenta hlut í Sparisjóði Svarfdæla og þarf samþykki 95 prósenta stofnfjárhafa, hélt fund um málið á Dalvík í gærkvöldi.

„Við gröfum upp sparifé okkar til þess að taka þátt í þessu gróðafyrirtæki. Ef Landsbankinn ætlar að gerast eigandi að þessari stofnun með okkur gömlu stofnfjáreigendunum þá krefjumst við, þessir fimmtíu sem stöndum utan við þessa niðurfellingu lána, þess að fá sömu meðferð og allir aðrir og að okkur sé endurgreitt þetta stofnfé,“ sagði Smári sem kvaðst vonast eftir því að Landsbankinn legði fram eitthvert „tromp“ á fundinum í gærkvöldi. „Ef ekki fæst nein lausn þá höldum við áfram með okkar mál gegn sparisjóðnum.“ **gar@frettabladid.is**




Ljósmynd: Ólöf Vala Sigurðardóttir

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# FENGU DRAUMASTARFIÐ
# AÐ LOKNU TÆKNINÁMI HJÁ NTV!

## Nám sem styrkir þig til vinnu hérlendis sem erlendis

### Kerfisstjóri - 365 stundir (2 annir) - Verð: 515.000
Nám fyrir þá sem vilja vinna sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, bilanagreiningu og viðgerðum á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Þrjú alþjóðleg próf eru innifalin í verði námsins. (Nánari lýsing á ntv.is)

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 119.000
Nám fyrir þá sem vilja starfa á viðgerðasviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið geta nemendur uppfært, bilanagreint og gert við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. (Nánari lýsing á ntv.is)

### MCTS og Netvork+ - 108 stundir - Verð: 153.000
Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvukerfa. (Nánari lýsing á ntv.is)

### Diplomanám í forritun - 282 stundir - Verð: 399.000
Í náminu er lagður traustur þekkingargrunnur að nútíma forritun. Að því loknu hafa nemendur góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem eru notaðar í hugbúnaðargerð og eru færir um að taka 3 alþjóðleg próf sem gefa 2 MCTS gráður. (Nánari lýsing á ntv.is)

### CCNA (Cisco Certified Network Associate) - 85 stundir - Verð: 289.000
CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á. Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeiðið fyrir þig. (Nánari lýsing á ntv.is)

### MCITP - 185 stundir - Verð: 299.000
Mjög öflugt nám í uppsetningu á netþjónum. Innifalin eru 3 alþjóðleg próf sem gefa gráðuna: Microsoft Certified IT Professional. (Nánari lýsing á ntv.is)

### Exchange Server 2010 - 58 stundir - Verð: 99.000
Markvisst nám í uppsetningu og rekstri á Exchange 2010 póstþjónum.

Atvinnulausir fá 25% afslátt
af auglýstu staðgreiðsluverði.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 - KÓPAVOGI - SÍMI 544 4500 - WWW.NTV.IS



**ÁRAMÓT Í AUSTURHEIMI** Áramót voru haldin hátíðleg í mörgum löndum Asíu í gær þegar ár drekans hóf göngu sína samkvæmt kínverska tungltímatalinu. NORDICPHOTOS/AFP

Utanríkisráðherra Sýrlands tjáir sig eftir að Arababandalagið ákvað að fara burt:

# Segir samsæri gegn Sýrlandi

**SÝRLAND, AP** Utanríkisráðherra Sýrlands segir „hálfan heiminn“ vera viðriðinn samsæri gegn landinu. Arababandalagið dró eftirlitsnefnd sína til baka frá landinu í gær vegna þess að stjórnvöld í Sýrlandi hafa ekki hætt að beita borgara sína ofbeldi.

Walid al-Moallem utanríkisráðherra gaf í skyn í gær að stjórnvöld myndu áfram brjóta mótmælin á bak aftur. Sameinuðu þjóðirnar telja að 5.400 manns hafi látið lífið síðan uppreisnin hófst í mars í fyrra. Stjórnvöld hafa sagt uppreisnina vera samsæri sem vopnaðir hópar standi á bak við. Al-Moallem sagði að nú tækju arabaríki þátt í samsærinu.

Nú hefur samstarfsvettvangur Persaflóaríkja óskað eftir því við Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að gripið verði til aðgerða til þess að neyða stjórnvöld í Sýrlandi til að fara eftir friðaráætlunum Arababandalagsins. Þau kveða á um að þjóðstjórn verði komið á og að Assad forseti afhendi varaforseta völdin.

Fregnir bárust af því í gær að sýrlenskir hermenn hefðu skotið á hundruð manna í þorpinu al-Barra í norðurhluta landsins. Fólkið hafði komið saman í jarðarför. Sex eru sagðir hafa slasast. **- þeb**



**UTANRÍKISRÁÐHERRANN** Al-Moallem segir hálfan heiminn í samsæri gegn Sýrlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mistök í Danmörku:

# Fengu of mikið greitt í lottóinu

**DANMÖRK** Mistök ollu því að um fjörutíu þúsund Danir töldu sig hafa unnið hærri upphæð í lottóinu um helgina en raunin var.

Tuttugu manns var sagt að þeir hefðu unnið rúmlega 170 þúsund danskar krónur, eða um 3,7 milljónir íslenskra króna. Í rauninni höfðu spilararnir unnið jafnvirði um 47 þúsund íslenskra króna.

Mistök lottósins voru að þeir sem höfðu fengið fjórar tölur réttar fengu greiddan út vinninginn fyrir fimm tölur réttar, og koll af kolli. **- þeb**


*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Hagnýt verkefnastjórnun**

Afar gagnlegt og hnitmiðað nám fyrir þá sem koma að stjórnun verkefna, hvort sem þau eru stór eða lítil. Heimsþekkt aðferðarfræði kennd (PRINCE2) ásamt áhættugreiningu, breytingastjórnun, áætlanagerð með Project, skipulagningu með aðstoð hugarkorta og margt margt fleira. Halldór Kristjánsson verkfræðingur kennir.

Bættu þér í hóp þeirra rúmlega 630 einstaklinga sem hafa sótt verkefnastjórnunarnám hjá okkur á liðnum árum.

Þriggja vikna nám hefst 6. febrúar (9:00-12:00)
Föstudagsnám hefst 10. febrúar (9:00-12:00)

Verð aðeins 89.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is







# Dregur úr flutningum þó fleiri fari en komi

**Færri fluttu frá landinu árið 2011 en árin þar á undan. Engu að síður flytja fleiri frá landinu en til þess. Tæplega sjö þúsund fluttu frá Íslandi í fyrra en tæplega 5.600 til landsins. 2.754 erlendir ríkisborgarar fluttu til landsins í fyrra.**

**FÓLKSFJÖLDI** Enn flytja fleiri frá landinu en til þess, þrátt fyrir að heldur hafi dregið úr brottflutningi. Tölur frá Hagstofu Íslands sýna að árið 2011 fluttu 6.982 frá landinu, en 5.578 til landsins. Árið 2010 fluttu 7.759 frá Íslandi en 5.625 til landsins.

Þetta þýðir að brottfluttir umfram aðflutta voru 1.404 í fyrra. Íslenskir ríkisborgarar eru í meirihluta þeirra sem fluttu frá landinu, eða 4.135 miðað við 2.847 erlenda ríkisborgara. Þeir eru einnig í meirihluta þeirra sem flytja til landsins og brottfluttir íslenskir ríkisborgarar umfram aðflutta eru 1.311. Alls fluttu 2.754 erlendir ríkisborgarar til landsins árið 2011.

Flestir íslenskir ríkisborgarar fluttu til Noregs, Danmerkur eða Svíþjóðar; 3.022 af þeim 4.135 sem fluttu. Þar af fóru 1.508 til Noregs, sem er vinsælasti áfangastaður brottfluttra. Flestir sem hingað flytja koma einnig frá þessum þremur löndum, eða 2.113 af 2.824.

Erlendir ríkisborgarar flytja flestir til Póllands, eða 1.000 af 2.847 alls. Þaðan fluttu líka flestir erlendir ríkisborgarar til landsins, eða 768.

Langflestir þeirra sem flytja af landi brott eru undir þrítugu, tæplega 1.300 á aldrinum 25 til 29 og um 1.200 á aldrinum 20 til 24 ára.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni hófust miklir búferlaflutningar til og frá landinu árið 2004 sem standa enn. Á árunum 2004 til 2008 fluttist 15.921 til landsins umfram brottflutta. Síðustu þrjú ár hefur það snúist við og hafa 8.373 flutt af landi brott umfram aðflutta.

Árið 2008 fluttu tæplega 7.500 erlndir ríkisborgarar til landsins. Úr því hefur dregið við hrun, en þó fluttu 3.392 hingað árið 2009, 2.988 árið 2010 og 2.754 í fyrra.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**BERGEN Í NOREGI** Í fyrra fluttu flestir íslenskir ríkisborgarar til Noregs eða alls 1.508 manns. MYND/BJÖRGÓLFUR HÁVARÐSSON

**Brottfluttir umfram aðflutta**







# Sparaðu með Miele

**Með því að velja Miele eldhústæki leggur þú grunn að langtímasparnaði og hærra endursöluverði íbúðarinnar.**

- Hraðhitun
- Jöfn hitadreifing
- Auðveld þrif
- Klassísk hönnun
- Keramikhelluborð, verð frá kr. 113.995
- Ofnar, verð frá kr. 126.995



**Care Collection** hreinsiefni og klútar, sérstaklega framleitt fyrir Miele ofna og helluborð.

*Farðu alla leið með Miele*

vilborga@centrum.is

Miele EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




ENNEMM / SÍA / NM49712

# > Saman náum við árangri

Við þekkjum þetta. Við vitum hvað metnaður og atorka skipta miklu máli.
En við vitum líka að samvinnan er lykillinn að framúrskarandi árangri.

Samskip styðja með stolti við bakið á strákunum okkar.

SAMSKIP

www.samskip.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Barnahús er besti kosturinn fyrir börnin:

## Að sniðganga besta kostinn

Starfsemi Barnahúss hefur staðið frá árinu 1998. Hlutverk þess er að sinna málum barna sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreiti.

Fljótlega eftir að starfsemi hússins hófst kom í ljós góður árangur af starfinu og starfið í húsinu hefur á þeim árum sem liðin eru frá stofnun þess fengið viðurkenningar og verið fyrirmynd að sambærilegum húsum í öðrum löndum.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Forstjóri Barnaverndarstofu greindi í erindi sínu á á ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota frá nýrri rannsókn Barnaverndarstofu sem sýnir að börn sem þarf að taka af skýrslu vegna kynferðisbrota eru ánægðari með upplifun sína í Barnahúsi en í húsakynnum dómstóla. Könnuð var ánægja með skýrslutöku, viðhorf til þeirra sem skýrslurnar tóku og ánægja með upplýsingar bæði fyrir og eftir skýrslutöku. Þá var spurt um líðan eftir skýrslutöku og hvort viðkomandi hefði þótt erfitt að bera vitni. Allar voru niðurstöðurnar á einn veg að ánægja og líðan var betri í tengslum við skýrslutöku í Barnahúsi en þegar hún fer fram í dómhúsi.

Þegar kynferðisbrot gegn barni er rannsakað af lögreglu fer staðsetning skýrslutöku eftir ákvörðun dómara sem komast því miður ekki alltaf að þeirri niðurstöðu að hún eigi að eiga sér stað í Barnahúsi. Í Héraðsdómi Reykjavíkur hefur til að mynda verið komið upp sérstakri aðstöðu til að yfirheyra börn sem lítur vel út við fyrstu sýn en hlýtur að sæta furðu í ljósi þess að besti kosturinn er í boði í næsta nágrenni.

Eins og Bragi bendir á í frétt blaðsins í gær skiptir það sköpum að taka skýrslur af börnum við bestu mögulegu aðstæður. Það skiptir máli fyrir líðan barnsins, eins og gefur augaleið, en líka fyrir rannsókn máls, því að þeim mun betur sem barninu líður við skýrslutökur þeim mun meiri líkur eru á að fá skýra og ítarlega tjáningu þess.

Í ljósi þessa er það undrunarefni að lögregla og dómstólar skuli ekki alltaf leita til Barnahúss þegar barn þarf að greina frá kynferðisbrotum sem það hefur verið beitt. Hér er það besta í boði en það er ekki nýtt í öllum tilvikum þótt um sé að ræða svívirðileg brot gegn börnum.

Dæmi eru einnig um að það hafi spillt málum að láta barn ítrekað greina frá ofbeldi áður en það gefur skýrslu í Barnahúsi. Skemmst er að minnast hæstaréttardóms frá fyrri hluta síðasta árs þegar maður var sýknaður af ákæru um kynferðisbrot gegn fimm ára barni. Í því tilviki gaf barnið vissulega skýrslu í Barnahúsi en ekki fyrr en rúmum mánuði eftir að það greindi lögreglu fyrst frá málinu. Í millitíðinni var barnið ítrekað yfirheyrt um atvikið hjá sálfræðingi, auk þess sem móðir þess lét það greina frá atburðinum. Sá gangur mála var talinn rýra sönnunargildi vitnisburðar barnsins.

Í landi þar sem til er Barnahús sem hefur verið fyrirmynd sambærilegra húsa víða um heim ætti slíkt aldrei að gerast. Sömuleiðis sætir furðu að stærsti dómstóll landsins skuli ekki taka þjónustu Barnahúss fagnandi í hverju því máli sem snýst um kynferðisbrot gegn barni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Áróður Landlæknis

Síðustu þrjú árin hafa árlega verið gerðar að minnsta kosti 550 brjóstaaðgerðir á konum. Inni í þessum tölum er ekki að finna brjóstauppbyggingar eftir krabbamein. Nú kynni einhver að spyrja sig hvað valdi því að svo margar konur telji sig þurfa að stækka brjóst sín með ærnum tilkostnaði, í stað þess að sætta sig við sitt náttúrulega útlit. Svarið er án efa ekki einhlítt, en ef bæklingar sem Landlæknisembættið gefur út hafa yfirleitt áhrif, sem hlýtur að vera markmið þeirra, má velta því fyrir sér hver áhrif bæklingsins frá 2002 hafa verið. Fyrsta setning hans er svona: „Stærð og lögun brjósta hefur um langan aldur tengst ímynd fagurskapaðrar konu.“



### Tvílembingarnir

Fyrir þá sem fylgjast með umræðum á Alþingi eru það góðar fréttir ef Össur Skarphéðinsson er á mælendaskrá. Hvað sem mönnum um hann finnst velkjast fáir í vafa um að hann sé skemmtilegur. Í umræðum á Alþingi í gær átti hann í orðaskaki við Gunnar Braga Sveinsson um fylgi flokka og varð tíðrætt um tvílembinga í Framsókn, Gunnar og Sigmund Davíð.



### Lömbin þagna

Gunnar setti spurningarmerki við nafngiftina og ekki stóð á Össuri að svara. Það hefði hingað til verið eftirsóknarvert að vera líkt við hrútlamb og hann hefði gert það af virðingu við landbúnaðinn. Framsókn mætti hins vegar hugsa sinn gang. „Framsóknarflokkurinn er eins og lítið lamb á eftir ánni þar sem hann lallar í humátt á eftir Sjálfstæðisflokknum,“ sagði ráðherrann og var helst að skilja á honum að Framsókn þyrfti að finna sitt eigið jarm annars myndu lömbin endanlega þagna.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Djúpir eru Íslandsálar

Nýr Landspítali



Ingimundur Gíslason

augnlæknir

„Djúpir eru Íslandsálar, en þó munu þeir væðir vera,“ sagði tröllkonan sem ætlaði að vaða frá Noregi til Íslands. Íslenskir læknar í starfi ytra eru þó ekki eins bjartsýnir um heimkomu og tröllkonan forðum. Í huga þeirra er einkum tvennt sem veldur þeirri dökku sýn: Laun og önnur lífskjör eru betri í útlöndum en á Íslandi. Öll starfsaðstaða er víðast hvar til fyrirmyndar, oft svo að um munar. Hér er sérstaklega hafður í huga samanburður við stærsta vinnustað lækna á Íslandi, Landspítala-Háskólasjúkrahús.

Nærtæk dæmi, sem undirritaður þekkir vel, er aðstaða augnlækningadeildar og hún er líka vettvangur kennslu læknanema í Háskóla Íslands. Þegar deildin var til húsa í Landakoti fór augnbotnamyndataka fram inni á litlu salerni við mikil þrengsli. Mörgum þiggjendum þjónustunnar varð oft illa brugðið en öðrum skemmt. Við sameiningu Landakotsspítala og Landspítala var augnlækningadeildinni holað niður í gömlu og aldeilis ófullnægjandi íbúðarhúsnæði í talsverðri fjarlægð frá öðrum byggingum spítalans. Skurðstofa fyrir augnaðgerðir í svæfingu er til að mynda í aðalbyggingu spítalans. Á leið sinni þangað sem oftar var undirritaður einu sinni nærri því að verða úti í aftakaveðri og stórhríð. Fjarlægðin á milli og fleiri ókostir, sem verða þó ekki tíundaðir hér, eiga sinn þátt í því að stór hluti göngudeildarþjónustunnar, megin stofns augnlækninga, hefur flust út í bæ og er starfrækt á mörgum stöðum, öllum til óþæginda og hefur um leið orðið til þess að rýra gæði sérhæfðrar þjónustu við sjúklinga.

Nefna mætti mýmörg önnur dæmi um það hvernig starfsfólki á Landspítala og sjúklingum er misboðið með ófullnægjandi vinnuaðstöðu í þröngu og úreltu húsnæði á víð og dreif um borgina.

Læknar í sérfræðinámi ytra og í starfi þar á sjúkrahúsum og heilsugæslu hafa kynnst húsakynnum sem fullnægja flestum kröfum um hentugleika og aðlaðandi vinnuumhverfi. Þeim liggur ekkert sérstaklega á að færa sig um set, yfir hafið.

Eigi íslenskir læknar að geta tekið undir með skessunni þarf nýbygging Landspítala að verða að veruleika eins fljótt og auðið er. Þá munu þeir efalaust leggja á vaðið í átt til Íslands.

En tíminn er að renna út.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Strákarnir okkar

Menning
Andri Snær Magnason
rithöfundur






Myndin hér til hliðar er af svokölluðu Gullaldarliði Fylkis sem varð Íslandsmeistari í knattspyrnu árið 1986 – þegar leikmenn voru 13 og 14 ára. Morgunblaðið og DV lögðu heilsíður undir þennan úrslitaleik og Halldór Halldórsson á DV kallaði liðið aldrei annað en Gullaldarlið Fylkis. Á þessum árum spilaði meistaraflokkurinn ýmist í annarri eða þriðju deild. Strákarnir höfðu engar glæstar fyrirmyndir til að miða sig við en ég man að ég hugsaði þegar þeir unnu þennan fyrsta Íslandsmeistaratitil félagsins: Ef strákarnir verða áfram jafn góðir og jafnaldrarnir í KR og ÍA ætti Fylkir séns á Íslandsmeistaratitli árið 2000. Þeim sem horfði eingöngu á meistaraflokkana spila í þriðju deild hefði þótt slíkar væntingar fáránlegar.

Þessi samanburður flaug mér í hug þegar niðurstöður um læsi ungra pilta birtust nýlega. Alþjóðlegar Pisa-kannanir sýndu að um 23% 15 ára stráka á Íslandi teldust ekki geta lesið sér til gagns á móti 9% stúlkna. Þessi þrefaldi kynjamunur er athyglisverður, vegna þess að kynin eru saman í bekk, sitja í sömu tímum, hafa sömu kennslubækur og búa við sömu aðstæður. Þetta ólæsi veldur lélegum árangri í stærðfræði – vegna þess að strákarnir eiga erfitt með að skilja orðadæmi.

Í nágrannalöndum okkar fer veraldlegur auður yfirleitt saman við menntastig og læsi. Hér á landi er þessu öfugt farið. Við erum eina landið í Pisa-könnuninni þar sem tengslin eru neikvæð. Því meiri veraldlegar eigur á heimili, því meiri líkur á lélegum árangri í lesskilningi. Mælingar benda til þess að lestur framhaldsskólanema fari minnkandi en á sama tíma hafa fjárveitingar til skólabókasafna dregist saman. Í íslenskum grunnskólum er minni tíma varið til móðurmálskennslu en í grunnskólum annars staðar á Norðurlöndum og kennaraefni hér á landi fá sífellt minni menntun í íslensku.

Ég velti fyrir mér – ef staðan er svona núna – hvernig verður staða Íslands eftir 15 ár ef þessar niðurstöður eru ekki teknar alvarlega? Ef þetta endurtekur sig ár eftir ár? Höfum við efni á að sóa hæfileikum fjórðungs drengja af heilli kynslóð? Ef menntun er grundvöllur hagsældar – og lestur er grundvöllur menntunar – hvernig verður hagvöxturinn ef fjórðungur strákanna hefur engan aðgang að rituðum upplýsingum heimsins? Ef læsi er grundvöllur fyrir upplýstu lýðræði – hvað kjósa menn eftir 15 ár? Og ef staðan er svona meðal íslenskra drengja – hvernig er hún þá meðal barna sem eru af erlendu bergi brotin? Hversu hörmulega höfum við þá brugðist þeim og framtíðarmöguleikum þeirra?

Kynjamunur af þessu tagi er algengur á hnignandi jaðarsvæðum um víða veröld. Þar sem strákarnir ætla sér beint í skógarhöggið, verksmiðjuna eða námuna en stelpurnar sjá menntun sem leið til að komast burt og ná sér í maka og betra líf annars staðar. En þessi munur sést hér í Reykjavík – þar sem engin augljós störf bíða þeirra sem ekki afla sér menntunar. Stelpurnar hljóta þá að fara ef strákarnir hafa tekið ákvörðun um að verða andlegir eftirbátar þeirra. Það má velta fyrir sér hvort óbeit á jafnréttisbaráttu sem hefur verið ríkjandi hjá ungum strákum megi túlka sem óméðvituð viðbrögð við þessu ástandi.

Fylkir hefur verið í fyrstu deild frá árinu 1999 – liðið hefur verið hársbreidd frá Íslandsmeistaratitli en bikartitilinn hafa þeir unnið í tvígang. Uppistaðan í því liði var gullaldarliðið frá 1986 – Kiddi, Tóti, Gunni og Finnur ásamt yngri strákum sem litu upp til þeirra. Einhver gæti sagt að gott fótboltalið sé óhjákvæmilegt í barnmörgu og vaxandi hverfi – en sú er alls ekki raunin. Breiðholtið er stærra en Árbærinn og þar hefur sami árangur ekki náðst. Gullaldarstrákarnir urðu ekki svona góðir vegna þess að það voru leikfimitímar í Árbæjarskóla. Sigursteinn var frábær kennari – en það þarf meira til ef menn vilja skara framúr.

Þennan árangur má fyrst og fremst þakka áhuga foreldra og endalausri sjálfboðavinnu hugsjónamanna sem störfuðu fyrir Fylki. Áhugi fjölmiðla var strákunum hvatning, heilsíður í DV og Mogga skiptu máli. Aðstaða þeirra til æfinga var ekkert til að hrópa húrra fyrir – þótt rauðamölin væri óvenju góður malarvöllur var aðstaðan stórbætt með samhentu átaki. Allt bendir til þess að sambærilega vinnu þurfi í samfélaginu öllu til að tryggja læsi og lestur. Strákarnir þurfa fyrirmyndir og hvatningu – ekki síst heima hjá sér, ekki síst frá feðrum sínum og þeir þurfa góðar bækur.

Ég hef stundum spurt fólk: Hvað heita mest lesnu bækur á Íslandi? Yfirleitt hefur fólk svarað: Símaskráin? Biblían? Arnaldur? En mest lesnu bækur á Íslandi hafa sjaldan fengið umfjöllun í fjölmiðlum og þær fá aldrei dóma. Þær heita nöfnum eins og Sproti, Glimrende, Matrix, Mályrkja, Lífheimurinn, Glói geimvera. Ég hef aldrei séð umfjöllun um þessar bækur, aldrei séð sérfræðinga eða kennara velta fyrir sér hvort þær teljist góðar eða slæmar, skemmtilega eða leiðinlega skrifaðar. Hvort þær séu úreltar, hvort þær mættu vera fleiri og fjölbreyttari og hvaða höfundar eru bestir.

Ætla má að 40.000-60.000 börn lesi bók sem er notuð í 10-20 ár. Á meðan Arnaldur semur nýja bók á hverju ári þykir æskilegt að nýta kennslubækur sem lengst, það hefur þótt óþarfa kostnaður að semja og prenta bók fyrr en gamla upplagið er dottið í sundur. Það var til dæmis áfall þegar Berlínarmúrinn féll og allar landafræðibækur urðu úreltar. Ef eitthvað er verra en sögulegur atburður sem eyðileggur sögubækurnar þá eru það ungir fræðimenn sem kollvarpa gömlum sannindum.

Skólabækurnar eru aldrei settar í samhengi við góðan eða slakan árangur í alþjóðlegum könnunum. Hvaða bækur nota þjóðir sem standa sig best? Við ræðum aldrei hvaða viðmið við eigum að nota þegar kemur að menntun. Hver skilgreinir hvað börn eiga að vita og kunna? Furðufiskar og lífríkið í hafinu kringum Ísland ætti að vera örvandi fyrir ímyndunaraflið. Ættu 10 ára krakkar á Íslandi ekki að hafa æði fyrir fiskum eða hvölum? Þeir ættu allir að vilja verða kafarar og sjávarlíffræðingar. Eða hvað? Ákvað einhver að þeir ættu ekki að hafa áhuga? Eða erum við almennt hlutlaus og meðvitundarlaus um menningarheim barna og unglinga? Eldvirkni og eldgos síðustu ára ættu að fylla þá löngun til að verða jarðfræðingar og vísindamenn. Íslendingasögurnar og bókmenntirnar eiga að fylla þá draumum um að verða skáld eða fornleifafræðingar. Hversu margar bækur ættu grunnskólakrakkar að fá til eignar? Hvort myndi duga þeim lengur – ipad eða 300 blaðsíðna bók í lit um allt sem viðkemur eldgosum, regnskógum og furðufiskum?

Strákarnir okkar hafa tileinkað sér margt í nútímatækni og heimurinn er fullur af spennandi tækifærum og flottum græjum. Séu þær notaðar rétt geta þær gert okkur læsari, klárari og auðugri menningarlega. Þær gefa okkur áður óþekkt vald til að skapa og miðla. Möguleikar til að fræðast um heiminn og tengjast fólki um víða veröld eru meiri en nokkru sinni fyrr. En mikilvægustu upplýsingarnar eru ekki á Youtube. Sá sem ekki hefur þjálfað sig í lestri hefur takmarkaðan aðgang að heimi vísinda, tækni og heimspeki. Aðgangur að trúarbrögðum, ljóðlist og hugmyndasögu heimsins verður lítill sem enginn. Ef Ísland á að eignast góða kennara, eðlisfræðinga, hjúkrunarfræðinga og verkfræðinga verðum við að vera læs og víðlesin. Læsi er lykillinn að erlendum tungumálum, án læsis getum við ekki ræktað okkar eigin sögu, tungu og menningu. Án færni í eigin móðurmáli er erfitt að miðla hugsunum sínum og hugmyndum í rituðu og mæltu máli.

Margir hafa spjarað sig í lífinu ólæsir – en þessi hópur sem nú mælist illa læs er svo stór að það má líkja ástandinu við áskapaða fötlun eða vítavert sinnuleysi. Í þessum fjórðungi stráka sem ekki geta lesið sér til gagns liggur stærsta vannýtta auðlind þjóðarinnar – tækifærin eru svo mörg að þau fylla heilu bókasöfnin. Ef ekki er brugðist við af krafti blasir við að strákarnir okkar og þjóðin öll – falli niður í þriðju deild.

> Skólabækurnar eru aldrei settar í samhengi við góðan eða slakan árangur í alþjóðlegum könnunum. Hvaða bækur nota þjóðir sem standa sig best? Við ræðum aldrei hvaða viðmið við eigum að nota þegar kemur að menntun. Hver skilgreinir hvað börn eiga að vita og kunna?

**Kia Sorento 4x4**
Eigum úrval notaðra Kia Sorento sportjeppa, dísil eða bensín. Nánar á askja.is
**Verð frá 2.290.000 kr.**



**Volkswagen Passat**
▸ TILBOÐSBÍLL
árg. 2007, ekinn 62 þús. km. 1968cc, dísil, sjálfsk.
Verð áður 2.980.000 kr.
▸ **Verð nú 2.790.000 kr.**



**Kia cee'd**
Eigum úrval notaðra Kia cee'd fólksbíla, dísil eða bensín. Nánar á askja.is
▸ **Verð frá 1.990.000 kr.**



**Mitsubishi Pajero 4x4**
árg. 2007, ekinn 147 þús. km. 2900cc, dísil, sjálfsk.
**Verð 5.190.000 kr.**



**Subaru Forester 4x4**
▸ TILBOÐSBÍLL
árg. 2009, ekinn 30 þús. km. 2000cc, bensín, beinsk.
Verð áður 3.550.000 kr.
▸ **Verð nú 3.090.000 kr.**



**Toyota Avensis**
árg. 2006, ekinn 112 þús. km. 1794c, bensín, sjálfsk.
**Verð 1.890.000 kr.**



**Hyundai Tuscon 4x4**
▸ TILBOÐSBÍLL
árg. 2008, ekinn 93 þús. km. 2656cc, bensín, sjálfsk.
Verð áður 2.650.000 kr.
▸ **Verð nú 2.390.000 kr.**



**Peugeot 307**
árg. 2005, ekinn 72 þús. km. 1400cc, bensín, beinsk.
**Verð 1.290.000 kr.**



ASKJA
**ASKJA** · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

# Kafteinn Evrópa og þjóðernishyggjan

Evrópusambandið

Gunnar Bragi Sveinsson
alþingismaður



Það er freistandi fyrir óvandaða stjórnmálamenn, fræðimenn og aðra sem telja sig þurfa að koma óorði á pólitíska andstæðinga að kenna þá við þjóðernisöfgar. Þetta bragð er þekkt í ríkjum þar sem Evrópuaðild er rædd, þ.e. að talsmenn ESB-aðildar reyna að mála andstæðinga sína upp sem þjóðernisöfgamenn. Til stuðnings þessu eru tínd til ýmis alvanaleg atriði eins og notkun íslenska fánans, sýningar á þjóðaríþróttinni og það að talað sé um tækifæri Íslands í framtíðinni á jákvæðan hátt. Í kjölfarið koma svo samlíkingar við fasisma og þjóðernisáróður þýskra nasista, sem í næstu setningu er svo minnt á að sé einmitt það sem ESB var upphaflega stofnað til að sporna gegn. Þannig gefur rökfærslan í skyn að þeir sem séu á móti ESB séu með þjóðernisöfgum og áróðri.

**Hið þjóðernissinnaða Evrópusamband**

Þetta eru auðvitað þægileg og hentug stóryrði, sérstaklega nú þegar óhamingju ESB-sinna verður allt að vopni í skuldakreppunni í Evrópu og óvissunni um framtíð ESB. En sannleikurinn er allt annar. Í örvæntingu sinni gleyma þeir hversu mikla þjóðernistilburði Evrópusambandið sýnir sjálft. Evrópusambandið sýnir nefnilega mikla tilburði til að koma fram sem þjóðríki og gengur í raun miklu lengra en t.d. nokkur íslenskur stjórnmálaflokkur við að koma inn þjóðernishugsun hjá íbúum sambandsins og vonbiðlum þess.

Ýmis dæmi má nefna um þetta. ESB-sinnar segja t.d. að notkun íslenska fánans sé merki um þjóðernisöfgar ESB-andstæðinga. Í því sambandi má benda á að ESB leggur mikla áherslu á hinn bláa, stjörnum prýdda fána sinn. Fáninn er mikið notaður í ESB-ríkjunum, í raun mun meira en íslenski fáninn er notaður á Íslandi, t.d. er honum flaggað allt árið við stjórnarbyggingar í mörgum ríkjum og er t.d. notaður á númeraplötur bíla. Ekki er langt síðan kommissararnir í Brussel vildu að íþróttamenn allra ESB-landanna bæru stjörnufánann á búningum sínum, en sú tillaga hefur reyndar farið öfugt ofan í aðildarríkin. ESB hefur auk þess sinn eigin „þjóðhátíðardag“ og eigin „þjóðsöng“. Allt eru þetta hefbundin þjóðernistákn sem ESB heldur óspart á lofti til að innprenta þegnum sambandsins þá hugsun að þeir séu þegnar hins yfirþjóðlega Evrópuríkis. Ein þjóð í einu ríki.

> Það er staðreynd að draumaland ESB-sinna er eitt skýrasta dæmi sem þekkist í dag um þjóðernisáróður. Það að ekki er um þjóðríki að ræða heldur samband þjóðríkja gerir áróðurinn ekkert betri eða öðruvísi…

Fyrir utan þessi augljósu merki um þjóðernishugsun ESB (sem eru vissulega kaldhæðnisleg í ljósi uppruna sambandsins) eru ótaldir hinir gríðarlegu fjármunir sem Evrópusambandið veitir ár hvert til verkefna sem uppfylla markmiðið um að innræta íbúum álfunnar hugsjónina um hið sameinaða Evrópuríki. Nærtækasta dæmið eru aðlögunarstyrkirnir sem ESB veitir Íslandi, sem skýrt er kveðið á um að skuli vera jákvætt sýnilegir í íslensku samfélagi. Önnur dæmi eru t.d. að ESB greiðir 5% af framleiðslukostnaði sjónvarpsefnis með „Evrópujákvætt“ innihald, fræðimenn fá greitt fyrir fyrirlestra sína ef innihaldið sýnir sjónarmið ESB og fríblöðum sem fjalla um ágæti ESB er dreift á milljónir heimila í aðildarríkjunum árlega. Það er því leitun að nokkru þjóðríki sem í dag ver jafn miklum fjárhæðum til „þjóðernisáróðurs“ og Evrópusambandið.

**Kafteinn Evrópa og krakkarnir**

Þó er nú líklega lengst gengið gagnvart börnunum. Eins og áróðursmeistarar fyrri áratuga veit Evrópusambandið að lykillinn að árangri er að ala upp hugsjónafólk frá unga aldri. Sambandið eyðir mikilli orku og fjármunum í útgáfu á kynningarnámsefni um ESB sem dreift er frítt í aðildarlöndunum, allt frá Evrópulitabókum fyrir leikskóla upp í glansbæklinga sem dásama samvinnu ESB-ríkjanna fyrir eldri börn. Þá er ótalið fyrirbærið „Captain Euro“, eða Kafteinn Evrópa, (www.captaineuro.com) teiknuð ofurhetja sem í nafni „Tólfstjörnu-stofnunarinnar“ berst gegn óréttlæti og glæpamönnum sem vilja sundra Evrópu. Er 21. öldin gengur í garð breytist heimurinn hraðar en nokkru sinni fyrr. Gamalt skipulag hverfur og nýtt tekur við en því fylgir óvissa um framtíðina. Í þessu umhverfi stöðugra breytinga hefur Evrópusambandið, samband velmegunar og nýsköpunar, komið fram sem risaveldi á heimsvísu. Tólfstjörnu stofnunin var sett á laggirnar til að verja öryggi Evrópu og verja markmið sambandsins… þar sem einn hugrakkur maður heldur eilífri árvekni, KAFTEINN EVRÓPA, evrópska ofurhetjan!“

Ef það að flagga íslenska fánanum er talið vera þjóðernisöfgar, hvað myndu ESB-sinnar þá segja um það ef „Kafteinn Ísland“ kæmi fram á svipuðum forsendum og þarna? Það er staðreynd að draumaland ESB-sinna er eitt skýrasta dæmi sem þekkist í dag um þjóðernisáróður. Það að ekki er um þjóðríki að ræða heldur samband þjóðríkja gerir áróðurinn ekkert betri eða öðruvísi, heldur gerir hann bara öflugari og lævísari gagnvart börnum á mótunaraldri. Kafteinn Evrópa er lýsandi dæmi um lævísan áróður.




# Skáldskapur og veruleiki

Menning

Páll Valsson
rithöfundur og ritstjóri



Guðrún Jónsdóttir skrifar grein í Fréttablaðið þar sem hún lýsir óánægju sinni með bók Hallgríms Helgasonar, Konan við 1000°, en Hallgrímur hefur ekki farið dult með að ýmislegt í ævi og fari aðalpersónunnar, Herbjargar Maríu Björnsson, eigi sér rætur í lífi Brynhildar Georgíu Björnsson, móður Guðrúnar. Guðrún bendir meðal annars lesendum á að vilji þeir kynna sér ævi móður sinnar sé betra að lesa ævisögu Brynhildar Georgíu, Ellefu líf.

Þar hefur Guðrún hárrétt fyrir sér því skáldsaga Hallgríms er alls ekki ævisaga Brynhildar Georgíu, eins og hann tekur reyndar mjög rækilega fram í aðfaraorðum að skáldsögunni. Og sem skáldsaga lýtur hún lögmálum skáldskapar og þeim einum. Alkunna er og alsiða að rithöfundar heyja sér efni í bækur sínar úr hinu daglega lífi, fyrr og nú, og búa til úr þeim sínar eigin sögur. Ýmsar þekktustu og ástsælustu persónur íslenskra bókmennta eiga sér fyrirmyndir, þótt engum komi til hugar að kalla skáldsagnapersónurnar til vitnis um hið raunverulega líf fyrirmyndanna.

> Þess vegna held ég að áhyggjur Guðrúnar af mannorði móður sinnar séu óþarfar.

Við lesum til að mynda ekki Heimsljós eftir Halldór Laxness til þess að kynna okkur líf Magnúsar Hjaltasonar, sem var fyrirmynd Halldórs að Ólafi Kárasyni. Oftlega og einatt þarf höfundur að laga efnið í hendi sér svo sagan nái tilgangi sínum og bókmenntalegum markmiðum. Jafnvel í bókum sem liggja á heldur óskýrum mörkum skáldskapar og veruleika grípa höfundar til þess að víkja frá „sannleikanum“ þegar bókmenntaleg nauðsyn krefur; þekkt dæmi um slíkt er Íslenskur aðall eftir hinn annars óljúgfróða höfund Þórberg Þórðarson.

Konan við 1000° er viðburðarík saga um stórbrotna konu sem lifir ótrúlega tíma, enda er skáldsagan öðrum þræði saga tuttugustu aldar. Ekki var allt fallegt í þeirri sögu og óhjákvæmilegt að örlög persónu sem látin er spegla hina blóðugu öld dragi af því nokkurn dám. Trúlega hefur saga Brynhildar Georgíu leitað svo sterkt á Hallgrím vegna þess að í gegnum hana fær snjall höfundur frábært tækifæri til þess að skoða liðna öld í öllum sínum fjölbreytileika; frá hinni dýpstu eymd til hæstu hæða. Tæplega hvarflar að nokkrum lesanda að sá sé að lesa sanna ævisögu Brynhildar Georgíu, og skorinorð aðfaraorð höfundar taka þá af öll tvímæli í því efni. Þess vegna held ég að áhyggjur Guðrúnar af mannorði móður sinnar séu óþarfar. Þvert á móti held ég að skáldsaga Hallgríms kalli á bæði virðingu og samúð með söguhetjunni – og þá ef til vill á forvitni til þess að kynna sér raunverulega sögu þeirrar merkilegu konu sem blés skáldinu sagnaranda í brjóst.

Yale® DOORMAN

# Opnaðu einfaldlega

## – með Yale Doorman




*Lás og hurðarhúnn í einu stykki.*

Nýi Yale Doorman stafræni lásinn er einföld og örugg lausn til að opna og loka útihurðum og innihurðum (IP55). Passar í samskonar úrtak og ASSA læsingar. Lásinn er hægt að opna með því að slá inn númer, nota kort með rafrænum nema (Mifare, 3 kort fylgja með) eða með fjarstýringu (aukahlutur). Mjög auðvelt er að skipta um númer, skipta út korti eða fjarstýringu. Alltaf er hægt að komast inn með númeri og vandamálið með að gleyma lykli er úr sögunni. Tengingar eru einfaldar og endingartími rafhlaða er langur.



**Opnaðu á einfaldan hátt:** Sláðu inn númer, með korti með rafrænum nema (Mifare) eða fjarstýringu. Lásinn er hægt að stilla þannig að hann læsist sjálfkrafa þegar hurð er lokað og setja í öryggisstillingu ef farið er að heiman þannig að ekki sé hægt að opna lás að innan. Talaðar leiðbeiningar á ensku, dönsku, sænsku og norsku. Innbyggð þjófavörn 80 Db.

ASSA ABLOY

**Útsölustaður:** Láshúsið ehf, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík, S. 557 5100

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**PÁLL KOLKA LÆKNIR (1895-1971)** fæddist þennan dag.

*„Sálræn afstaða manna gagnvart lífinu og viðfangsefnum þess veldur ekki hvað minnstu um heilsu þeirra og vellíðan.“*

## Merkisatburðir

**1919** Sjóvátryggingafélag Íslands er stofnað í Reykjavík.

**1971** Skólaskylda er lengd úr átta árum í níu í frumvarpi til laga á Alþingi.

**1990** Íslensku bókmenntaverðlaunin eru veitt í fyrsta sinn. Stefán Hörður Grímsson fær þau fyrir ljóðabókina Yfir heiðan morgun.

**1990** Skógrækt ríkisins er flutt til Egilsstaða, fyrst þeirra ríkisstofnana sem færðar eru frá Reykjavík.

**1991** Spölur hf. er stofnaður á Akranesi. Markmið félagsins er að annast undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við jarðgöng undir Hvalfjörð.

**ÞETTA GERÐIST:** 25. JANÚAR 1982

## Land og synir frumsýnd




Kvikmyndin Land og synir eftir samnefndri skáldsögu Indriða G. Þorsteinssonar var frumsýnd þetta kvöld árið 1980 bæði í Austurbæjarbíói í Reykjavík og í Dalvíkurbíói. Húsfyllir var á báðum stöðum og voru viðtökur gesta mjög góðar.

Myndin fjallar um ungan sveitamann sem sér ekki framtíð í hokrinu heldur kýs að flytja á mölina en það gerist ekki átakalaust. Höfundur handrits og leikstjóri var Ágúst Guðmundsson. Kvikmyndun annaðist Sigurður Sverrir Pálsson, leikmynd gerði Jón Þórisson en tónlist er eftir Gunnar Reyni Sveinsson. Allir voru þeir kallaðir upp á svið í Austurbæjarbíói og klappað lof í lófa. Forsetahjónin, Kristján og Halldóra Eldjárn voru meðal gesta. Kostnaður við gerð myndarinnar var um 60 milljónir króna.

---



†

*Bróðir okkar og frændi,*

**Þorbjörn Friðriksson**

frá Raufarhöfn,

er látinn. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju, föstudaginn 27. janúar kl. 10.30.

**Systkini og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gissur Þórður Jóhannesson**

bóndi Herjólfsstöðum, Álftaveri,

er andaðist 16. janúar sl., verður jarðsunginn frá Þykkvabæjarklausturkirkju í Álftaveri laugardaginn 28. janúar nk. klukkan 14.00. Sætaferð verður frá Mjóddinni í Reykjavík klukkan 9.30.
Sætapöntun í síma 892 6560.

**Sigurlaug Sigurðardóttir**
**Sigurlaug Gissurardóttir** **Jón Kristinn Jónsson**
**Þuríður Gissurardóttir** **Oddsteinn Sæmundsson**
**Jóhannes Gissurarson** **Steina Guðrún Harðardóttir**
**Sigríður Lóa Gissurardóttir** **Sigurjón Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Steinunn B. Guðmundsdóttir**

lést í Luxor í Egyptalandi 11. janúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 27. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Fróði Jóhannsson**
**Högni Fróðason**
**Ragna Fróðadóttir** **Þorkell Sigurður Harðarson**
**Halla Fróðadóttir** **Hákon Pétursson**
**Birta Fróðadóttir**
**og barnabörn.**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn
Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**. Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---

NORRÆNA FÉLAGIÐ: FAGNAR 90 ÁRA AFMÆLI MEÐ HÁDEGISFYRIRLESTRUM

# Ekkert jafn dýrmætt félaginu eins og mannleg samskipti

Saga norræna félagsins á Íslandi, staða þess og áhrif er efni hádegisfyrirlesturs Ragnheiðar Helgu Þórarinsdóttur þjóðfræðings í Þjóðminjasafninu í dag sem hefst klukkan 12.05. Allir eru velkomnir og ekkert kostar inn. Tilefnið er 90 ára afmæli félagsins.

Fyrirlesturinn er sá fyrsti af nokkrum á afmælisárinu og umræðuefnin eru margvísleg. Ragnheiður nefnir arkitektúr, matargerð, tungumál og bókmenntir og segir ekki tilviljun að félagið sé í samstarfi við Þjóðminjasafnið um erindaröðina, fyrsti formaður félagsins hafi verið Matthías Þórðarson þjóðminjavörður.

Norræna félagið á rætur að rekja til ótryggs stjórnmálaástands á árunum rétt fyrir fyrri heimsstyrjöldina sem varð til þess að konungar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar ákváðu að efna til formlegs samstarfs árið 1914. Í kjölfarið voru Norrænu félögin stofnuð hvert í sínu landi. Þau fyrstu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð 1919 og á Íslandi árið 1922. Félagið stendur fyrir margvíslegri starfsemi á borð við tungumálanámskeið, fyrirlestra og ferðalög, hefur umsjón með verkefnunum Nordjobb og Halló Norðurlönd auk þess að bera ábyrgð á rekstri norrænu upplýsingaskrifstofunnar á Akureyri. „Ekkert er jafn dýrmætt félaginu eins og mannleg samskipti,“ segir Ragnheiður og nefnir sem dæmi vinabæjarmótin sem hún segir mikilvægan hlekk í starfi þess.

Ragnheiður hefur gegnt formennsku í Norræna félaginu á Íslandi frá árinu 2009 en vitað af því frá barnæsku. „Ég gekk í félagið snemma á áttunda áratugnum, þó ekki í göfugri tilgangi en þeim að komast á ódýrari hátt út fyrir pollinn en ella. En í uppvextinum tók ég reglulega þátt í norrænu skíðagöngukeppninni á veturna og norrænu sundkeppninni á sumrin. Þær voru háðar milli landanna og fólust í fjölda þátttakenda, miðað við höfðatölu íbúa. Ef ég man rétt unnu Íslendingar oftast sundkeppnina því hér voru laugar úti um allt en á hinum Norðurlöndunum syntu menn í sjónum.“




**FORMAÐUR NORRÆNA FÉLAGSINS Á ÍSLANDI** „Í uppvextinum tók ég reglulega þátt í norrænu skíðagöngukeppninni á veturna og norrænu sundkeppninni á sumrin,“ rifjar Ragnheiður Helga upp.

Ragnheiður tengist Norðurlöndunum sterkt, hún lærði sitt fag í Noregi, bjó í Danmörku, á danskan mann og hefur starfað að norrænum málefnum, meðal annars á vegum mennta- og menningarráðuneytisins þar sem hún vinnur nú. Hún hefur líka reynslu af alþjóðlegu samstarfi og segir áberandi að Norðurlandabúar halli sér hver að öðrum á slíkum vettvangi, enda eigi þeir svo margt sameiginlegt.

gun@frettabladid.is

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Snorri Snorrason**

fyrrv. flugstjóri,
Smáraflöt 11, Garðabæ,

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar 21. janúar. Útför verður auglýst síðar.

**Nanna Nagtglas Snorrason**
**Jón Karl Snorrason** **Þórey Jónsdóttir**
**Snorri Snorrason** **Guðrún Magnea Rannversdóttir**
**Helga Guðrún Snorradóttir** **Gísli Tryggvason**
**Haukur Snorrason** **Hadda Björk Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og stuðning við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Þorgils V. Stefánssonar**

fyrrverandi yfirkennara,
Háholti 7, Akranesi.

**Ingibjörg F. Hjartar**
**Dagný Þorgilsdóttir** **Neal Hermanowicz**
**Hörður Þorgilsson** **Lilja Stefánsdóttir**
**Fríða Þorgilsdóttir**
**Ásdís Hermanowicz**
**Stefán Hermanowicz**
**Dagný Harðardóttir**
**Rósa Harðardóttir**






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. janúar 2012 | 2. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



Vistvæna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is





## Hundur Redknapps fékk greitt

Réttarhöld yfir Harry Redknapp, knattspyrnustjóra Tottenham Hotspur, vegna ætlaðra skattsvika hans hófust í þessari viku. Redknapp er gefið að sök að hafa fengið um 36,3 milljónir króna, 191 þúsund pund, inn á reikning í Mónako sem hvorki bresk skattayfirvöld, endurskoðandi hans né þjónustufulltrúi í einkabankaþjónustu vissu af. Reikninginn hafði Redknapp stofnað á nafni hundsins síns, Rosie. Hann greiddi aldrei skatt af umræddum greiðslum.

Málið snýst um greiðslur sem Milan Mandaric, fyrrum eigandi Portsmouth, greiddi inn á reikninga Redknapps á árunum 2002 til 2007. Samningur Redknapps, sem gegndi bæði stöðu yfirmanns knattspyrnumála og knattspyrnustjóra hjá Portsmouth, var þannig að hann átti að fá á bilinu 5-10% af hagnaði á sölu leikmanna. Hinar ætluðu leynigreiðslur voru vegna sölu á Peter Crouch til Aston Villa árið 2002. Bæði Redknapp og Mandaric neita því að hafa tekið þátt í skattsvikum.

- ÞSJ

## Íslendingur í Kísildalnum

Guðmundur Hafsteinsson hefur undanfarin ár unnið fyrir Google og síðar Apple í Kísildalnum í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Síðustu misseri hefur hann unnið að þróun Siri-hugbúnaðarins fyrir iPhone sem hefur slegið gegn eftir að nýjasta útgáfa símans kom út í haust. Guðmundur hefur nú ákveðið að söðla um og hætti störfum hjá Apple um helgina. Hann hyggst stofna eigið fyrirtæki eins og hann hefur stefnt að um árabil.

SÍÐA 6

## AGS endurskoðar hagspá

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birti í gær endurskoðaða hagspá sína fyrir komandi misseri. Telur AGS að hagvaxtarhorfur hafi versnað á heimsvísu á fjórða ársfjórðungi síðasta árs, helst vegna þróunar skuldakreppunnar á evrusvæðinu. Spáir AGS því nú að heimshagkerfið vaxi um 3,3 prósent á árinu 2012 en í spá sjóðsins frá því í september var gert ráð fyrir 4,0 prósenta hagvexti. Þá spáir AGS 3,9 prósenta hagvexti á árinu 2013 en spáði áður 4,5 prósenta hagvexti.

- MPL




## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Erlendir gestir um Leifsstöð og spá til 2015

Samkvæmt samanteknum tölum frá Ferðamálastofu um erlenda ferðamenn sem fara um Leifsstöð og inn í landið, hafa um það bil 4 milljónir ferðamanna komið til Íslands frá byrjun árs 2002.

Árið 2011 er metár í komum erlendra ferðamanna en alls sóttu 541.000 erlendir gestir landið í gegnum Leifsstöð. Árið 2002 komu um 263.000 ferðamenn sem er 105% aukning yfir 10 ára tímabil.

Ágústmánuður er mesti ferðamannamánuðurinn og hafa að meðaltali 76.700 manns komið í ágúst sl. 10 ár. Árið 2011 komu 102.000 ferðamenn í ágúst sem er metmánuður. Í janúar koma fæstir ferðamenn. Frá 2002 hafa að meðtaltali komið 16.700 til landsins í þessum mánuði og sömu sögu er að segja þar, aldrei hafa fleiri komið í janúarmánuði einum en árið 2011, eða 22.300 gestir.




HEIMILD: FERÐAMÁLASTOFA SKOÐA NÁNAR: HTTP://DATA.IS/A01OJ5

### Erlend kortavelta innanlands

Heildarvelta erlendra korta innanlands frá árinu 2002 nemur um 370 milljörðum króna mælt á verðlagi desember 2011. Frá árinu 2002 er meðalvelta erlenda greiðslukorta 37 milljarðar króna á ári. Árið 2011 er metár í kortaveltu eða samtals 63 milljarðar króna.

Frá 2008 til 2011 jókst erlend kortavelta innanlands um 56% á föstu verðlagi en fjölgun ferðamanna um Leifsstöð á sama tímabili er 15%.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS SKOÐA NÁNAR: HTTP://DATA.IS/VZMN0H

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 25. JANÚAR**
- **Málþing um ferðaþjónustu og fjárfestingar**
- **Ský: Hversu öruggir eru snjallsímar?**

**FIMMTUDAGUR 26. JANÚAR**
- **Nýskráningar og gjaldþrot í desember 2011**
- **Ýmis lánafyrirtæki** – hagtölur SÍ
- **Fróðleikur á fimmtudegi** – KPMG
- **Verðþróun og samkeppni á dagv.markaði** – skýrsla

**FÖSTUDAGUR 27. JANÚAR**
- **Fjöldi fyrirtækja og skráðir nem. í framhaldsskólum** – Hagstofa
- **Vísitala neysluverðs í jan.** – Hagstofa
- **Nýherji ársuppgjör**
- **Hagar árshlutauppgjör**
- **Stjórna stóru aðildarríkin öllu?** – Fundur

**MÁNUDAGUR 30. JANÚAR**
- **Vísitala framleiðsluverðs** – Hagstofa
- **Staða markaðsverðbréfa** – hagtölur SÍ

**ÞRIÐJUDAGUR 31. JANÚAR**
- **Væntingavísitala Gallup**
- **Vöruskipti við útlönd** – hagtölur SÍ

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* **VÍSIR**

# Skuldaniðurfellingar lenda allar á ríkinu

**Flöt niðurfelling skulda kostar 200 milljarða. Þegar hafa verið afskrifaðir 134 milljarðar. Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir myndu taka á sig 77% kostnaðar.**

BANKAMÁL
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Íbúðalánasjóður (ÍLS), lífeyrissjóðir og Landsbankinn myndu bera stærstan hluta kostnaðar vegna almennrar niðurfellingar á húsnæðislánum um 18,7%. Þetta kemur fram í greinargerð um afföll íbúðalána við stofnun nýju bankanna og kostnað við niðurfærslu lána sem dr. Sigurður Jóhannesson og dr. Sveinn Agnarsson hafa unnið að frá 4. október í fyrra fyrir Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Hún var gerð opinber í gær.

Greinargerðin var unnin fyrir ríkisstjórn Íslands vegna kröfu Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) um almenna leiðréttingu á því sem þau telja vera stökkbreytt lán heimilanna. Höfundum hennar var falið að meta kostnað við tillögur HH og fara yfir fyrirliggjandi gögn um afföll húsnæðislána þegar þau voru færð frá gömlu bönkunum til þeirra nýju.

Samkvæmt greinargerðinni myndi flöt niðurfærsla húsnæðislána kosta 200,3 milljarða króna, eða sem svara til um 37% af áætluðum útgjöldum ríkisins á árinu 2012. Þar segir orðrétt að „þar af myndi Íbúðalánasjóður bera 122 milljarða kr., innlánsstofnanir um 45 milljarða kr. og lífeyrissjóðir 33 milljarða kr.“. ÍLS og lífeyrissjóðir landsins myndu því bera um 77,3% af kostnaðinum. Til viðbótar á ríkið Landsbankann nánast að öllu leyti, sem er með flest íbúðalán af viðskiptabönkunum, og eignarhluti í bæði Arion banka og Íslandsbanka. Því segir í greinargerðinni að telja verði líklegast „að kostnaður af almennum skuldaniðurfellingum lendi að langmestu leyti á ríkinu“. Þessi kostnaður myndi bætast við þá 134 milljarða króna sem þegar hafa verið felldir niður af húsnæðislánum hérlendis.

Ítrekað hefur verið haldið fram að sækja megi stóran hluta þess kostnaðar sem almennar skuldaniðurfærslur myndu fela í sér í þann afslátt sem nýju bankarnir hafi fengið á lánasöfnun sínum þegar þau voru færð yfir frá gömlu bönkunum. Höfundar greinargerðarinnar telja þá fullyrðingu ekki standast og „virðist kostnaður bankanna af dómum Hæstaréttar um gengislán, 110%-leiðinni og skuldaniðurfellingu af öðrum sökum þegar vera orðinn meiri en nemur afslætti þeirra af lánasöfnum haustið 2008“.

Þá fá greinarhöfundar ekki séð hvernig ríkið geti skert lánasöfn fjármálastofnana bótalaust. Sama gildi um innstæður yfir 15 milljónum króna, sem HH hafa einnig lagt til að verði skertar til að greiða fyrir hluta niðurfellingar. Þeir telja því að fastlega megi „gera ráð fyrir að ríkissjóður myndi með beinum eða óbeinum hætti bera allan kostnað sem af tillögum Hagsmunasamtakanna leiðir.“



**RÍKISSTJÓRN** Greinargerðin var unnin fyrir ríkisstjórnina eftir að formaður Hagsmunasamtaka heimilanna afhenti forsætisráðherra undirskriftalista með nöfnum 33.525 einstaklinga þar sem krafist var almennra leiðréttinga á stökkbreyttum lánum heimilanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ÞYRFTI AÐ LEGGJA TIL ALLA UPPHÆÐINA

**Sigurður Erlingsson**, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, segir það liggja alveg ljóst fyrir að sjóðurinn þyrfti að sækja alla þá upphæð sem á hann myndi leggjast vegna almennra niðurfærslna í ríkissjóð. „Það þyrfti að leggja þessa upphæð, 122 milljarða króna, til að öllu leyti. Í dag erum við með eiginfjárhlutfall í kringum 2%. Það er því enn á brattann að sækja hjá okkur. Þetta getur því ekki komið frá neinum nema eigendum sjóðsins, sem eru íslenska ríkið og skattgreiðendur. Þessi upphæð er einfaldlega af þeirri stærðargráðu að kostnaðurinn myndi alltaf leggja stein í götu okkar.“


RÝMI 75 ÁRA 1936-2011
OFNASMIÐJAN

Það sparast pláss og tími
með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki




- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Gínur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Eldtraustir skápar
- Lyftarar og flutningatæki



- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta

Veljum íslenskt



Brautarholti 26, 105 Reykjavík, sími 511-1100 - rymi@rymi.is - www.rymi.is




# HEIMA ER BEST!

F1 hlaupabrautin - hlaupabraut sem brjóta má saman en uppfyllir jafnframt gæðakröfur Life Fitness. Hana prýðir allt sem hefur gert Life Fitness hlaupabrautir að fyrsta vali meðal fólks sem gerir kröfur um hámarksgæði og notagildi.

**Life Fitness, mest seldu líkamsræktartæki í heimi, eru af slíkum gæðum að þú getur aðeins vænst þess besta**



LifeFitness

ÞREKHJÓL - HLAUPABRAUTIR - ÞREKÞJÁLFAR - ÆFINGASTÖÐVAR

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

# Brandenburg lifir í nútímanum

**Ragnar Gunnarsson hætti hjá auglýsingastofunni Fíton í haust. Í byrjun þessa árs hófu hann og þrír aðrir fyrrverandi Fíton-starfsmenn, Hrafn Gunnarsson, Jón Ari Helgason og Bragi Valdimar Skúlason, rekstur eigin auglýsingastofu. Hún kallast Brandenburg.**



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Hópurinn sem á og rekur Brandenburg hefur áralanga reynslu í auglýsinga

VIÐTAL

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Það kemur ef til vill spánskt fyrir sjónir að opna nýja auglýsingastofu í miðri kreppu þar sem flestöll fyrirtæki halda að sér höndum. Ragnar segir tækifærin fyrir nýja aðila liggja í því að vera öðruvísi en samkeppnisaðilarnir. „Við sjáum tækifæri á auglýsingamarkaðinum vegna þess að þetta er bransi sem er að breytast hratt. Í gegnum tíðina hefur auglýsingastofuumhverfið verið nokkuð stöðugt. Það hafa verið fimm til sex stofur starfandi þó að nöfnin hafi stundum breyst. Við sjáum tækifæri á þessum markaði vegna þess að þar eru að opnast nýir möguleikar.“

Ragnar telur íhaldssemina í auglýsingabransanum ekki henta að öllu leyti í síbreytilegum heimi nýmiðla. „Gömlu auglýsingastofurnar hafa verið svolítið íhaldssamar. Þær hafa verið að búa til prent-, sjónvarps- og útvarpsauglýsingar og keyra sínar herferðir í þeim miðlum. Ég held að þarna séu að verða breytingar. Þó að hefðbundnu miðlarnir verði áfram til þá þarf líka að nýta aðra miðla, til dæmis samfélagsmiðla eins og Facebook. Það eru allt aðrir möguleikar til staðar til að virkja fólk en áður, til að leyfa fólkinu sjálfu að taka þátt í herferðum með því að geta dreift efni. Auglýsendur hafa ekki alveg vitað hvernig þeir geta nýtt sér þessa möguleika og það hefur vantað upp á að stofurnar geti boðið upp á skipulegar ráðleggingar um hvernig þessir nýju miðlar passa inn í þá fjölmiðlaflóru. Hvernig ætlum við til dæmis að nýta Facebook? Hvers konar efni ætlum við að búa til sem fólk er líklegt til að dreifa? Hvernig getum við látið það vekja athygli? Þetta eru allt spurningar sem auglýsendur verða að spyrja sig að í dag.“

KYNNING Á WOW GEKK VEL

Hópurinn sem stendur að Brandenburg býr yfir mikilli reynslu í auglýsingabransanum. Þrátt fyrir að stutt sé síðan rekstur nýju stofunnar hófst er Brandenburg þegar komin með tvo stóra viðskiptavini í WOW air og Nýherja. Ragnar segir að sú sýn sem þeir ætli að vinna eftir hafi sannað sig rækilega þegar stofan var að kynna til leiks WOW air. „Við vorum að hleypa nýju vörumerki af stokkunum. Við það reyndum við að feta óhefðbundnar slóðir þar sem fókusinn var á netinu, sem er heimavöllur WOW. Við nýttum samfélagsmiðlana mikið, sérstaklega Facebook, og fengum gríðarlega góð viðbrögð. Á fyrstu vikunum eftir að herferð var sett af stað vorum við komnir með hátt í tólf þúsund vini. Þeir hafa síðan verið duglegir að kommenta á síðuna hjá WOW og deila fréttum um félagið. Við höfum náð miklu meiri eftirtekt með þetta nýja vörumerki með þessum leiðum heldur en við hefðum getað gert með því að auglýsa í hefðbundnu miðlunum með þær markaðskrónur sem við höfðum. Við sjáum það í okkar rannsóknum að við erum strax búnir að ná því sem við ætluðum okkur í upphafi, að segja hvað félagið heitir og hvað það gerir. Það hefur okkur tekist fyrir brot af þeim kostnaði sem hefði fallið til ef við hefðum farið í hefðbundnar dagblaða-, sjónvarps- og útvarpsherferðir. Auðvitað þarf að gera það líka, en með því að blanda saman þessum tveimur leiðum er hægt að ná miklu meiri árangri.“

NÝTT NEYSLUMYNSTUR

Að mati Ragnars mun verða erfiðara og erfiðara fyrir auglýsendur að ná til nýrra kynslóða í gegnum hefðbundna fjölmiðla. Ástæðan er einföld, þær nota þá ekki. „Ungt fólk er í sífellt meiri mæli að setja saman sína eigin sjónvarpsdagskrá og ná í sínar fréttir á netinu. Áskorunin sem við glímum við er: Hvernig við eigum að ná til þess hóps og þeirra kynslóða sem munu koma á eftir honum? Hvernig eigum við að sýna þeim þær auglýsingar sem við erum að gera? Ég held að besta leiðin til þess sé að horfa á það sem er ekki að breytast. Fólk mun alltaf sækja í áhugavert efni og því munu sterkar hugmyndir verða mun verðmætari. Það þarf að búa til efni sem fólk vill sækja og deila með vinum sínum. Það þurfa ekki endilega að vera hefðbundnar auglýsingar heldur geta það verið litlar stuttmyndir, áhugaverðar greinar, ljósmyndir eða hvað sem helst sem vekur áhuga fólks. Og sem það vill deila.“

Það er óhætt að segja að heimurinn hafi gengið í gegnum stafræna væðingu á undanförnum árum. Fólk sækir í mun meiri mæli sitt afþreyingarefni á stafrænu formi, annaðhvort ólöglega, í gegnum verslanir sem selja aðgang að því, eða beint af framleiðanda.

Ragnar telur að í þessu neyslumynstri búi alls kyns tækifæri fyrir auglýsendur. „Ég held að í framtíðinni muni fólk leita þangað sem það getur sótt sér efni á auðveldan, löglegan og ódýran hátt. Það mun nást jafnvægi í þessu sem mun leiða til þess að fleiri verða tilbúnir til að borga fyrir efni. Í því liggja sóknarfæri fyrir auglýsendur. Þeir gætu til dæmis farið að niðurgreiða efni og fá á móti einhvers konar tengingu við efnið. Ég held að það sé mjög mikilvægt að fyrirtæki fari að hugsa um þessa hluti og koma sér upp skipulegri aðferðafræði. Þetta er að gerast.“

VIRÐI VÖRUMERKISINS

Ragnar segir hefðbundna miðla verða áfram til en að þeir þurfi að laga sig að nýjum veruleika. „Ég held að vörumerkjauppbygging muni skipta þessi fyrirtæki öllu máli. Fólk vill eiga viðskipti við fyrirtæki sem það treystir. Ef við tökum Stöð 2 sem dæmi þá á þeirra módel alveg örugglega eftir að breytast. Viðskiptavinurinn mun samt sem áður alltaf þekkja vörumerkið og vita hvað


## Sölumaður innanlands

Við leitum að öflugum einstaklingi sem verður hluti af sterku teymi sölumanna og sérfræðinga í tækjum og vinnslukerfum sem sinnir íslenskum matvælaiðnaði.

**Starfssvið:**

- Sala á tækjum, hugbúnaði og vinnslukerfum Marel
- Greining á viðskiptatækifærum í fisk-, kjöt- og kjúklingaiðnaði
- Þróun og viðhald viðskiptasambanda
- Greining á þörfum og þátttaka í þróun lausna fyrir viðskiptavini
- Gerð söluáætlana og sölutilboða
- Samstarf við vinnslusérfræðinga Marel á öllum sviðum

**Hæfniskröfur:**

- Þekking og reynsla af sjávarútvegi er skilyrði
- Reynsla af sölustörfum er skilyrði
- Háskólamenntun t.d á sviði tækni, framleiðslustjórnunar eða sjávarútvegsfræði er kostur
- Þekking á öðrum sviðum matvælaiðnaðar er kostur
- Þekking og reynsla af tækjum og hugbúnaði frá Marel er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Berta Daníelsdóttir, berta.danielsdottir@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3900 manns í fimm heimsálfum, þar af um 460 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel

**Flugfarmiðar** sem keyptir eru sex vikum fyrir brottför eru ódýrastir samkvæmt nýlegri bandarískri rannsókn. Að meðaltali eru miðar sem keyptir eru sex vikum fyrir áætlað flug um 6 prósentum ódýrari en meðalverð flugmiða. Verðið hækkar síðan verulega viku fyrir brottför og er hæst á flugdaginn sjálfan.







## Vandaðir þýskir herraskór úr leðri í úrvali



*Til dæmis:*
Teg: 23007/221 • Litur: svart
Stærðir: 40 - 47 • Verð: 16.975.-

Misty skor Laugavegi 178

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg - Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 - WWW.RAFVORUR.IS



Amerísk gæðavara



friendtex

VANTAR ÞIG AUKATEKJUR ?
KÍKTU Á FRIENDTEX.IS OG SOO.DK

VIÐ HJÁ FRIENDTEX OG SOO.DK
ERUM AÐ LEITA AÐ DUGLEGUM
EINSTAKLINGUM
TIL AÐ SELJA, GÆÐAFATNAÐ Á BÖRN OG
FLOTTAR KONUR
VILTU TAKA TÖRN Í SMÁ TÍMA OG NÁ Í GÓÐAR
AUKATEKJUR?
HAFÐU SAMBAND FYRIR KL.16.00 Á FÖSTUDAG
Í SÍMA 568 2870 EÐA 691-0808

Hentar best heiðarlegum og flottum konum á aldrinum 30-50 ára

pantaðu vörulistana á **netinu** , við sendum þér listann í pósti
3. febrúar þér að kostnaðarlausu

**Opnunartími:** mánud. - föstud. kl. 11:00 - 17.00

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is


**Lonely Planet setur Reykjavíkurgöngu GoEcco í hóp með bestu ókeypis ferðaþjónustum heims.**

# *Á lista með Louvre-safni*

Reykjavíkurganga undir leiðsögn GoEcco er í fjórða sæti á lista Lonely Planet yfir heimsins eftirsóknarverðustu ferðaþjónustu sem fæst ókeypis. Jónas Freydal, stofnandi og einn af eigendum GoEcco, segir útnefninguna vera mikinn heiður.

„Auðvitað er þetta frábært. Það er ekki á hverjum degi sem maður er settur í sama hóp og risar á borð við Louvre-safnið í París eða Staten Island-ferjuna í New York," segir Jónas glaður í bragði. „Við erum bara pínulítið sjálfstætt starfandi fyrirtæki í Norður-Atlantshafi sem fór af stað í tilraunaskyni 2006 og fær enga styrki frá ríki og borg. Þannig að þetta er heilmikið afrek."

;FRAMHALD | 2






QUESADILLAS

Kjúklinga quesadillas:
Tortilla, kjúklingur, sterk/mild sósa,
fersk salsa, kornsalsa, fajitas og ostur.
Aðeins 513 kcal..

1.190

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

**Grænt kaffihús** verður opnað á Ísafirði bráðlega. Kaffihúsið verður opnað í tengslum við flutninga ferðaþjónustufyrirtækisins Borea Adventures í húsnæði Langa Manga í Aðalstræti. Því geta ferðamenn slegið tvær flugur í einu höggi, gætt sér á veitingum og pantað ferðir um Vestfirði.










Fjöldi manns hefur skellt sér í göngu.



Jónas og félagar hjá GoEcco þykja veita nýstárlega sýn á íslenskt samfélag.

Framhald af forsíðu

Í umsögn Lonely Planet um Reykjavíkurgöngu GoEcco er fararstjórum meðal annars hrósað fyrir að varpa óvenjulega ljósi á íslenskt samfélag og ferðin sögð vera jafn hressandi og staup af íslensku brennivíni. Jónas gengst við því.

„Þetta eru óhefðbundnar ferðir þar sem farið er á fremur óvanalega staði og fjallað um öðruvísi mál en tíðkast í svona túrum, þar á meðal jafnréttismál, stjórnmál, umhverfisvernd og fleira eða eftir því hvað okkur liggur á hjarta hverju sinni,“ útskýrir hann og segir þessa nýstárlegu nálgun hafa fallið vel í kramið hjá þátttakendum sem séu orðnir 60.000 frá upphafi. Sá fjöldi sé ótrúlegur í ljósi þess að fyrirtækið auglýsi hvergi starfsemi sína heldur treysti alfarið á almannaróm. Þar hafi jákvæðar fjölmiðlaumfjallanir sitt að segja.

„Þannig hafa ýmsir stórir erlendir miðlar, Toronto Star, Ottowa Citizen og Stern vakið athygli á GoEcco,“ segir Jónas. „Sem dæmi fjallaði ég um íslenska vætti í túr um daginn og benti á að undanfarið hefði fjölgað verulega í röðum huldufólks. Það sæist af þeim fjölda sem væri nú í felum í Lúxemborg, London og á Cayman-eyjum. Svo vildi til að þarna var bandarískur blaðamaður sem hafði gaman af og daginn eftir var sagan orðin að forsíðufrétt The Wall Street Journal,“ segir hann og hlær.

Jónas segir að svo virðist sem áhugi erlendra ferðamanna á Íslandi hafi snaraukist undanfarna mánuði þvert á eigin spár. „Satt að segja átti ég von á að við færum úr tísku en Ísland er greinilega í bullandi tísku sem ferðamannastaður,“ segir hann og vísar til þess þegar lesendur Lonely Planet settu landið í efsta sæti yfir áfangastaði og Reykjavík á topp listans yfir borgir ársins 2012. „Ég held að þar skipti mestu óspillt náttúran og svo má ekki vanmeta áhrif íslenskrar tónlistar, þúsundir koma hingað vegna Bjarkar og Sigur Rósar.“

*roald@frettabladid.is*






Japanshátíð verður haldin næstkomandi laugardag á Háskólatorgi, Háskóla Íslands. Hátíðin hefur verið haldin árlega frá 2005. Gestum hátíðarinnar er boðið að kynna sér japanskt líf og menningu. Gestum er einnig boðið að vera viðstaddir ekta japanska teathöfn og smakka á því sem þar er borið fram. Hátíðin hefst klukkan 13 og mun standa yfir til klukkan 17.



**www.japanfest.net**













Highclere Castle er tökustaður Downton Abbey.

## Tesopi með jarli í Downton Abbey

EFNAÐ FÓLK MEÐ ÁHUGA Á BRESKU AÐALSFÓLKI GETUR NÚ KEYPT SÉR DAGSFERÐ Í HIGHCLERE-CASTLE Á ENGLANDI EN ÓÐALSSETRIÐ ER TÖKUSTAÐUR HINNA VINSÆLU SJÓNVARPSÞÁTTA DOWNTON ABBEY.

Dagsferð í Highclere Castel kostar 7.900 pund. Dagurinn hefst á tesopa í morgunstofu setursins þar sem jarlinn og greifynjan af Carnarvon taka á móti gestum. Heiðurshjónin leiða síðan gesti sína um sali og herbergi óðalsetursins. Eftir hádegismat með rauðvíni úr vínkjallaranum er ekið að Beacon Hill í einkajeppa jarlsins. Á toppi hæðarinnar er fimmti jarl af Carnarvon jarðaður auk þess sem þar eru rústir forns virkis.

Heimsókninni lýkur síðan eins og hún hófst, með tesopa. Þá fá gestirnir tækifæri til að kynnast lífi og störfum greifynjunnar.




# LAGNIR

MIÐVIKUDAGUR **25. JANÚAR 2012**

**Kynningarblað**

**Nám í pípulagningum**
**Pípulagningaþjónusta**
**Félag pípulagningameistara**
**Pípulagnaefni**
**Rómversk baðhús**
**Holræsahryllingur**



Pípulagningadeild Iðnskólans í Hafnarfirði var sett á stofn árið 2003.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Öflug pípulagningadeild

**Nám í pípulagningum við Iðnskólann í Hafnarfirði er löggilt iðnnám. Heildarnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Frá því að farið var að útskrifa nemendur úr skólanum með full sveinsréttindi hafa 135 nemar útskrifast.**

Pípulagningadeild Iðnskólans í Hafnarfirði var sett á stofn þegar ný námskrá um bygginga- og mannvirkjasvið tók gildi haustið 2003. Pípulagningadeildin er í 350 fermetra húsnæði að Gjótuhrauni 7 í Hafnarfirði. Þegar í upphafi var mikill metnaður settur í námið, bæði hvað varðar innihald og tækjakost. Einnig hefur ætíð verið lögð sérstök áhersla á gott samstarf við fagfélögin í greininni.

Á árunum fyrir nýju námskrána höfðu Félag pípulagningameistara og Sveinafélag pípulagningamanna óskað eftir því að sveinsprófin í greininni yrðu haldin í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Stjórnendur skólans tóku vel í þá beiðni og hafa prófin verið haldin í skólanum síðan. Með þessu fyrirkomulagi sveinsprófa skapaðist sterkur grunnur fyrir frekara samstarfi á sviði pípulagna en forsendur góðrar menntunar eru traust samstarf atvinnulífs og skóla.

Nám í pípulagningum er löggilt iðnnám. Heildarnámstími er fjögur ár að meðtöldu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Eftir grunnám tekur við þriggja anna nám í skóla og 96 vikna samningsbundið vinnustaðanám hjá pípulagningameistara. Meginmarkmið með vinnustaðanáminu er að nemendur öðlist víðtækan skilning á pípulögnum, bæði á verklega og tæknilega sviðinu. Nemendur útskrifast með full sveinsréttindi að undangengnu sveinsprófi en það er í umsjón sveinsprófsnefndar sem er skipuð fulltrúum meistara- og sveinafélagsins.

Frá því að farið var að útskrifa nemendur úr skólanum með full sveinsréttindi hafa 135 nemar útskrifast. Núna eru 44 nemendur í pípulagninganámi við Iðnskólann í Hafnarfirði, þar af eru 17 nemendur að ljúka námi í vor.

Iðnskólinn í Hafnarfirði og meistara- og sveinafélögin hafa unnið náið að kynningu á náminu fyrir ungt fólk og gert það með ýmsu móti. Íslandsmót iðngreina hefur hlotið verðskuldaða athygli og nýtur mikilla vinsælda en þar keppa ungir nemar eða sveinar við að leysa sérvalin verkefni innan ákveðins tímaramma. Þar gefst fólki tækifæri á að sjá hvernig fagmenn vinna, hvaða verkfæri eru notuð og hvaða efni er unnið með. Reglulega eru haldin Norðurlandamót iðngreina og árið 2007 eignuðust Íslendingar Norðurlandameistara í pípulögn.

Keppendur, sem hafa staðið sig vel á Íslandsmóti iðn- og verkgreina, hafa haldið utan og tekið þátt í Evrópu- og heimsmeistaramóti í sinni grein. Á síðasta ári fóru þrír keppendur til London og kepptu þar á heimsmeistaramóti (World Skills) í hárgreiðslu, rafvirkjun og pípulögn. Rúmlega 200.000 manns fylgdust með þeirri keppni. Næsta heimsmeistaramót verður haldið árið 2013 í Leipzig í Þýskalandi.

Næsta Íslandsmót iðn- og verkgreina verður haldið í húsnæði Háskólans í Reykjavík 9. og 10. mars næstkomandi og eru allir hvattir til að koma og fylgjast með spennandi og skemmtilegri keppni.



Nú eru 44 nemendur í pípulagninganámi við Iðnskólann í Hafnarfirði, þar af eru 17 nemendur að ljúka námi í vor.



Frá því að farið var að útskrifa nemendur úr skólanum með full sveinsréttindi hafa 135 nemar útskrifast. Núna eru 44 nemendur í pípulagninganámi við skólann.




Iðnskólinn í Hafnarfirði og meistara- og sveinafélögin hafa unnið náið að kynningu á náminu fyrir ungt fólk og gert það með ýmsu móti. Í því sambandi hefur Íslandsmót iðngreina hlotið verðskuldaða athygli.

# Ekki bíða of lengi

**Gísli Hafsteinn Gunnlaugsson, pípulagningameistari og eigandi GG Lagna, segir mikilvægt að húseigendur hugi að endurnýjun skólplagna fyrr en síðar. Þannig megi oft koma í veg fyrir veruleg óþægindi og ekki síður kostnað.**

Við sjáum um allrahanda viðhald og viðgerðir og erum til dæmis mjög framarlega í fóðringum skólplagna,“ segir Gísli Hafsteinn Gunnlaugsson pípulagningameistari, sem starfrækt hefur GG Lagnir í 24 ár.

Hann segir markaðinn fyrir viðhald og viðgerðir lagna fara ört stækkandi á höfuðborgarsvæðinu enda séu húsin í borginni alltaf að eldast.

„Algengustu mistökin sem fólk gerir er að bíða of lengi með viðhald á lögnum. Það vill enginn eyða í eitthvað sem ekki sést,“ segir hann og finnst allt of algengt að heilu íbúðirnar séu teknar í gegn, skipt um gólfefni, glugga og veggi en svo komi síðar í ljós að skólpið sé ónýtt. „Það segir sig sjálft að þannig getur orðið til kostnaðarsamur tvíverknaður.“

Gísli leggur því áherslu á að fólk láti athuga lagnirnar í húsum sínum reglulega. Fólk geti til dæmis haft samband við GG Lagnir og fengið þá til að koma og meta ástand lagnanna. „Það er nefnilega kostnaðarsamara að laga hluti þegar allt er komið í óefni,“ segir Gísli.

Inntur eftir því hvenær sé komið að viðhaldi svarar hann: „Steinrör sem lögð eru í hús í dag eiga að endast í fimmtíu ár. Þau rör sem lögð voru fyrir nokkrum áratugum voru örugglega af lélegri gæðum og því má kannski miða við að komið sé að viðhaldi þegar hús er orðið þrjátíu til fjörutíu ára gamalt.“



Til að athuga hvort allt sé með felldu í lögnunum beitir Gísli sérstakri myndavél. MYND/GVA

Gísli hefur sérhæft sig í fóðringu skólplagna og segir þá aðferð valda minnstu raski. „Með því er hægt laga skólprörin undir húsinu án þess að þurfa að brjóta mikið upp,“ segir hann. En hvenær veit maður að komin er sprunga í skólplögn? „Þá myndast oft lykt í húsum og raki. Ein fyrsta vísbendingin er til dæmis klóakmaurinn sem gerir vart við sig en hann þrífst í hita og raka. Þá leynir það sér ekki þegar skólplögnin stíflast.“

Þeim sem vilja fá nánari upplýsingar um GG Lagnir er bent á vefsíðuna www.gglagnir.is

# *Blýlagnir voru notaðar í rómversku böðunum*

Saga pípulagna nær allt aftur til fornrar siðmenningar Grikkja, Rómverja, Persa, Indverja og Kínverja. Lagnirnar þróuðust í tengslum við uppbyggingu almenningsbaða en þá þurfti að finna lausnir til að leiða vatn í böðin og úr þeim aftur. Leirpípur hafa fundist á Indlandi og eru taldar vera frá því 2700 fyrir Krist. Rómverjar notuðu síðar pípur úr blýi.



Rómversku böðin í bænum Bath á Englandi eru vinsæll áfangastaður ferðamanna. Böðin eru ákaflega vel varðveitt og gefa góða innsýn inn í menningarheim Rómverja. NORDICPHOTOS/GETTY

Rómversku böðin voru ákaflega vinsæl og flestar rómverskar borgir bjuggu yfir í það minnsta einu slíku. Böðin voru ekki aðeins notuð til að þrífa líkamann heldur þjónuðu þau einnig tilgangi félagsmiðstöðva þar sem fólk hittist og skiptist á skoðunum. Böð var einnig að finna í einkahúsum hinna betur stæðu. Vatn í böðin var leitt úr nærliggjandi á eða jafnvel vatnsveitubúi. Vatnið var oft á tíðum hitað með eldi áður en það var leitt inn í baðhúsið. Hönnun slíkra baðhúsa var tíunduð af Vitruviusi í ritinu De Architectura sem ritað var í kringum árið 15.

Lengi vel varð engin þróun í pípulögnum eða allt þar til nútímaborgir fóru að byggjast upp á nítjándu öld. Þá hvöttu heilbrigðisyfirvöld til þess að fundið yrði upp kerfi til að losna við sorp og skolp en fram að því hafði slíku verið hent í nærliggjandi ár eða jafnvel bara út á götu.

Frændur
PÍPULAGNIR EHF
Sjáum um viðhald, breytingar og nýlagnir. Gerum tilboð og tímavinnu í stór og smá verk.
Stjáni: 6592961- Ingvar: 8474980
fraendur@gmail.com



Stífluþjónusta Vals Helgasonar er á Gylfaflöt 13 í Reykjavík.



Ragnar með röramyndavél sem notuð er við ástandsskoðun. MYND/GVA

# Ekkert verkefni okkur ofviða

**Stíflulosun og hreinsun frárennslislagna eru algengustu verkefni Stífluþjónustu Vals Helgasonar ehf. Fyrirtækið byggir á gömlum grunni og er með reynda starfsmenn innanborðs og bílaflota og tækjabúnað af fullkomnustu gerð.**

Stífluþjónusta Vals Helgasonar ehf. er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í stíflulosun og hreinsun frárennslislagna. Ragnar Kummer hefur haldið um taumana frá árinu 2002 og er öllum hnútum kunnugur.

„Fyrirtækið var stofnað fyrir um fjörutíu til fimmtíu árum og verður að teljast með þeim elstu í bransanum. Um langt skeið var það í eigu sama aðila, Vals Helgasonar, og hann seldi það í hendurnar á mér eftir að ég hafði starfað hjá honum um árabil. Fyrirtækið byggir því á gömlum grunni og starfsmennirnir allir með víðtæka reynslu á þessu sviði,“ upplýsir Ragnar og segir verkefnin vera jafn fjölbreytt og þau eru mörg. „Til marks um það hreinsum við líka niðurföll, dælubrunna, rotþrær og fitugildrur, fyrir utan annan úrgang.“

Ástandsskoðun segir Ragnar vera mikilvægan þátt í starfseminni enda hafi hún margvíslega kosti í för með sér. „Hér áður fyrr var gjarnan gripið til þess ráðs að grafa upp eða rífa allt í sundur til að komast að rót vandans með tilheyrandi raski, kostnaði og ónákvæmum niðurstöðum. Nú komum við aftur á móti litlum röramyndavélum fyrir, jafnvel inni í minnstu lögnum, og myndum áður en ráðist er í verkið. Plúsinn er líka sá að þær mæla dýptina og eru búnar staðsetningarbúnaði sem staðsetur lagnir sem ekki er til kort af.“

Ragnar segir alltof fáa nýta sér röramyndunina enn sem komið er. „Mér finnst í raun grátlegt hversu margir festa kaup á húsnæði eða flísaleggja baðherbergi eða gera að hluta til upp án þess að láta framkvæma fyrst ástandsskoðun og svo koma í ljós alls kyns skemmdir sem þarf að bregðast við.“

En hverjar eru fyrstu vísbendingar um að eitthvað sé að? „Raki og vond lykt sem yfirleitt má rekja til leka á rörum og dreni og stíflna,“ svarar hann og segir fyrirtækið í sambandi við pípulagningameistara og meindýraeyði þurfi að grípa til róttækari aðgerða.

Spurður hvort óvenjuleg mál rati einhvern tímann inn á borð hjá fyrirtækinu rifjar Ragnar upp atvik sem rataði í fjölmiðla. „Þá vorum við fengnir til að ná út ketti sem hafði fest sig greyið í lögn. Þetta var hálfgerður góðgerðarleiðangur sem fór vel og til er verðlaunamynd af honum í Mogganum,“ segir hann og bætir við að starfsmenn rekist líka á margt forvitnilegt við vinnu, skrúfur og málmbönd eftir verktaka, skart, hurðaskrár og fleira sem stíflar niðurföll.

Hvernig er best að hafa samband? „Til dæmis með því að hringja í gemsann í númerið 896-1100, eða þá senda tölvupóst á stifla@stifla.is. Eftir það gerast hlutirnir hratt, oftast samdægurs eða daginn eftir og að sjálfsögðu skilum við hundrað prósent vinnu,“ segir Ragnar og bendir á að brátt verði heimasíða fyrirtækisins tekin aftur í gagnið eftir endurbætur. Vefslóðin sé www.stifla.is.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmaður auglýsinga: Brynja M Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is s. 512 5465. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Lagnir og þjónusta ehf. sinna allri almennri pípulagningaþjónustu og stífluþjónustu.

# Lengja líftíma lagna

**Lagnir og þjónusta ehf. í Sandgerði taka að sér allar gerðir pípulagnaþjónustu, viðhald og stífluþjónustu. Fyrirtækið flytur líka inn sérstakt jónunartæki sem lengir líftíma lagna.**

Það er hægt er að hringja í okkur allan sólarhringinn," segir Hafsteinn Már Steinarsson, pípulagningameistari og byggingaiðnfræðingur en hann rekur fyrirtækið Lagnir og þjónusta ehf. í Sandgerði. Fyrirtækið sinnir verkefnum á Suðurnesjum, Reykjavík og víðar.

„Við sinnum allri almennri pípulagningaþjónustu og stífluþjónustu. Við erum vel tækjum búnir og eigum meðal annars hitamyndavél og lagnamyndavélar, til að leita uppi leka, bæði í hitalögnum í gólfi og pípulögnum. Þá eigum við litla lagnamyndavél sem við komum inn í mjög þröng rör, allt niður í 14 millimetra í þvermál," útskýrir Hafsteinn.

Starfsmenn Lagna og þjónustu ehf. eru þrír og þjónusta þeir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Fyrirtækið tekur að sér allar gerðir pípulagna allt frá viðhaldi til nýlagna.

„Fólk hringir í píparann þegar því er orðið kalt," segir Hafsteinn hlæjandi. „Nú er mikið verið að endurnýja kalda vatnið en það er oft í galvaníseruðum lögnum sem stíflast þegar útfelling/kísill safnast í rörin," útskýrir Hafsteinn. Hann segir þó ekki alltaf þörf á að endurnýja lagnirnar frá grunni og hægt sé að leita ódýrari leiða sé fólk ekki tilbúið til að endurnýja lagnirnar.

„Við flytjum inn sérstakan búnað sem kemur í veg fyrir útfellingu í lögnum og rýrnun, Vulkan-jónunartæki sem hentar á allar gerðir af rörum. Tækið er sett á vatnsinntakið og tengt við rafmagn. Það myndar jónun sem stoppar útfellingu," útskýrir Hafsteinn og segir búnaðinn ekki dýran.

„Kostnaðurinn er í kringum 60 þúsund krónur fyrir einbýlishús og svo eru stærðirnar og verðið þar upp úr. Við höfum sett þetta upp á þó nokkrum stöðum og tækið kemur vel út. Tækið lengir líka líftíma blöndunartækjanna. Við gerum tilboð í að hreinsa úr lögnum og setja svo upp þetta tæki. Ef lagnirnar eru hins vegar mjög illa farnar og farið að leka kemur þetta ekki að notum. Við metum ástandið hverju sinni og hvort þetta á við. Þegar við erum að vinna tilboð í endurlögn fyrir fólk þá gerum við oft líka tilboð í þetta í leiðinni. Fólk getur þá metið verðið og keypt sér lengri líftíma á lagnirnar með jónunartækinu ef það leggur ekki í kostnaðinn við að endurnýja," segir Hafsteinn.

Frekari upplýsingar er að fá í síma 824-3410/824-3411 og gegnum netfangið lagnirogthjonusta@internet.is.

lagnaafl
HJÖRLEIFUR BJÖRNSSON
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI
8565525

STÍFLULOSUN – RÖRAMYNDUN
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
SKOLPHREINSUN ÁSGEIRS SF.
S. 892 7260 & 567 0530

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

# Öll svið greinarinnar undir

**Böðvar Markan pípulagningameistari rekur fyrirtækið B. Markan ehf. Með honum starfar samhentur hópur pípulagningamanna í hvers kyns lagnavinnu og jarð- og vélavinnu kringum hana, hvort sem um er að ræða nýbyggingar eða endurnýjun í eldri húsum. Sjá www.bmarkan.is.**

Okkar starfsemi gengur út á verkefni á sviði pípulagna, bæði stór og smá. Við vinnum verkin í góðu samráði við viðskiptavini okkar, förum yfir málin, metum hvaða lagnaefni eiga við og hvernig er best að standa að framkvæmdum," segir Böðvar Markan, hjá fyrirtækinu B. Markan ehf. í Lyngási 10 í Garðabæ. „Við erum með skurðgröfu og tæki til að vinna að greftri og tileinkum okkur öll svið greinarinnar, jarðvinnuna, vatnsúðakerfin, skolp- og drenlagnir, lagnir í nýbyggingar og endurnýjun í eldri húsum. Það er þekking hér á öllum þessum þáttum. Ég get sagt það hér í gamni að sveinn frá mér sem tók próf fyrir fáum árum var tveimur dögum á undan samnemendum sínum að klára sveinsprófið. Hann var búinn að kynnast öllu."

Hvaðan skyldi svo Böðvari hafa komið áhugi á pípulögnum? „Pabbi minn og bróðir voru báðir píparar og kannski spratt áhugi minn af því að kynnast því hvað þeir voru að gera, þeir eru báðir látnir. En ég var að vinna í húsbyggingum sem strákur og fiktaði við pípulagnir sem verkamaður. Svo fór ég á samning hjá Marínó Jóhannssyni, algerum eðalmanni, þegar Hótel Ísland var í byggingu. Jafnhliða fór ég í Iðnskólann og svo Meistaraskólann í beinu framhaldi."

Böðvar kveðst hafa unnið sem einyrki að megninu til fram á árið 2001, þá hafi fyrirtækið orðið til og hann farið að taka nema og menn í vinnu sem sumir séu enn hjá honum í dag. „Þetta hefur vaxið upp úr því að vera fyrirtæki með tvo, þrjá menn og upp í fjórtán þegar mest er. Það er góður andi í þessum hópi og menn hafa komið aftur inn í fyrirtækið eftir að hafa farið í annað um tíma. Þeir fá líka að prófa allt. Ég er ekki að segja að það sé eitthvað frábrugðið því sem er hjá öðrum sambærilegum fyrirtækjum hér á landi, enda búum við á eyju og þurfum að bjarga okkur. Ég þekki menn sem hafa farið til Noregs og ætluðu að fara að taka sér brotvél í hönd. Þá spurðu Norðmennirnir steinhissa; „Hvað, brjótið þið sjálfir?" Það er greinilega meiri verkaskipting þar."


Böðvar við eitt af verkefnum B. Markan á síðasta ári, endurnýjun lagna í hótelinu sem nú heitir Icelandair Hótel Reykjavík Natura.
MYND/GVA

# Holræsi og hryllingur

Holræsi eru ekki hugguleg mannvirki en yfir þeim hvílir þó einhver ógnarljómi sem hefur orðið mörgum kvikmyndagerðarmanninum að yrkisefni. Í kvikmyndinni The Third Man, sem gerð var eftir handriti Grahams Greene árið 1949, fer einn æsilegasti eltingaleikur kvikmyndasögunnar fram í holræsum Vínarborgar og allar götur síðan hafa holræsin verið uppspretta óhugnaðar og spennu í kvikmyndum.

Bandaríska hryllingsmyndin C.H.U.D. frá 1984 fjallar um mannætuskrímsli sem eitt sinn voru mennsk en urðu fyrir geislun og stökkbreyttust. Þau lifa góðu lífi í holræsakerfi New York-borgar þar sem þau nærast á útigangsfólki sem leitar skjóls í ræsunum. Fljótlega fara þau þó að færa út kvíarnar og herja á gangandi vegfarendur á götum New York í gegnum ræsisbrunnana með tilheyrandi skelfingu og óhugnaði.

Myndin hlaut dræmar móttökur gagnrýnenda en aðsóknin var góð og í dag er hún álitin költklassíker. Framhaldsmyndin C.H.U.D. II: Bud the C.H.U.D., sem gerð var árið 1989 til að fylgja eftir velgengni fyrri myndarinnar, féll þó í grýttan jarðveg og náði sér ekki á strik.

Margir kvikmyndagerðarmenn hafa látið sér nægja að halda sig við þann óhugnað sem holræsin búa yfir í raun og veru: myrkur, rottur og rangalar eru nógu ógnvekjandi ein og sér, einkum þegar hetjan er á hröðum flótta undan byssuglöðum bófum í morðþug.




C.H.U.D. vakti ekki hrifningu gagnrýnenda á sínum tíma en margir telja hana þó költklassíker.




## Iðnskólinn auglýsir

Almennt nám

Byggingagreinar

Hársnyrtiiðn

Listnám / Hönnun

Málmiðnir

Rafiðnir

Pípulagnir

Tækniteiknun

Starfsbraut

**Opið hús**

**7. mars kl. 13.30 - 18.00**

**Allir velkomnir**

**Iðnskólinn í Hafnarfirði**
Flatahraun 12 s: 585-3600
http://www.idnskolinn.is/







Stjórn Félags pípulagningameistara. Frá vinstri: Trausti Guðjónsson, Böðvar Markan, Skarphéðinn Skarphéðinsson, formaður félagsins, Hreggviður A. Sigurðsson, Birgir Jónsson og Kjartan Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Punktar frá Félagi pípulagningameistara

- Félag pípulagningameistara var stofnað af nokkrum pípulagningameisturum árið 1928 sem hagsmunafélag til að standa vörð um réttinda- og menntunarmál félagsmanna. Í dag sér félagið einnig um kjarasamninga fyrir félagsmenn sína.
- Félagsmenn eru um 130 löggiltir pípulagningameistarar af öllu landinu.
- Félagið hvetur landsmenn til að fela löggiltum meisturum að vinna öll verk til að koma í veg fyrir óvönduð vinnubrögð. Kvartanir vegna óvandaðra vinnubragða stafa af vinnu ófaglærðra manna.
- Þegar viðskipti eru á milli pípulagningameistara og viðskiptamanna, hvetur félagið báða aðila til að vanda til allrar undirbúningsvinnu er varðar útlistun á því hvað á að framkvæma og hvað er innifalið í þeirri upphæð sem greiða á fyrir. Með vandaðri undirbúningsvinnu er hægt að forðast allan þann ágreining sem því miður kemur stundum upp á milli aðila.
- Það sem heyrir undir pípulagningagreinina eru allar frárennslislagnir, hita- og vatnslagnir, gólfhitakerfi, snjóbræðslukerfi, slökkvikerfi og eftirlit með þeim, allur stýribúnaður, þar með talið hitaveitugrindur, hreinlætistæki og fleira.
- Félag pípulagningameistara hefur á undanförnum árum starfað mjög náið með fagaðilum í uppbyggingu pípulagninganámsins.
- Iðnskólinn í Hafnarfirði er eini skólinn sem hefur boðið upp á kennslu í pípulögnum.
- Félagið er aðili að Iðunni fræðslusetri sem sér um alla endurmenntun fyrir pípulagningagreinina.

# Bjóðum alla flóruna

**Breytingar hafa verið gerðar á pípulagna- og hreinlætistækjadeildum í verslunum Húsasmiðjunnar í Reykjavík og Hafnarfirði með áherslu á aukið vöruframboð og þjónustu.**

Húsasmiðjan er leiðandi fyrirtæki í sölu á byggingavörum og starfrækir sextán verslanir undir eigin merkjum um allt land. Í fyrra voru gagngerar endurbætur gerðar á verslunum Húsasmiðjunnar í Reykjavík og Hafnarfirði þar sem pípulagna- og hreinlætistækjadeildir voru stækkaðar með það fyrir augum að bæta frekar vöruúrval og þjónustu.

„Verslunin í Skútuvogi gekkst undir heilmiklar breytingar í febrúar á síðasta ári. Þær fólu meðal annars í sér stækkun og bætta staðsetningu pípulagnadeildar. Markmiðið var að auka þjónustu við iðnaðarmenn almennt en ekki bara pípulagningamenn sem þurfa nú ekki lengur að fara í gegnum alla verslunina til að ná á leiðarenda heldur komast beint að með því að fara bakdyramegin," segir Hannes Þór Bridde, vörustjóri pípulagna- og hreinlætistækjadeildar Húsasmiðjunnar.

Hann bætir við að nýjar og stærri pípulagna- og hreinlætistækjadeildir hafi í sama skyni verið opnaðar í verslun Húsasmiðjunnar í Hafnarfirði í nóvember í fyrra.

Að sögn Hannesar ætti því enginn að koma að tómum kofa hvað vöruúrval varðar. Húsasmiðjan bjóði alla flóruna bæði í pípulagnaefnum og hreinlætistækjum.




Enginn ætti að koma að tómum kofanum í verslunum Húsasmiðjunnar, að sögn Hannesar því vöruúrval sé mikið. MYND/STEFÁN

Þá séu vörurnar framleiddar af viðurkenndum erlendum aðilum sem Húsasmiðjan hafi átt í viðskiptum við um árabil og landsmenn þekki að góðu. Hann nefnir nokkur vörumerki sérstaklega til sögunnar.

„Danska fyrirtækið Danixa hefur séð Íslendingum fyrir blöndunartækjum í mörg ár sem hafa reynst vel. Sem dæmi höfum við alltaf glímt við mikinn og mismunandi þrýsting á heitu og köldu vatni og tækin frá Danixa þola hann vel," upplýsir hann og segir tveggja ára ábyrgð á vörunum.

Miðstöðvarofnar frá belgíska fyrirtækinu Henrad, sem eru á hagstæðu verði og með 10 ára ábyrgð, henta íslenskum aðstæðum segir hann og gólfhitateppi frá ítalska framleiðandanum Gecomini líka. „Hvort tveggja á auðvitað vel við í þessu fannfergi sem hér ríkir og er tilvalið í forstofur, baðherbergi og í rauninni í vistarverur fólks í heild sinni allt árið um kring."

Hannes bendir á að nánari upplýsingar sé að finna á heimasíðu Húsasmiðjunnar. Slóðin er www.husa.is.

# Gæði, þjónusta, og ábyrgð – það er Tengi

**Aðalsmerki Tengis eru gæði, þjónusta og ábyrgð. Lögð er áhersla á samstarf með fagmönnum í lagnaiðnaði. Í Tengi skynja menn uppsveiflu í byggingariðnaði og hafa fagmenn aðgang að fyrsta flokks lagnaefni og sérþjónustu fagfólks í sýningarsal þess.**



Halldór Fannar Halldórsson, pípulagningameistari hjá Tengi. Hann segir mikla framþróun hafa orðið í gerð lagnaefnis sem létt hafi fagmönnum störfin. MYND/ANTON

Tengi hefur mikinn metnað á öllum sviðum. Við leggjum áherslu á vandaðar, viðurkenndar og öruggar vörur, og höfum frá fyrstu tíð tekið fulla ábyrgð á öllum vörum sem við seljum," segir Halldór Fannar Halldórsson, pípulagnameistari hjá Tengi. Hann segir margt hafa breyst í þjónustu við íslenskan byggingariðnað frá upphafi hruns 2008. „Nú eru gerðar auknar kröfur um þjónustu, gæði og ábyrgð, og ekki síst verðlagningu. Það er engin nýlunda fyrir okkur; við höfum alltaf verið á tánum, en viljum nú skerpa enn betur á ímynd okkar og koma henni enn betur til skila til fagmanna í lagnaiðnaði."



## Sérþjónusta fyrir fagmenn

Halldór Fannar segir fagmenn fá úrvals þjónustu hjá Tengi, sem meðal annars felst í því að á móti þeim taka reyndir starfsmenn í sérstökum sýningarsal fyrirtækisins.

„Þá erum við einnig með sérstakan þjónustumann sem fer á staðinn til að leysa úr málum ef á þarf að halda og við leggjum mikla áherslu á varahluta- og viðgerðarþjónustu, en þess má geta að Tengi hefur nú þjónustað Mora á Íslandi í meira en aldarfjórðung."

## Mikil þróun í lagnaefni

Að sögn Halldórs Fannars hefur orðið mikil framþróun í gerð hvers kyns lagnaefnis.

„Lagnaiðnaðurinn fer ekki varhluta af tölvutækninni sem hefur jafnt og þétt rutt sér rúms í greininni. Þar má nefna þráðlausa hitanema í gólfhitakerfum, tölvustýrða loka og tilbúnar tengigrindur í ýmsum útfærslum," upplýsir Halldór Fannar.

„Þá hefur nýtt og betra lagnaefni, ásamt nýrri samsetningartækni, létt fagmönnum störfin, og sjaldnast þörf á fyrirferðarmiklum og þungum verkfærum í þessari atvinnugrein."

## Hraðinn kostaði sitt

Halldór Fannar segir margt hafa farið úrskeiðis í hraða góðærisins, eins og vottunar- og tækniupplýsingamál, sem ekki var víst á bætandi.

„Flestir ábyrgir aðilar innan byggingageirans hafa talað um þessa hluti árum saman, því þótt reglugerðir og tilskipanir séu fyrir hendi virðist margt skorta á samræmt eftirlit þegar kemur að vottunar- og tækniupplýsingamálum innan byggingariðnaðarins," segir Halldór Fannar og nefnir dæmi.

„Hér á landi er ekki óalgengt að seld séu óvottuð og ódýr blöndunartæki þar sem engar upplýsingar liggja á lausu um hvaða málmblöndur voru notaðar við framleiðsluna eða hvort tækin séu laus við skaðlega málma eins og sink, blý eða nikkel. Oft eru slík tæki ekki einu sinni merkt framleiðanda og rennslishávaði einnig vandamál þessu tengt," upplýsir Halldór Fannar.



„Á hinum Norðurlöndunum, sem við miðum okkur gjarnan við, er skylt að flokka blöndunartæki eftir því hver notkun þeirra á að vera og því fylgt rækilega eftir, þrátt fyrir að þar sé vatn yfirleitt ekki drukkið beint úr krananum."

## Áhugi tryggingafélaga vaxandi

Halldór Fannar segir heldur farið að birta til eftir að hægði verulega á byggingargeiranum eftir hrun.

„Ýmis viðhaldsverkefni eru farin í gang og munu aukast á næstu mánuðum. Nú þegar menn eru aftur farnir að ná andanum eftir hamaganginn gefst meiri tími til að gefa vottunum, gæðum, ábyrgð gaum, sem og tjónakostnaði sem getur orðið raunin þegar ekki er gætt að fyrrnefndum atriðum," útskýrir Halldór Fannar.

„Áhugi tryggingafélaga á þessum málaflokki fer vaxandi, enda vatnstjón stærri þáttur en tjón af völdum eldsvoða. Því er deginum ljósara að þegar hægt er að velja gæði, þjónustu og ábyrgð, er Tengi rétti kosturinn fyrir fagmenn í pípulögnum."


MINITEC -

gólfhitakerfi frá UPONOR - Samstarf með fagmönnum

TENGI






Heimeier

Heimeier hitastýrilokar
Öryggir og endingargóðir

- Heimeier ofnlokarnir hafa EKKI tilhneigingu til að festast.
- Tvöfaldir o - hringir koma í veg fyrir lekavandamál.
- Notendavænn hitanemi sem þú stillir að þínum þörfum.

Áralöng reynsla

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is

Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051 • tengi@tengi.is



bransanum. Stofan hefur þegar tryggt sér viðskipti WOW air og Nýherja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

það stendur fyrir: vandað efni, skemmtilega innlenda dagskrágerð, textaða þætti og svo framvegis. Stöð 2 gæti farið að bjóða upp á efni sem viðskiptavinurinn myndi kaupa beint af henni í stað þess að raða því í skipulagða sjónvarpsdagskrá. Hún þarf að feta sig áfram eins og allir aðrir í þessu.

Annað dæmi eru íslensku fréttamiðlarnir á netinu, vísir.is, mbl.is og fleiri. Þetta eru allt ókeypis miðlar. Stóra áskorunin hjá þeim verður að reyna að hafa einhverjar tekjur af vörunni sem þeir selja. Þeir verða að búa til áhuga hjá fólki til að borga fyrir efnið sem það sækir sér. Þá reynir á vörumerkið.“

## ÆTLA EKKI AÐ RUKKA ÞJÓNUSTULAUN

Ragnar segir Brandenburg ætla að brjóta upp það hefðbundna verðmódel sem íslenskar auglýsingastofur hafa unnið eftir. „Íslenskar auglýsingastofur hafa yfirleitt verið að bjóða upp á heildarþjónustu. Við ætlum hins vegar að einbeita okkur að hugmyndavinnu, hönnun og vörumerkjauppbyggingu; því sem við teljum okkur vera bestir í. Við ætlum til dæmis ekki að bjóða upp á birtingar en leyfa viðskiptavininum þess í stað að velja hvar hann vill vera með þær. Eða hvort hann vilji hreinlega sjá um þær sjálfur. Við ætlum heldur ekki að krefjast þjónustulauna, sem stofur á Íslandi hafa yfirleitt rukkað af allri aðkeyptri þjónustu. Það verðmódel hefur alltaf valdið ákveðinni tortryggni á milli viðskiptavina og auglýsingastofa.“

## MYNDBAND AUDDA DÆMI UM NÝJA LEIÐ

Í nóvember í fyrra varð nánast öllum ljóst að Auðunn Blöndal var að byrja með nýjan útvarpsþátt á FM957. Ástæðan var tónlistarmyndband sem framleitt var til að kynna þáttinn. Myndbandinu hefur verið deilt yfir 6.700 sinnum á Facebook síðan að það var sett í loftið.



AUÐUNN BLÖNDAL

Ragnar segir myndbandið gott dæmi um nýjar leiðir til að ná til markhópa. „Einhvern tímann hefði það vafist fyrir viðskiptavinum auglýsingastofa hefði svona hugmynd verið sett fram. Að leggja út í tölvuerðan kostnað til að búa til myndband sem færi síðan í fríðreifingu á netinu. Sú hugsunarvilla er oft til staðar að það eigi ekkert að kosta að framleiða efni fyrir netið vegna þess að það kostar ekkert að dreifa því. En galdurinn er einfaldlega að búa til eitthvað sem er nógu áhugavert og þá geturðu uppskorið ríkulega. FM957 náði á einni viku að kynna þennan þátt hans Auðuns fyrir nánast öllum í markhópi stöðvarinnar og sýndi með því að það getur verið skynsamlegt að leggja út í ákveðinn framleiðslukostnað ef efnið sem verður til er eftirsóknarvert.“

# 15 milljarða afskriftir

**Fundargerð sýnir að 96,9% skulda Höfðatorgs voru afskrifuð. Skuldir sem hafa gild tryggingaréttindi og hæfa greiðslugetu Höfðatorgs hvíla áfram á félaginu.**

FASTEIGNIR
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Kröfuhafar Höfðatorgs ehf. afskrifuðu um 15 milljarða króna, þegar þeir samþykktu nauðasamningsfrumvarp félagsins 22. desember síðastliðinn. Rúmlega 3% af samningskröfum var breytt í nýtt hlutafé en tæplega 97% þeirra voru felld niður. Þetta kemur fram í fundargerð hluthafafundar Höfðatorgs ehf. sem haldinn var 22. desember 2011. Í kjölfar nauðasamningsins eignaðist Íslandsbanki 72,5% hlut í Höfðatorgi en Eykt 27,5%.

Það er hærra hlutfall en greint var frá þegar meginatriði nauðasamningsfrumvarpsins voru birt í Lögbirtingarblaðinu skömmu fyrir jól. Þar var sagt að 90% af samningskröfum yrðu afskrifaðar en ekki tiltekið hversu háar þær voru. Höfðatorg er fasteignafélag sem leigir út um 47 þúsund fermetra af skrifstofuhúsnæði á Höfðatorgsreitnum og í nálægum byggingum. Um 85% af húsnæðinu er þegar í útleigu. Félagið var áður í eigu Holtasels ehf., og síðar Rótsúlu ehf. Pétur Guðmundsson, eigandi Eyktar, átti bæði félögin.

Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um umfang samningskrafna við Pétur Guðmundsson, eiganda Eyktar og stjórnarformann Höfðatorgs, og Íslandsbanka í lok desember. Hvorugur aðilinn vildi veita þær upplýsingar.

Í fundargerð hluthafafundar Höfðatorgs, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur hins vegar fram að nauðasamningurinn gerði ráð fyrir að allt hlutafé í Höfðatorgi yrði skrifað niður og síðan hækkað að nýju um 481 milljón króna. Íslandsbanki og Eykt ehf., og tvö önnur félög undir sama eignarhaldi, skráðu sig fyrir hinu nýja hlutafé og greiddu fyrir með skuldajöfnun. Sú skuldajöfnun nam 3,1% af samningskröfum nauðasamningsins. Heildarumfang samningskrafnanna var því um 15,5 milljarðar króna.

Nauðasamningurinn gerði einnig ráð fyrir því að Íslandsbanki og Eyktar-félögin afskrifuðu 96,9% af samningskröfum sínum, rúmlega 15 milljarða króna. Í kjölfarið varð Íslandsbanki eigandi að 72,5% hlutafjár í Höfðatorgi en Eykt eignaðist 27,5%.

Í fundargerðinni segir einnig að nauðasamningurinn geri ráð „fyrir því að hluti skulda sem talinn er hafa gild tryggingaréttindi á bak við sig og hæfir greiðslugetu félagsins hvíli áfram á eignum félagsins í formi langtímaskulda við Íslandsbanka, og eftir atvikum við Landsbankann hf.“. Því er ljóst að Höfðatorg mun enn bera skuldir, meðal annars við Íslandsbanka, þrátt fyrir háar afskriftir.

## NÝTT HLUTAFÉ 115,9 MILLJÓNIR KRÓNA

**Daginn eftir** að nauðasamningurinn var samþykktur, á Þorláksmessu 2011, var haldinn nýr hluthafafundur í Höfðatorgi ehf. Þar samþykktu hinir nýju hluthafar félagsins að hækka hlutafé þess um 115,9 milljónir króna. Eykt, Grjótháls og Holtasel, sem öll eru í eigu Péturs Guðmundssonar, lögðu fram 31,9 milljónir króna og Íslandsbanki 84 milljónir króna. Greiðslurnar voru í samræmi við eignarhlut hvors aðila. Fjárhæðirnar voru greiddar með reiðufé og millifærðar inn á reikning Höfðatorgs að morgni Þorláksmessu.



**UMDEILDUR** Þegar ákveðið var að byggja Höfðatorgsturninn var framkvæmdin afar umdeild. Um 85% af húsnæðinu sem tilheyrir Höfðatorgi eru nú í útleigu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á LEIÐ TIL ÚTLANDA




GLERAUGNAVERSLUN
Í FRÍHÖFN, LEIFSSTÖÐ

• Öll algengustu gleraugu útbúin á 15 mínútum
• Linsur: daglinsur og mánaðarlinsur • Sjónmælingar
• Sólgleraugu: Ray Ban, Oakley, Chanel, Prada og fl.

Ábyrgðar og þjónustuaðilar innanlands:
**Optical Studio Smáralind** og
**Optical Studio Hafnargötu/Keflavík**

Optical Studio
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

# Íslenskur frumkvöðull í Kísildalnum

**Guðmundur Hafsteinsson hefur síðustu ár gert sig gildandi í tæknigeiranum í Bandaríkjunum þar sem hann hefur unnið fyrir stórfyrirtækin Google og Apple. Síðustu misseri hefur Guðmundur unnið að þróun Siri-hugbúnaðarins fyrir iPhone en hyggst nú stofna eigið fyrirtæki.**

Guðmundur Hafsteinsson er frumkvöðull í orðsins fyllstu merkingu. Hann hóf feril sinn í atvinnulífinu á því að stofna eigið fyrirtæki og hyggst nú endurtaka leikinn eftir að hafa hætt störfum hjá Apple um helgina. Síðustu ár hefur hann starfað í Kísildal í Kaliforníu fyrir Google, Siri og loks Apple. Markaðurinn ræddi við Guðmund á mánudag og spurði fyrst hvað tæki við næst.

„Satt best að segja helli ég mér út í óvissuna. Ég er með óljósa hugmynd um hvað mig langar að gera og nú ætla ég að taka mér tíma til að fullvinna hana og sjá hvert það leiðir,“ segir Guðmundur og heldur áfram: „Nú ætla ég að taka hugmynd alveg frá grunni og reyna að gera að veruleika og það finnst mér gríðarlega spennandi. Að láta hugmynd vaxa upp í að verða að alvöru vöru sem leysir eitthvert vandamál.“



**GUÐMUNDUR HAFSTEINSSON OG SIRI** Guðmundur hefur síðustu tvö ár unnið við þróun Siri-forritsins fyrir iPhone sem var kynnt með pompi og prakt í haust. Hann er nú hættur hjá Apple og hyggst stofna eigið fyrirtæki.




### VANN FYRIR GOOGLE Í 5 ÁR

Guðmundur útskrifaðist úr MBA-námi við MIT-háskólann í Bandaríkjunum árið 2005. Að námi loknu flutti hann til Kísildalsins þar sem hann hóf störf hjá Google. „Ég hafði svo sem ekki ákveðið hvort ég ætlaði að starfa hér úti eða ekki að náminu loknu. Það var bara opið en mig hafði í raun alltaf dreymt um að komast í Kísildalinn. Sérstaklega eftir að hafa heimsótt hann í útskriftarferð í verkfræðinni,“ segir Guðmundur og bætir við: „Mig hefur alltaf langað að stofna aftur mitt eigið fyrirtæki. Þegar Google bauð mér vinnu hugsaði ég hins vegar að það væri sennilega góður skóli að vinna þar í nokkur ár, læra hvernig hlutirnir ganga fyrir sig hér úti og svo stofna fyrirtæki á ný.“

Guðmundur var hjá Google í fimm ár og vann þann tíma aðallega að tveimur stórum verkefnum. Lengst af við að koma Google Maps-vefsíðu fyrirtækisins inn í farsíma en síðasta hálfa árið við hönnun talgreiningarforrits sem gerði notendum kleift að nota Google-leitina með röddinni einni saman. Að fimm árum liðnum réði Guðmundur sig svo til tiltölulega óþekkts sprotafyrirtækis að nafni Siri. Nokkrum mánuðum síðar keypti Apple fyrirtækið og það er nú orðið heimsþekkt fyrir talgreiningarhugbúnað sem er innbyggður í nýjustu útgáfu iPhone.

„Eftir þennan tíma hjá Google ætlaði ég loks að stofna fyrirtæki eins og ég hef stefnt að. Þá hafði góður vinur minn Dag Kitthaus samband og bauð mér að koma til Siri þar sem hann var framkvæmdastjóri. Ég ræddi lengi við hann um þetta, lét að lokum tilleiðast og varð yfirmaður vöruþróunar,“ segir Guðmundur og heldur áfram: „Þetta var ekki bara rosalega áhugaverð tækni og áhugaverð vara sem Siri var að vinna að heldur var þetta líka mjög áhugavert teymi þannig að mér fannst ég verða að kýla á þetta. Nokkrum mánuðum síðar keypti Apple fyrirtækið og ég vann því fyrir Apple frá því í apríl 2010 og þangað til núna um helgina.“

### MÖGULEIKAR SIRI MIKLIR

Guðmundur segist mikið hafa hugsað um það síðustu mánuði sína hjá Google hvort hægt væri að búa til talgreiningarhugbúnað sem gæti ekki bara greint talað mál heldur í raun skilið það. Það hafi svo aftur verið einmitt það sem Siri var að reyna að gera.

„Þetta er ekki ný hugmynd, í Star Trek eru persónurnar oft að tala við tölvur. En Siri er í raun fyrsta forritið sem gerir þetta þannig að það gangi upp. Þessi tækni er mun breiðari en fyrri skyld forrit og leyfir notendum að tala við tölvu um ótrúlegustu hluti,“ segir Guðmundur og bætir við að það hafi verið heillaskref að Apple keypti fyrirtækið.

„Tæknin sem Siri var með var frábær og teymið þar var líka mjög gott. Þegar Apple keypti fyrirtækið vorum við skyndilega komin með vettvang til að koma vörunni til milljóna notenda í gegnum iPhone. Það er mjög óvenjulegt að hafa þessa blöndu; frábæra vöru, frábært teymi og vettvang til að koma henni til risastórs hóps notenda.“

Guðmundur segir það hafa verið mjög gaman að taka þátt í að hanna Siri og fylgjast svo með vörunni slá í gegn. Þó telur Guðmundur nokkuð ljóst að Siri sé einungis upphafið að notkun á þessari tækni.

„Það er vonlaust að segja nákvæmlega til um hvernig notkun á tækninni mun þróast. Ég held hins vegar að það sé augljóst að Siri er bara fyrsta skrefið. Ef maður veltir fyrir sér hvað er mögulegt þegar komið er tæki sem alltaf er hægt að hafa á sér, skilur hvað fólk segir og hægt er að tengja við þann heim þjónustu sem er í boði í gegnum netið, sér maður að möguleikarnir eru óendanlegir.“

### JOBS GAF APPLE MIKIÐ

Stóru fyrirtækin í Kísildalnum hafa orð á sér fyrir að búa starfsfólki sínu besta mögulega starfsumhverfi. Markaðnum lá forvitni á að vita hvernig það væri að starfa fyrir Apple og Google.

„Í fyrsta lagi verður að hafa í huga að þetta eru mjög stór fyrirtæki með fjölda ólíkra starfa. Í heildina skilja þau að starfsmennirnir eru þeirra helsta auðlind og gera því flest til að halda þeim ánægðum og skilvirkum. Þess vegna hafa þau bæði búið til rosalega þægilegt umhverfi fyrir starfsfólk. Það er hægt að fara í nudd eða líkamsrækt hvenær sem er, allur matur er rosalega góður og svo eru alls staðar lítil eldhús þar sem veitingar og drykkir eru á boðstólnum. En það sem mér finnst eiginlega mikilvægast en vill oft gleymast er að þegar þú ert að vinna hjá svona fyrirtæki ertu umkringdur fólki sem er gáfaðra en þú. Fólki sem er gaman að vinna með og þú getur lært mikið af. Það er virkilega gefandi,” segir Guðmundur.

Aðspurður hvernig hafi verið að vinna fyrir Steve Jobs svarar Guðmundur: „Jobs gaf fyrirtækinu gífurlega mikið. Hans geta til að sjá hvert fyrirtækið ætti að stefna, hvað virkaði og hvað ekki, og til að miðla þeirri sýn var ótrúleg. Og ég persónulega sæki mikinn innblástur til hans,“ segir Guðmundur sem bætir við að nýleg ævisaga Walters Isaacson um Jobs gefi góða innsýn í hugarheim mannsins.

Að lokum segist Guðmundur sakna margs frá Íslandi þótt lífið í Kísildalnum sé gott. Fjölskyldan velti því af þeim sökum reglulega fyrir sér hvort tími sé kominn til að halda heim. Þá segist hann mjög spenntur fyrir sprotageiranum á Íslandi þar sem fjöldi áhugaverðra fyrirtækja, svo sem Meniga og Datamarket, séu að gera frábæra hluti. Loks segist hann myndu vilja sjá meira lagt í að búa íslenskum sprotafyrirtækjum gott umhverfi. Geirinn geti komið Íslandi aftur á réttan kjöl og drifið áfram atvinnusköpun og vöxt á næstu árum.

### HÓF FERILINN Í TÆKNIGEIRANUM Á ÍSLANDI

Guðmundur Hafsteinsson er fæddur á Húsavík en ólst upp í Breiðholtinu. Hann gekk í MR og lærði svo rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslands. Sumarið fyrir lokaárið sitt í verkfræðinni stofnaði Guðmundur fyrirtækið Dímon ásamt skólafélögum sínum, þeim Georg Lúðvíkssyni og Hjalta Þórarinssyni. Dímon gaf árið 1998 út fræðslutölvuleikinn Tímaflakkarann sem var að mestu leyti unninn í kjallaranum hjá foreldrum Guðmundar. Síðar skipti fyrirtækið um kúrs og hóf að vinna að því að yfirfæra ýmiss konar virkni af internetinu inn í farsíma. Rekstur fyrirtækisins gekk fyrst um sinn nokkuð vel en eftir að netbólan svokallaða sprakk árið 2001 varð hann erfiðari. Í kjölfarið fór Guðmundur að huga að næstu skrefum og fór að lokum í nám til Bandaríkjanna. Guðmundur er giftur Eddu Hafsteinsdóttur og saman eiga þau þrjú börn.

Pallettu tjakkur
EP Pallettu-tjakkur
2 tonna lyftigeta
31.990,-
MÚRBÚÐIN
Kletthálsi 7 - Reykjavík
Fuglavík 18 - Reykjanesbæ
Furuvöllum 15 - Akureyri

Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði
Hótel Hilton Nordica fimmtudaginn 26. janúar nk. kl. 8:30-10:00
Samkeppniseftirlitið kynnir skýrslu sína um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði. Í skýrslunni er varpað ljósi á verðþróun sl. sex ár hjá birgjum og smásölum og lýst þeim aðstæðum sem nýir og smærri smásalar standa frammi fyrir í verðsamkeppni.
Dagskrá // Fundarstjóri er Rögnvaldur J. Sæmundsson, formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins
Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra ávarpar ráðstefnuna
FYRRI HLUTI
KYNNING Á SKÝRSLUNNI
Páll Gunnar Pálsson, forstjóri
Benedikt Árnason, aðalhagfræðingur
Steingrímur Ægisson, sviðsstjóri
SEINNI HLUTI
HVERT SKAL STEFNT?
Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samkaupa
Finnur Árnason, forstjóri Haga
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda
Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur, Bændasamtökum Íslands
Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins
AÐGANGUR ER ÓKEYPIS
Skráning á ráðstefnuna fer fram á www.samkeppni.is
HÚS OPNAR 8:00
Kaffi 8:00 - 8:30
SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ
Borgartúni 26, 125 Reykjavík, www.samkeppni.is
PORT hönnun


Nýi
besti
vinur
þinn?
lenovo
Öflug Lenovo spjaldtölva sem
fylgir þér hvert sem er.
3G, þráðlaust net, Bluetooth og GPS
10,1" skjár 1280x800
Penni sem yfirfærir texta á tölvutækt form
Dulritun upplýsinga fyrir tölvupóst og gögn
Tvær myndavélar
9 klst. rafhlaða
Android 3,1
Gorilla Glass skjár, rispast síður
32 GB
Aðeins 99.900 kr.
64 GB
Aðeins 109.900 kr.
lenovo
ThinkPad
NÝHERJI
BETRI LAUSNIR
Nýherji hf. sími 569 7700 www.netverslun.is

## BANKAHÓLFIÐ



Magnús Þorlákur Lúðvíksson

# Atgervisaðsókn

Atgervisflótti, eða spekileki, hefur verið talsvert til umræðu á Íslandi frá bankahruni. Nokkur þúsund íslenskar fjölskyldur hafa flutt úr landi eftir hrun vegna fárra tækifæra á vinnumarkaði, lægri launa en í nágrannalöndunum og ýmissa annarra þátta. Í sjálfu sér er það hið besta mál að Íslendingar geti aflað sér viðurværis annars staðar þegar tækifæri hér eru af skornum skammti. Að fjöldi fólks kjósi að gera það er hins vegar dapurlegt að því leyti að það bendir til þess að ekki gangi nægilega vel að byggja hér upp samfélag þar sem lífskjör og tækifæri eru eins og best þekkjast.

Sú birtingarmynd þessarar þróunar sem er hvað dapurlegust er fækkun sérmenntaðs fólks á vinnumarkaði. Þróun sem hefur orðið á sama tíma og skortur hefur verið á slíku starfsfólki, ekki síst tæknimenntuðu, í atvinnulífinu! Mannauður er fjármagnsstofn rétt eins og tæki og tól. Hverfi sérfræðiþekking úr landi minnka vaxtartækifæri efnahagslífsins og lífskjör til framtíðar versna. Verkefni stjórnvalda hlýtur því að vera að reyna að draga úr atgervisflótta eftir föngum. Um þetta er nokkuð víðtæk samstaða. Hvar svo sem fólk stendur í stjórnmálum þykir flestum dapurlegt að horfa á eftir efnilegasta fólki landsins til nýrra heimkynna. Um það hefur enda verið mikið rætt síðustu misseri. Öllu minna hefur hins vegar verið rætt um spegilmynd atgervisflótta sem kalla má atgervisaðsókn. Það að sérmenntaðir útlendingar flytjist til Íslands. Felist kostnaður í atgervisflótta má ímynda sér að hægt sá að hafa talsverðan ábata af atgervisaðsókn.

Ísland er síður en svo eina ríki Vesturlanda þar sem skortur er á sérmenntuðu starfsfólki. Í Bandaríkjunum hefur til að mynda verið viðvarandi skortur á verkfræðingum í ákveðnum geirum um langa hríð. Hafa ýmsir kallað eftir því að sérmenntuðum útlendingum verði gert auðveldara fyrir að flytjast til Bandaríkjanna eða þá dvelja þar áfram eftir nám. Ein hugmynd sem hefur borið á er að vel menntaðir útlendingar fái að vinna skattlaust í landinu fyrsta árið. Kanada er svo dæmi um land sem hefur gert menntuðum útlendingum auðvelt fyrir að flytjast til landsins og uppskorið ríkulega fyrir vikið.

Auðvitað er þetta flókinn málaflokkur þar sem ber að líta til margra hluta. Í fljótu bragði mætti nefna áhrif á íslenskan vinnumarkað, launastig í hagkerfinu og ríkisfjármálin. Að ógleymdum áhrifum á minna þróuð ríki. Umræða um hvort æskilegt sé fyrir Íslendinga að ýta undir atgervisaðsókn hefur hins vegar höfundi vitanlega ekki farið fram hér á landi. Snjöll stefnumótun í málaflokknum gæti aukið hagvöxt á Íslandi til framtíðar og þar með stuðlað að betri lífskjörum. Hvernig væri að einhverjir stjórnmálamenn skoðuðu málið?





Nýtt fyrir konur og karla, CLUB FIT - VIP 6-vikna námskeið

KOMDU ÞÉR Í TOPPFORM

45 mínútur 3x í viku

Þjálfun á hlaupabrettum og lyftingar með lóðum. Hraði og þyngdir sem henta hverjum og einum. Æfingar og hörku keyrsla undir handleiðslu þjálfara sem leiðbeinir og hvetur áfram.
**Þrumu stemning!**
Hámarks fitubrennsla, aukin grunnbrennsla og betra þol.

Allar nánari upplýsingar um verð og tímasetningar á www.hreyfing.is

Pantaðu frían prufutíma á www.hreyfing.is

**Innifalið:**
- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Club Fit æfingakerfið sem miðar að því að „ögra“ líkamanum að komast út úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir á lokuðu heimasvæði
- Sérstakar mataræðisráðleggingar um hvernig þú getur gert skynsamlegar breytingar án þess að finna fyrir svengd og náð markmiðum þínum örugglega
- Mælinga, þol-, styrktar- og fitumælingar fyrir og eftir

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND | Álfheimar 74 414 4000 hreyfing@hreyfing.is www.hreyfing.is

„TRY&BUY“
Prófið Samsung CLP-670N prentarann án gjalds í 30 daga



TILBOÐ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Ef þér líkar ekki við hann þá geturðu skilað honum aftur án nokkura spurninga af okkar hálfu

Við hjá ORMSSON erum svo fullvissir um gæði prentarans, að við getum með stolti boðið þér hann á þessum vildarkjörum.

ÖFLUGUR LITAGEISLAPRENTARI
með innbyggðu netkorti, prentar allt að 24 bls/mín
Upplausn: 9600 x 600 dpi. Verð aðeins 59.900 kr.

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SAMSUNG
SAMSUNG ER STÆRSTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI Í HEIMI OG NÆST STÆRSTI SÖLUAÐILI Á GEISLAPRENTURUM Í EVRÓPU skv. IDC

## Atvinna

### Hótel - Gestamóttaka

**Starfssvið:** Almenn gestamóttökustörf, Tilboðs og samningagerð, sala dagsferða til gesta, utanumhald um bókanir.

**Skilyrði:** Reynsla af sambærilegum störfum æskileg. Um er að ræða sumarstarfsmann sem vinnur á vöktum. Hlutastarfi í Febrúar - Apríl möguleiki og fullt starf frá apríl og í sumar. Vantar einstakling sem er skipulagður með góða þjónustulund. Góða tölvu- og tungumálakunnátta og sjálfstæð vinnubrögð.

*Umsóknir óskast sendar á box@frett.is , merkt: „Gestamóttaka“*

## Tilkynningar

Sveitarfélagið Ölfus

### Auglýsing um tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss, 2010-2022. Samhliða auglýst drög af deiliskipulagi fyrir ylræktarver, innan iðnaðarreits, vestan Hellisheiðavirkjunar.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum þann 29. desember 2011 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt 31.gr skipulagslaga nr. 123/2010. Endurskoðunin tekur til alls sveitarfélagsins. Samhliða auglýsingu á aðalskipulagi er auglýst deiliskipulag fyrir ylræktarver, innan iðnaðarsvæðis við Hellisheiðavirkjun.

**Endurskoðað aðalskipulag Ölfuss, 2010-2022.**
Fyrir liggur aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014. Nú er komið að endurskoðun þar sem unnin eru skýr markmið aðalskipulagsins, 2010-2022. Skýrar stefnur og markmið eru sett fyrir þéttbýli og dreifbýli. Synjað var staðfestingu á hluta gildandi aðalskipulags, er nær yfir Bitru. Skipulagi á þeim reit er frestað og reiturinn settur inn með hvítu tákni á uppdrætti. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind, vegir, reiðleiðir og hjólaleiðir, hafnir og sjóvarnir. Náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja eru skilgreind og nýtt hverfisverndarsvæði er sett inn í aðalskipulagið sem nær yfir Reykjadal og Grændal og næsta nágrenni. Vatnsból og verndarsvæði eru skýrð, fornminjar, efnistökusvæði, veitur, orkuvinnsla og náttúruvá. Stækkun er á iðnaðarsvæði vestan Hellisheiðavirkjunar, um 112 ha, sem er fyrir starfsemi sem nýtir afurðir frá Hellisheiðavirkjun. Samhliða auglýsingu á endurskoðuðu aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022, er auglýst deiliskipulag innan þessa reits.
Endurskoðað aðalskipulag 2010-2022 er sett fram með greinargerð, umhverfisskýrslu aðalskipulagsuppdrætti og einnig séruppdrættir fyrir þéttbýlisstaðina Þorlákshöfn og Árbæ. Einnig eru skýringaruppdrættir.

**Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi ylræktarvers á iðnaðarlóð vestan við Hellisheiðavirkjun.**
Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum þann 29. desember 2011 að á grunni skipulagslýsingar að halda kynningarfund fyrir íbúa sveitarfélagsins og að auglýsa drög að deiliskipulagi samkvæmt 41.gr skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir ylræktarver vestan Hellisheiðavirkjunar.
Kynnt eru drög að deiliskipulagi ylræktarvers til framleiðslu á tómötum til útflutnings. Staðsetning ylræktarversins er í nágrenni Hellisheiðavirkjunar og nýtir heitt og kalt vatn frá virkjuninni ásamt rafmagni. Deiliskipulagið nær yfir um 24 ha reits innan 112 ha reits sem fyrirhugaður er fyrir starfsemi sem nýtir afurðir frá Hellisheiðavirkjun, og mengar ekki loft eða grunnvatn. Nýttar verða tæknilegar útfærslur til að draga úr áhrifum af lýsingu og örðum umhverfisþáttum í rekstri ylræktarversins.
Drög að deiliskipulagi er sett fram með greinargerð, umhverfislýsingu og uppdráttum.

Tillögurnar, fyrir endurskoðað aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 og drög að deiliskipulagi fyrir ylræktarver ásamt greinargerðum,verða til sýnis á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, á skrifstofutíma, frá og með mánudeginum 23. janúar 2012 til og með 5. mars 2012. Einnig munu tillögurnar verða aðgengilegar á heimasíðu bæjarins www.olfus.is og einnig hjá Skipulagsstofnun á www.skipulagsstofnun.is . Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar til og með 7. mars 2012. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa Ölfuss á bæjarskrifstofur í Ráðhúsi, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna, teljast henni samþykkir.

Sigurður Jónsson
skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríann prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**HEILSA - NUDD**
FÓTAAÐGERÐIR - DETOX - NUDD. RÁÐGJÖF varðandi kvilla, næringu, hreyfingu, bætiefni, vinnu, lífsstíl og hamingju. NÁMSKEIÐ. HAGSTÆÐ TILBOÐ. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**Hundur gefins**
Yndislegur árs gamall Collie (Kátur) fæst gefins vegna ofnæmis. Upplýsingar gefur Ásgeir í síma 824 4042 / 562 2209 eða póstfang asgeir@stjornublikk.isóska eftir gullfiskum í búri.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

45 ára Einstaklingur óskar eftir íbúð í Rvk. 50 - 70 fm. Eingöngu langtímaleiga. Uppl. í 698-6505

Fjöldskylda leitar að 2ja herb. eða stúdíóíbúð. 109 , 110 , 112 , kóp eða hfj. Uppl. í s. 865 7007.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Gisting




## Til leigu

**ATVINNUHÚS EHF**

# VERSLUNARHÚSNÆÐI OG LAGER TIL LEIGU VIÐ FÁKAFEN



Frábærlega vel staðsett verslunarhúsnæði með fjölda bílastæða á áberandi stað á Skeifusvæðinu. Verslunarrými 672 fm. Lagerpláss með mikilli lofthæð í kjallara 809 fm. **Laust**

Atli Vagnsson hdl. og löggiltur fasteignasali
HVERFISGATA 4 – 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 698-4611 / 561-4433 – ATLI@ATVINNUHUS.IS

# ATVINNA

## Atvinna í boði



Viltu vinna lítið og hafa lítil laun eða vinna mikið og hafa mikil laun? Frjáls vinnutími. Uppl. 568 8977 & 773 6099

Vanan mann vantar á hjólbarðaverkstæði. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Barðinn Hjólbarðaverkstæði, Skútuvogi 2. Sími 568 3080.

Óska eftir vönu beitninga fólki eða duglegu fólki í beitningu á Suðurnesjum. Þarf að geta byrjað strax. S: 894-6927

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Atvinna

**BIRTÍNGUR**
**ÚTGÁFUFÉLAG**

Reyndur blaðamaður óskast til að taka að sér spennandi og nýtt verkefni í útgáfu. Stúdentspróf er skilyrði, en háskólapróf er æskilegt. Verður að geta unnið sjálfstætt.
*Umsóknir óskast sendar á karl@birtingur.is*

**Birtíngur er stærsti útgefandi tímarita á Íslandi.**

Markmið Birtíngs er að bjóða upp á ánægjulega skemmtun og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna með útgáfu vandaðra tímarita þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi. Tímaritin eru öll í fremstu röð og hafa notið mikilla vinsælda íslenskra lesenda í áraraðir.

MANNLÍF Heilsan SAGAN ÖLL Gestgjafinn SÉÐ OG HEYRT NÝTT LÍF Júlía VIKAN HÚS OG HÍBÝLI


Úrval ljósa á betra verði
ÚTSÖLULOK!
10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800



*Ástkær faðir okkar,*

**Ingimundur Eyjólfsson**
Hafnarbraut 23, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 22. janúar sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 30. janúar kl. 13.00.

**Jón Þórir Ingimundarson**
**Elín Ingimundardóttir**
**Vigdís Gígja Ingimundardóttir**



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur, bróðir og afi,*

**Björn H. Tryggvason**
Kirkjubraut 17, Akranesi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 18. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 27. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Helga Bjarnadóttir**
**Bjarni Ingi Björnsson** **Ingibjörg Barðadóttir**
**Guðrún Hallfríður Björnsdóttir**
**Elínborg Björnsdóttir** **Sturla Magnússon**
**Tryggvi Björnsson** **Margrét Guðbjörnsdóttir**
**Guðrún Hallfríður Jónsdóttir**
**systkini og barnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún Guðnadóttir**
Sléttuvegi 23,

lést 22. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Vigfús Ólafsson**
**börn, tengdadætur og barnabörn.**



*Okkar hjartkæri,*

**Magnús Vilhjálmsson**
skipasmiður, Grandavegi 47,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 16. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 26. janúar kl. 15.00.

**Guðrún Guðlaugsdóttir**
**Guðbjörg Magnúsdóttir** **Árni Larsson**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Garðar Sigurpálsson**
frá Hrísey,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 19. janúar. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 27. janúar kl. 15.00.

**Hulda Garðarsdóttir** **Erling Jóhannesson**
**Alma Garðarsdóttir** **Jón Guðmundsson**
**Sigurpáll Hallur Garðarsson**
**og fjölskyldur.**

# Þrjár Aukasýningar á Póker

Leikhópurinn Fullt hús verður með þrjár aukasýningar á Póker vegna góðra viðbragða áhorfenda. Sýningarnar verða 26., 27. og 28. janúar og hefjast allar klukkan 20 í Tjarnarbíói.

Póker er eftir breska leikskáldið Patrick Marber. Leikritið er svört kómedía sem kafar í heim karlmennsku, valdatafls, pókerspilamennsku, keppnisanda og fíknar. Leikstjóri er Valdimar Örn Flygenring og þýðandi er Jón Stefán Sigurðsson sem einnig fer með hlutverk í verkinu. aðrir leikarar eru Ellert A. Ingimundarson, Þorsteinn Gunnar Bjarnason, Magnús Guðmundsson, Finnbogi Þorkell Jónsson og Ingi Hrafn Hilmarsson.

Leikritið Póker hefur farið sigurför um allt Bretland og Bandaríkin og unnið til margra verðlauna. Má nefna að það var valið besta West End-leikritið af samtökum leikskálda árið 1995 og var einnig valið besti gamanleikurinn sama ár af Evening Standard.



Valdimar Örn Flygenring, leikstjóri og leikari.



KÍNVERJARNIR DRAGA BJÖRG AÐ LANDI. MYND/NORDICPHOTO/GETTYIMAGES

# Í leit að betra lífi

Heimildarmyndin Betra líf, eftir Zhou Hao, verður sýnd í Odda klukkan 17 á morgun á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós.

Betra líf var gerð á síðasta ári og snýst um það að fyrir áratug fluttu margir bændur og fjölskyldur þeirra í lítið sjávarþorp í suðurhluta Kína. Þeir komu úr frumstæðum aðstæðum í dreifðum byggðum og voru í leit að betra lífi. Á nýjum stað þarf fólkið að reyna að fóta sig í nýju umhverfi, læra ný vinnubrögð og lifa við kringumstæður sem eru því framandi. Í stað þess að yrkja jörðina stunda karlmennirnir veiðar úr sjónum og konurnar sjá um bókhaldið og að semja við kaupendur, auk heimilisstarfanna.

Ekki er þó fullljóst í lok myndar hvort fólkið nær að aðlagast breytingunum til fulls og lifa betra lífi á nýjum stað.

Aðgangur er ókeypis á myndina sem tekur 52 mínútur í sýningu og allir eru velkomnir.



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát föður okkar,*

**Ragnars Ágústssonar**
skipstjóra.

Starfsfólki á Hrafnistu í Hafnarfirði sendum við kærar þakkir fyrir góða umönnun og hlýju.

**Ágúst Aðalsteinn Ragnarsson**
**Rafn Alexander Ragnarsson**
**Ragnar Hilmir Ragnarsson**



*Elskuleg móðir mín,*

**Unnur Júlíusdóttir**
frá Kirkjubæjarklaustri,
til heimilis í Kópavogi,

lést miðvikudaginn 18. janúar á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Jarðarförin fer fram frá Lindakirkju, föstudaginn 27. janúar kl. 11.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Eiríkur Tómasson**



*Okkar ástkæra,*

**Erna Jóna Eyjólfsdóttir**

sem lést 18. janúar sl., verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 26. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast Ernu er bent á Ljósið.

**Geir Sigurðsson**
**Sigurður Geirsson**
**Erlingur Geirsson**
**Eyjólfur Guðmundsson** **Eygló Úlfhildur Ebenesersdóttir**
**Guðbjörg Eyjólfsdóttir** **Óskar Sævarsson**
**Guðmundur Eyjólfsson** **Gréta Björg Blængsdóttir**
**Andri Þór Eyjólfsson** **Ragnhildur Reynisdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Njálsson**
Efstaleiti 14, Reykjavík,

lést aðfaranótt 23. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 30. janúar kl. 15.00.

**Guðný Þorsteinsdóttir**
**Halldóra Sigurðardóttir** **Viðar Símonarson**
**Anna Sjöfn Sigurðardóttir** **Guðmundur Páll Ásgeirsson**
**Ólafur Njáll Sigurðsson** **Birna Bergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Sigríður Sigurðardóttir**
áður til heimilis að Furugerði 1,

lést á Hrafnistu Laugarási þann 11. janúar. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið.

**Erla Ólafsdóttir** **Örvar Ingólfsson**
**Örn Ólafsson** **Signý Einarsdóttir**
**Svala Ólafsdóttir** **Sigurður Lárus Hall**
**Hulda Ólafsdóttir** **Björn Pálmar Sveinsson**
**Ragnar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 998 KR.




**498** KR. 500 ML
BÓNUS **ÞORSKALÝSI**




1. KJÚKLINGA HEILSURÉTTUR
2. KJÚKLINGUR OG NÚÐLUR
3. MEXICANST BURRITOS
4. ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
5. PASTA CARBONARA
6. ÍTALSKT LASAGNE

**TILBÚNIR** BÓNUSRÉTTIR SEM AÐEINS ÞARF AÐ HITA UPP HEIMA: **FYRIR 3-4**




**398** KR. 500 GR
BÓNUS KAFFI 500 GR




**179** KR. 1 LTR.
BÓNUS FLORIDASAFI




**998** KR. KG
NF: FROSNIR **ÝSUBITAR** ROÐ OG BEINLAUSIR



**998** KR. KG
NF FROSNIR **ÞORSKBITAR** ROÐ OG BEINLAUSIR




**798** KR. 800 GR
BÓNUS FROSNIR **ÝSUBITAR** Í RASPI; ***TILBÚNIR Á PÖNNUNA***

## ÓDÝRT Í BÓNUS




**1998** KR. PK
ARIEL ÞVOTTAEFNI **50 ÞVOTTAR**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



**259** KR. KG
KS FROSIN **LAMBALIFUR**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



**998** KR. KG
KS FROSINN **LAMBAFRAMPARTUR /BÓGUR**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



**298** KR. KG
KS FROSIN **LAMBAHJÖRTU**




**1498** KR. 900GR
FROSNAR **KJÚKLINGA-BRINGUR** 900GR




**298** KR. 750 GR
**KORNFLEKS** 750GR




**198** KR. 300 GR
**BRAUÐRASP**




**195** KR. 2 LTR

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | | 7 | 2 | 9 | |
| | | | 8 | | | 5 | 3 | |
| | | | | | 5 | | 4 | 7 |
| | 8 | 1 | | | 4 | | | 5 |
| | | 3 | | 1 | | 4 | | |
| 9 | | | 5 | | | 6 | 8 | |
| 3 | 1 | | 2 | | | | | |
| | 2 | 9 | | | 6 | | | |
| | 6 | 8 | 1 | | 3 | | | |

28

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 28 ER Á BONUS.IS

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** tveir eins, **8.** fljótfærni, **9.** skilaboð, **11.** átt, **12.** vegna, **14.** nirfill, **16.** í röð, **17.** ról, **18.** umfram, **20.** íþróttafélag, **21.** snudda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svei, **3.** rún, **4.** land í Evrópu, **5.** rjúka, **7.** umhirða, **10.** hallandi, **13.** líða vel, **15.** skrifa, **16.** raus, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** júdó, **6.** uu, **8.** ras, **9.** sms, **11.** na, **12.** sökum, **14.** nánös, **16.** mn, **17.** ark, **18.** auk, **20.** kr, **21.** snuð.
**LÓÐRÉTT:** **1.** fuss, **3.** úr, **4.** danmörk, **5.** ósa, **7.** umönnun, **10.** ská, **13.** una, **15.** skrá, **16.** mas, **19.** ku.






# Mamma Bobba starfrækir mig

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Allir þekkja þá tilhlökkun sem fylgir því að flytja að heiman. Að skapa sér eigin tilveru og skera á naflastrenginn við ma og pa. Frelsistilfinningin sem grípur mann við það að ráða sér sjálfur gerir meira að segja sokkaþvott skemmtilegan fyrst um sinn. Stundum virðast Íslendingar hins vegar ekki hafa gert sér grein fyrir því að ábyrgð fylgir því að flytja að heiman og stofna eigið heimili. Oft er eins og við teljum það eðlilegasta hlut í heimi að þegar við erum búin að klúðra málum rækilega getum við hringt í mömmu og pabba sem koma og bjarga okkur. Og fyrir okkur öll er ríkisvaldið okkar foreldrar.

**ÞANNIG** tók það ekki langan tíma fyrir nýeinkavædda banka að fara á hausinn og hringja í ma og pa til að taka til eftir partýið. Þetta á hins vegar við í mun fleiri tilfellum. Manni virðist oft og tíðum að við kunnum ekki alveg fótum okkar forráð ein og sér. Kannski er það vegna þess að við vitum að alltaf kemur einhver og bjargar okkur.

**TÖKUM** iðnaðarsaltið sem dæmi. Fyrirtæki úti í bæ selur salt sem kyrfilega er merkt sem iðnaðarsalt, í umbúðum með reykspúandi verksmiðju, sem matarsalt. Önnur fyrirtæki kaupa sama salt og nota í matinn sem þau framleiða. Allir græða enda saltið ódýrara. Nema neytendur reyndar. Þegar málið kemst upp beinast sjónir hins vegar um leið að eftirlitsaðilunum. Ábyrgð þeirra sem helltu úr pokunum með verksmiðjumyndinni í rúnnstykkjadeigið virðist allt í einu engin. Eftirlitið brást, segja menn. En er það ekki á mína ábyrgð hvað ég nota í mína framleiðslu? Helli ég glaður hverju sem er í vörurnar mínar ef eftirlitið hefur ekki bannað mér það?

**EINS** er með skattsvik, sem stundum hafa verið kölluð þjóðaríþrótt Íslendinga. Kerfið er bara ekki betra en þetta, segja menn og yppta öxlum. En ekkert kerfi tekur fyrir öll undanskot. Ábyrgðin er þeirra sem nýta sér þau, ekki þeirra sem komu ekki auga á leiðir til að girða fyrir þau.

**BRJÓSTAFYLLINGARMÁLIÐ** ógurlega er annað dæmi. Maður sem rekur fyrirtæki, læknastofu, úti í bæ, notaði gallaða vöru. Ríkið borgar. Hvar er kapítalisminn í því? Hvernig stendur á því að fyrirtæki og við öll virðumst reiða okkur á ríkið til að hjálpa okkur endalaust?

**ÉG** á mig sjálf, en Mamma Bobba starfrækir mig söng Megas. Eigum okkur sjálf, berum ábyrgð á okkur sjálfum og hættum að hringja í Mömmu Bobba þegar illa fer.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





BRÁÐFYNDINN SJÓNTÓNLEIKUR
HUNDUR Í ÓSKILUM
SAGA ÞJÓÐAR
LEIKSTJÓRN: BENEDIKT ERLINGSSON
ÍSLANDSSAGAN Á HUNDAVAÐI
Í TALI OG TÓNUM
Sýningar hefjast föstudaginn 27. janúar kl. 20
Fös. 27/1 kl. 20 UPPSELT
Lau. 28/1 kl. 20 örfá sæti
Fim. 2/2 kl. 20
Fös 3/2 kl. 20 örfá sæti
Fim 9/2 kl. 20
Fös 10/2 kl. 20
SAGA ÞJÓÐAR ER SAMSTARFSVERKEFNI HUNDS Í ÓSKILUM,
LEIKFÉLAGS AKUREYRAR OG BORGARLEIKHÚSSINS
Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is
BÍLALEIGA AKUREYRAR
National Car Rental

# Ævintýramyndin Hugo með ellefu tilnefningar

**Þrívíddarmyndin Hugo fékk ellefu tilnefningar til Óskarsverðlaunanna. Meryl Streep fékk sína sautjándu tilnefningu.**

Þrívíddarmynd Martins Scorsese, Hugo, hlaut flestar tilnefningar til Óskarsverðlaunanna í ár, eða ellefu talsins. Myndin gerist á fjórða áratug síðustu aldar og fjallar um munaðarleysingja sem elst upp á lestarstöð.

Næst á eftir henni kom svarthvíta og þögla myndin The Artist með tíu tilnefningar. Þrjár myndir voru tilnefndar til sex verðlauna, eða The Help, Moneyball og War Horse.

Allar fyrrnefndu myndirnar voru tilnefndar sem besta mynd síðasta árs, ásamt The Tree of Life, Midnight In Paris, The Descendants og Extremely Loud and Incredibly Close

Fimm leikarar berjast um Óskarinn fyrir bestan leik í aðalhlutverki, eða þeir Jean Dujardin (The Artist), Demian Bichir (A Better Life), Brad Pitt (Moneyball), George Clooney (The Descendants) og Gary Oldman (Tinker Tailor Soldier Spy.

Sem besta leikkonan í aðalhlutverki voru tilnefndar þær Glenn Close (Albert Nobbs), Viola Davis (The Help), Rooney Mara (The Girl With The Dragon Tattoo), Meryl Streep (The Iron Lady) og Michelle Williams (My Week With Marilyn).

Streep hefur þar með fengið sautján Óskarstilnefningar á glæstum ferli sínum. Næst á eftir henni koma Katharine Hepburn og Jack Nicholson með tólf tilnefningar hvort. Streep hefur tvívegis unnið, fyrir myndirnar Sophie´s Choice og Kramer vs. Kramer.

Óskarsverðlaunin verða afhent í 84. sinn við hátíðlega athöfn í Los Angeles 26. febrúar.

freyr@frettabladid.is



**HLUTSKÖRPUST**

Ævintýramyndin **Hugo** hlaut ellefu tilnefningar til Óskarsverðlaunanna. Þá er **Meryl Streep** tilnefnd sem besta leikkonan í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í The Iron Lady. Streep hefur hlotið sautján Óskarstilnefningar á ferlinum og fengið verðlaunin eftirsóttu tvisvar.

## FLESTAR TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSINS 2012




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| CONTRABAND LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | L |
| UNDERWORLD / AWAKENING | KL. 8 - 10 | 16 |
| FLYPAPER | KL. 8 | 12 |
| THE SITTER | KL. 6 - 10 | 14 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| STRÍÐSYFIRLÝSING | KL. 6 | L |
| CONTRABAND | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| IRON LADY | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 9 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| CONTRABAND | KL. 6 - 8 - 10.10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| CONTRABAND | 5.50, 8, 10.15(P) |
| THE IRON LADY | 5.50, 8, 10.15 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | 5.40, 8 |
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 10 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CONTRABAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CONTRABAND VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| 50/50 | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:50 - 10:20 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 8 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| J EDGAR | kl. 8 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 8 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:0 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| J. EDGAR | kl. 5:10 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensk tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| 50/50 | kl. 8 - 10:45 | 2D | 7 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 10:40 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE ENCHANTED ISLAND Ópera Endurflutt | kl. 6 | 2D | L |
| J. EDGAR | kl. 5:10 - 8 - 9:50 - 10:45 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CONTRABAND | kl. 8 | 2D | 16 |
| J. EDGAR | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| 50/50 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 8 | 2D | L |




Lífrænar vörur í 25 ár



10% afsláttur af öllum vörum

Afsláttardagur

Landsins mesta úrval af lífrænum vörum

Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík
Sími: 562 4082

Yggdrasill verslun
er staðsett við Hlemm
www.yggdrasill.is

Yggdrasill

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

MIÐVIKUDAGUR: SUBMARINE 18:00, 20:00, 22:00 ■ BÍÓ-BRJÁLÆÐI KATRINA DEL MAR (Q&A) 20:00 ■ THIS MUST BE THE PLACE 17:50, 22:10 ■ *Á ANNAN VEG* (ENGL. SUBS) 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ SUPERCLASICO 20:00 ■ PARTIR 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

Bíó Paradís er nú hluti af
EUROPA CINEMAS



Bíó ★★★★★

**J. Edgar**
Leikstjórn: Clint Eastwood

**Leikarar:** Leonardo DiCaprio, Armie Hammer, Naomi Watts, Josh Lucas, Judi Dench, Jeffrey Donovan, Ed Westwick

## Eastwood án ástríðu



**REMBIST** DiCaprio er ósannfærandi í hlutverki J. Edgars Hoover.

Það er frábært hvað Clint Eastwood er afkastamikill sem leikstjóri á efri árum. Hann er orðinn 81 árs og gerir eina mynd á ári, stundum tvær. Í nýjustu mynd sinni segir hann sögu J. Edgars Hoover, stofnanda bandarísku alríkislögreglunnar og yfirmanns hennar í tæplega 40 ár. Hoover var umdeildur maður í embætti og kjaftasögurnar um hann lifa enn góðu lífi í dag.

Eins safarík og mynd um hann hefði getað orðið er J. Edgar fremur andlaus og fyrirsjáanleg. DiCaprio er flinkur leikari þegar hann tekur sig til, en hér rembist hann og rembist en ekkert gerist. Sögumennska hans er þreytandi og ellifórðunin óraunveruleg. Reyndar eru aðalleikararnir þrír, DiCaprio, Hammer og Watts, svo afkáralegir í gamlingjagervunum að ekki er með nokkru móti hægt að taka þá alvarlega.

Hér held ég að ekki hafi verið vandað nægilega til verka. Dramatíkin ristir grunnt og aðdróttanir um samkynhneigð Hoovers eru feimnislega settar fram. Var hann hommi eða ekki? Skiptir það máli? Var hann svona siðferðislega brenglaður því hann var skápahommi og móðir hans vildi frekar eiga dauðan son en samkynhneigðan? Myndin setur ekki fram neinar kenningar, en ýjar þess í stað að ýmsu svo óræðu að eins mætti sleppa því.

Ég spyr, kæri herra Eastwood: Hví gerðir þú þessa mynd fyrst þú hefur ekkert um manninn að segja? Hvar er ástríðan? Hægðu á þér maður. Þú ert kominn á sjálfstýringu.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Óttalega bitlaust og klént. Lestu frekar um J. Edgar Hoover á Wikipedia.

# Sátt við stjúpmóður

Leikkonan Liv Tyler er ánægð með væntanlega eiginkonu föður síns, hins 63 ára Stevens Tyler úr hljómsveitinni Aerosmith og Idol-dómara. Hún heitir Erin Brady og er 38 ára en Liv er sjálf aðeins fjórum árum yngri.

Steven og Brady trúlofuðu sig um jólin og Liv segist vera mjög ánægð með væntanlega stjúpmóður sína. „Þau hafa verið saman í langan tíma," sagði hún. „Mér líkar mjög vel við hana." Orðrómur hafði verið uppi um að fjölskylda Stevens væri óánægð með trúlofunina en svo virðist ekki vera.

Liv er þessa dagana að kynna sína nýjustu kvikmynd, Robot and Frank. Hún mun brátt feta í fótspor föður síns á tónlistarbrautinni því hún syngur lagið I Need You Tonight með INXS í nýrri auglýsingu fyrir tískumerkið Givenchy. „Það var skemmtilegt, stressandi og yndislegt," sagði hún.



**TRÚLOFUÐ** Steven Tyler og unnusta hans Erin Brady. Liv Tyler er ánægð með ráðahaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 25. janúar**

### Hátíðir

**17.00** Burn's Night á KEX Hostel er hluti af Skoskum dögum út vikuna. Skosku hljómsveitirnar Wounded Knee og Withered Hand koma fram ásamt Benna Hemm Hemm. Aðgangur er ókeypis.

### Kvikmyndir

**18.00** Háskólabíó efnir til styrktarsýningu á kvikmyndinni Stríðsfyrirlýsing. Allar tekjur af sýningunni renna óskiptar til Styrktarfélags Krabbameinssjúkra barna. Miðaverð er kr. 1.500.

### Málþing

**12.15** Málstofa Mannréttindastofnunar og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands verður í sal 101, Lögbergi. Rætt verður um viðurkenningu Íslands á Palestínu sem sjálfstæðu og fullvalda ríki.

### Dans

**14.00** Síðdegisdans hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Aðgangseyrir er kr. 600.

### Fyrirlestrar

**12.05** Ragnheiður H. Þórarinsdóttir formaður Norræna félagsins á Íslandi flytur hádegisfyrirlestur í Þjóðminjasafni Íslands um sögu félagsins, stöðu þess og áhrif.

**12.15** Hádegisfyrirlestur í erindaröðinni Góssið hans Árna um valin handrit úr safni Árna Magnússonar verður haldinn í Þjóðmenningarhúsinu. Árni Heimir Ingólfsson flytur erindið Kvæða- og tvísöngsbók frá Vestfjörðum: AM 102.













# sport

sport@frettabladid.is

EM í handbolta 2012

**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON** varð í gær fyrsti íslenski markvörðurinn í níu ár sem nær að verja þrjú víti í einum og sama leiknum á stórmóti. Björgvin Páll varði þrjú víti á móti Spánverjum í gær og hefur því varið fimm víti í síðustu tveimur leikjum íslenska liðsins. Guðmundur Hrafnkelsson hafði verið síðastur til að verja þrjú víti en það gerði hann á móti Júgóslavíu í síðasta leik Íslands á HM í Portúgal 2003.

# Köstuðu leiknum frá sér í upphafi

**Draumur íslenska landsliðsins um undanúrslitasæti á EM dó endanlega í gær þegar liðið tapaði með fimm mörkum, 31-26, fyrir frábæru liði Spánverja. Hörmuleg byrjun á leiknum reyndist of dýrkeypt.**

**EM 2012** Strákarnir okkar munu ekki leika um verðlaunasæti á EM. Þeir mættu of værukærir til leiks gegn Spáni í gær og voru allt of mistækir til þess að eiga raunhæfan möguleika á sigri í leiknum.

Fyrsta korterið hjá strákunum var hörmulegt. Þeir virkuðu þreyttir, lítil stemning og einfaldlega ekki hafa trú á verkefninu. Varnarleikurinn var skelfilegur og sóknin litlu skárri þar sem eitt mark kom úr opnum leik fyrsta korterið. Eftir 16 mínútur var staðan orðin 10-3 og allt stefndi í vonda flengingu.

Guðmundur tók þá leikhlé, sparkaði í afturendann á sínum mönnum og þeir ákváðu í kjölfarið að rífa sig í gang. Fóru að berja frá sér og rifu loksins upp smá stemningu. Náðu að minnka muninn í þrjú mörk en Spánverjar leiddu með fjórum mörkum í hálfleik, 17-13. Synd því Björgvin var að verja frábærlega. Strákarnir þó sjálfum sér verstir með tvö vítaklúður og ruðning í hraðaupphlaupum.

Strákarnir voru áfram að elta í síðari hálfleik og munurinn þrjú til fimm mörk. Í hvert skipti sem liðið átti möguleika að komast inn í leikinn gerði það sig sekt um herfileg klaufamistök sem voru einfaldlega allt of mörg í þessum leik. Á endanum var það þessi lélega byrjun og klaufaskapur sem kostaði liðið sigurinn. Það er ekki hægt að leyfa sér slík mistök gegn liði eins og Spáni.

Björgvin Páll Gústavsson hrökk almennilega í gírinn í gær



**FLOTT INNKOMA** Rúnar Kárason fékk sitt fyrsta alvöru tækifæri í gær og nýtti það vel. Hann skoraði fjögur mörk og var valinn besti leikmaður íslenska liðsins af mótshöldurum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og sorglegt að liðið hafi ekki náð að nýta sér það betur. Kári Kristján átti frábæran leik og sýndi hversu miklum framförum hann hefur tekið. Kári hefði mátt koma oftar við sögu á þessu móti og sérstaklega á móti stærri og þyngri varnarmönnum.

Það var einnig ánægjulegt að fylgjast með innkomu Rúnars Kárasonar í leikinn en sá strákur virðist vera á réttri leið og er alls óhræddur. Það jákvæðasta við þetta mót er hvað nýliðarnir hafa komið ákveðnir inn og skilað góðu verki.

Ísland er aftur á móti skrefi á eftir Spáni um þessar mundir og ef Ísland á að eiga möguleika gegn slíku liði verður það að leika betur. Spánverjar eru komnir með ótrúlega gott lið og undirritaðan grunar að það séu að vera valdaskipti í handboltanum. Spánverjar séu að taka við kyndlinum af Frökkum og hafa alla burði til þess að vera með yfirburði á komandi árum.

**Henry Birgir Gunnarsson & Vilhelm Gunnarsson**





fjalla um EM karla í handbolta í Serbíu
henry@frettabladid.is - vilhelm@frettabladid.is



**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON** Varði 20 skot í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgvin Páll Gústavsson:

## Við misstum neistann

**EM 2012** „Ég hefði frekar viljað verja tvo bolta og vinna en verja 20 bolta og tapa," sagði markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson sem átti sinn langbesta leik á EM í gær. Varði 20 skot og þar af þrjú víti.

„Við mættum betra liði í dag og þeir eru betri en við í handbolta um þessar mundir. Við byrjuðum skelfilega og gröfum okkur holu sem við komumst ekki upp úr," sagði Björgvin, en hvað var að í upphafi leiksins?

„Við fengum klaufaleg mörk á okkur og einbeitingin ekki til staðar. Þá missum við neistann sem við vorum að leita að í framhaldinu. Við spiluðum samt fínan leik en mættum liði sem er frábært og það má ekki gefa þeim svona forskot eins og við gerðum í dag." - hbg

Tímamót á EM í Serbíu:

## Sigurganga Frakka á enda

**HANDBOLTI Rúmlega þriggja ára sigurganga Frakka á stórmótum er á enda eftir að Frakkar töpuðu 22-29 fyrir Króötum í gær.**

**Frakkar höfðu unnið fjögur stórmót í röð (ÓL 2008, HM 2009, EM 2010 og HM 2011) og komist í undanúrslit á átta stórmótum í röð eða öllum stórmótum frá og með HM í Túnis 2005.**

**Ólympíuleikarnir í Aþenu voru síðasta stórmótið þar sem Frakkar spiluðu ekki um verðlaun en franska liðið endaði þar í 5. sæti. Íslendingar mæta Frökkum í dag.** - óój

Kári Kristján Kristjánsson átti magnaðan leik fyrir Ísland gegn Spáni í gær:

## Tæknimistökin verða okkur að falli

**EM 2012** Kári Kristján Kristjánsson átti magnaðan leik gegn Spánverjum í gær. Hann kom af bekknum, skoraði þrjú mörk og fiskaði ein fjögur víti. Hann var þess utan duglegur að opna fyrir félaga sína enda enginn hægðarleikur fyrir Spánverjana að komast í kringum „Heimaklett" eins og Eyjamaðurinn þrekni er stundum kallaður.

„Það er gott fyrir mig að lenda í svona vinnu eins og í dag. Þeir eru stórir og ég er stór. Ég næ að taka mér stöðu. Mér fannst það takast mjög vel hjá mér allan leikinn að opna vörnina hjá þeim," sagði Kári en hann var alls ekki nógu hress með nýtinguna hjá íslenska liðinu í leiknum í gær.

„Á móti svona liði þurfum við að klára þessi færi. Við erum að fara með helvíti mikið af færum og tæknifeilarnir verða okkur að falli svona heilt yfir á mótinu. Við fáum fráköst og föttum ekki að drippla. Förum báðir í frákast og náum engum fráköstum. Misskilningur á milli manna og allir þessir feilar verða okkur að falli í þessum leik. Það er rosalega svekkjandi."

Kári segir að ef íslenska liðið ætli að geta keppt við þau bestu í dag verði liðið að fækka þessum mistökin.

„Litlu atriðin eru svo ofboðslega dýr og við megum ekki vera svona mistækir. Heilt yfir fannst mér við samt spila vel. Auðvitað vorum við daufir fyrsta korterið og það er andskoti dapurt að mæta ekki betur tilbúnir til leiks. Það bara má ekki gegn þessu liði," sagði Kári og bætti við:

„Við spiluðum lengi vel og ef við hefðum ekki verið svona mistækir hefðum við getað fengið eitthvað úr þessu." - hbg



**KÁRI KRISTJÁNSSON** Átti sinn besta leik á EM í Serbíu á móti Spánverjum í gær. Hann skoraði þrjú mörk og fiskaði fjögur víti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




EIMSKIPSBIKAR KVENNA

Miðvikudagurinn 25. janúar

| | | |
|---|---|---|
| 19.30 | FH – Grótta | Kaplakrika |
| 19.30 | HK – Stjarnan | Digranesi |
| 19.30 | Valur – Fram | Vodafonehöllinni |

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

## Valur og Fram mætast í Eimskipsbikar kvenna:

# Bikarúrslitin í kvöld?

**HANDBOLTI** Einn af stærstu leikjum tímabilsins í kvennahandboltanum fer fram í Vodafonehöllinni í kvöld þegar Íslandsmeistarar Vals taka á móti bikarmeisturum Fram í átta liða úrslitum Eimskipsbikars kvenna. Leikurinn hefst klukkan 19.30.



Liðin hafa mæst í öllum úrslitaleikjum síðustu ár og Fram hefur unnið bikarúrslitaleik liðanna tvö síðustu tímabil. Flestir líta á sem svo að eiginlegi bikarúrslitaleikurinn fari í raun fram í kvöld enda eru liðin í nokkrum sérflokki í dag.

Fram vann fimm marka sigur í deildarleik liðanna á dögunum en Valskonur voru þá búnar að vinna sex leiki liðanna í röð. Valskonur hafa ekki unnið bikarinn í tólf ár eða síðan þær urðu bikarmeistarar árið 2000. **- óój**






## ÚRSLIT Í GÆR

### *EM í handbolta í Serbíu*

**MILLIRIÐILL TVÖ**

**Spánn - Ísland 31-26 (17-13)**
**Mörk Spánar (skot):** Julen Aguinagalde 5 (6), Víctor Tomás 4 (7), Alberto Entrerríos 4 (8), Iker Romero 4 (10/1), Eduardo Gurbindo 3 (4), Juanín García 2 (2), Jorge Maqueda 2 (3), Cristian Ugalde 2 (3/1), Roberto García 2/2 (3/3), Joan Cañellas 2/1 (4/2), Daniel Sarmiento 1 (2), Raúl Entrerríos (1),
**Varin skot:** José Manuel Sierra 8 (21, 38%), José Hombrados 4 (17/2, 24%),
**Hraðaupphlaup:** 4 (Ugalde 2, Tomás, García, Cristian)
**Fiskuð víti:** 7 (Gurbindo 3, Aguinagalde, Eduardo, García, Ugalde, Sarmiento)
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 6 (13/2), Rúnar Kárason 4 (6), Kári Kristján Kristjánsson 3 (4), Arnór Atlason 3 (5), Aron Pálmarsson 3 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (6), Þórir Ólafsson 2/2 (2/2), Ólafur Guðmundsson 1 (1), Vignir Svavarsson 1 (2),
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 20/3 (51/6, 39%),
**Hraðaupphlaup:** 9 (Guðjón Valur 3, Ásgeir Örn 3, Rúnar, Aron, Vignir). **Fiskuð víti:** 4 ( Kári 4)
**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Frakkland - Króatía 22-29 (12-11)**
Jérome Fernandez 4, Xavier Barachet 4 - Marko Kopljar 7, Ivan Cupic 7, Blazenko Lackovic 4.

**Ungverjaland - Slóvenía 30-32 (13-14)**
Barna Putics 7, Gábor Császár 5 - Dragan Gajic 13, Jure Dolenec 5.

**STAÐAN FYRIR LOKAUMFERÐINA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Spánn** | 4 | 3 | 1 | 0 | 108-98 | 7 |
| Króatía | 4 | 3 | 0 | 1 | 113-104 | 6 |
| **Slóvenía** | 4 | 2 | 0 | 2 | 121-121 | 4 |
| Ungverjaland | 4 | 1 | 1 | 2 | 101-106 | 3 |
| **Ísland** | 4 | 1 | 0 | 3 | 114-117 | 2 |
| Frakkland | 4 | 1 | 0 | 3 | 99-110 | 2 |

- **Spánn og Króatía** eru komin í undanúrslit.

**LEIKIRNIR Í DAG**

| | |
|---|---|
| **Frakkland - Ísland** | **Í dag klukkan 15.10** |
| Spánn - Slóvenía | Í dag kl. 17.10 |
| **Ungverjaland - Króatía** | **Í dag kl. 19.10** |

**MILLIRIÐILL EITT**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Serbía** | 4 | 3 | 1 | 0 | 91-82 | 7 |
| Þýskaland | 4 | 2 | 1 | 1 | 100-96 | 5 |
| **Danmörk** | 4 | 2 | 0 | 2 | 109-109 | 4 |
| Makedónía | 4 | 1 | 1 | 2 | 108-108 | 3 |
| **Pólland** | 4 | 1 | 1 | 2 | 99-104 | 3 |
| Svíþjóð | 4 | 0 | 2 | 2 | 100-108 | 2 |

- **Serbía** er komin áfram í undanúrslit.

**LEIKIRNIR Í DAG**

| | |
|---|---|
| **Pólland - Þýskaland** | **Í dag klukkan 15.15** |
| Danmörk - Svíþjóð | **Í dag** kl. 17.15 |
| **Serbía - Makedónía** | **Í dag kl.19.15** |

### *Iceland Exp. kvenna í körfu*

**KR - Fjölnir 86-42 (36-19)**
**Stig KR:** Margrét Kara Sturludóttir 24/12 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 14/13 fráköst, Erica Prosser 13/6 fráköst/6 stoðsendingar, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 9, Hafrún Hálfdánardóttir 9, Bryndís Guðmundsdóttir 8, Kristbjörg Pálsdóttir 3, Ragnhildur Arna Kristinsdóttir 2, Helga Hrund Friðriksdóttir 2, Helga Einarsdóttir 2.
**Stig Fjölnis:** Brittney Jones 12/5 stolnir, Katina Mandylaris 10/13 fráköst, Birna Eiríksdóttir 9, Bergdís Ragnarsdóttir 7, Dagbjört Helga Eiríksdóttir 3, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 1.

**Hamar-Snæfell 82-57 (43-26)**
**Stig Hamars:** Samantha Murphy 25/8 fráköst/5 stoðsendingar, Katherine Virginia Graham 23/8 frák./5 stoðs./5 stolnir, Fanney Lind Guðmundsd. 14, Jenný Harðardóttir 9, Marín Davíðsdóttir 6, Íris Ásgeirsdóttir 3, Álfhildur Þorsteinsdóttir 2.
**Stig Snæfells:** Kieraah Marlow 15/8 fráköst/5 stolnir, Hildur Björg Kjartansdóttir 10, Hildur Sigurðardóttir 8/5 fráköst/8 stoðsendingar, Alda Leif Jónsdóttir 8, Björg Guðrún Einarsdóttir 6, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 5, Berglind Gunnarsdóttir 3, Ellen Alfa Högnadóttir 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | 17 | 14 | 3 | 1337-1167 | 28 |
| Njarðvík | 17 | 13 | 4 | 1443-1283 | 26 |
| **KR** | 18 | 11 | 7 | 1361-1232 | 22 |
| Haukar | 17 | 10 | 7 | 1274-1223 | 20 |
| **Snæfell** | 18 | 8 | 9 | 1235-1293 | 16 |
| Valur | 17 | 6 | 11 | 1179-1275 | 12 |
| **Fjölnir** | 18 | 5 | 13 | 1290-1491 | 10 |
| Hamar | 18 | 3 | 15 | 1231-1386 | 6 |

**LEIKIR Í KVÖLD**

**Njarðvík - Keflavík, Haukar-Valur** Kl. 19.15




> Stöð 2 kl. 20.35

## Kalli Berndsen – Í nýju ljósi

*Karl Berndsen stendur ávallt fyrir sínu og að þessu sinni aðstoðar hann 42 ára konu sem vill endurheimta sjálfstraustið og lífsgleðina. Hún breytti mataræðinu fyrir þremur árum og er búin að missa rúm 25 kíló en þarf að fá sér ný föt og vill verða prinsessa með hjálp Kalla.*



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON RÝNIR Í BOLTANN

## Miskunnarlaus þjóðsöngur

Lítið hefur farið fyrir umræðu um ábyrgð þjóðsöngsins þegar árangur íslenska landsliðsins í handbolta er krufinn. Leikmennirnir fá jafnan að finna fyrir því þegar illa gengur og þjálfarar koma og fara. Ótrúlegt er að enginn skuli velta fyrir sér áhrifum lagsins sem er með því síðasta sem leikmennirnir heyra fyrir leik, lagið sem á að fylla leikmennina eldmóði nokkrum andartökum áður en þeir byrja að henda á milli sín harpixklístruðum handboltanum.

Íslenski þjóðsöngurinn er allt of væminn og niðurdrepandi. Íþróttakappleikir eru stríð og það er ekki öfundsvert að heyja orrustu í kjölfar lags um eitt eilífðar smáblóm, með titrandi tár, sem tilbiður guð sinn og deyr. Lagið er fallegt og ljóðið líka, en við þurfum þjóðsöng sem fjallar um að ganga frá keppinautum okkar – þjóðsöng sem er svo grimmdarlega miskunnarlaus að keppinautarnir efast um geðheilbrigði landsliðsfólks okkar og hreinlega óttast um líf sitt inni á vellinum.



Uppskriftin að vel heppnuðum þjóðsöng er hraði og öflugur kór með söngvurum af báðum kynjum. Kafli með hrollvekjandi barnakór gæti hjálpað og skerandi fiðlur eru nauðsynlegar. Þessi blanda myndi fleyta okkur langt á stórmótum framtíðarinnar – í hvaða íþrótt sem er.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sprotar - fyrirtæki framtíðarinnar **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Móses og Jón Taylor **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**12.45 Djöflaeyjan (e)**
**13.25 Leiðarljós** (Guiding Light)
**14.05 Disneystundin**
**14.06 Finnbogi og Felix** (15:26)
**14.27 Sígildar teiknimyndir** (16:42)
**14.35 Gló magnaða** (39:52)
**15.00 EM í handbolta** BEINT frá leik í milliriðli á EM í handbolta karla.
**16.50 Táknmálsfréttir**
**17.00 EM í handbolta** BEINT frá leik í milliriðli á EM í handbolta karla.
**18.40 EM-kvöld Í þættinum er farið yfir leiki dagsins á EM í handbolta.**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 EM í handbolta** BEINT frá leik í milliriðli á EM í handbolta karla.
**20.45 EM-kvöld**
**21.10 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 - Lögin í úrslitum** (2:3)
**22.30 Ýta-Pása-Spila** (PressPausePlay) Bandarísk heimildamynd um stafrænu byltinguna sem hefur orðið á síðasta áratug.
**23.30 Landinn** (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Inkheart**
**10.00 Stuck On You**
**12.00 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 Inkheart**
**16.00 Stuck On You**
**18.00 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 Bjarnfreðarson**
**22.00 The Lodger**
**00.00 Die Hard II**
**02.00 Shooting Dogs**
**04.00 The Lodger**
**06.00 The Hangover**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (94:175)
**10.15 Grey's Anatomy** (17:22)
**11.00 The Big Bang Theory** (11:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (13:24)
**11.50 Pretty Little Liars** (4:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (62:78)
**13.25 Ally McBeal** (17:22)
**14.15 Ghost Whisperer** (2:22)
**15.10 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (13:22)
**19.45 Hank** (6:10)
**20.10 The Middle** (15:24)
**20.35 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** (4:10) Kalli Berndsen heldur áfram að gefa konum góð ráð varðandi útlitið. Þættirnir eru unnir eftir hugmyndafræði Kalla um að hægt sé að skipta vaxtarlagi kvenna í fjórar gerðir, svokölluð VAXi-aðferð. Hann ráðleggur konum með mismunandi vaxtalag um hvernig best sé að klæða sig til að ná fram því besta sem líkaminn hefur upp á að bjóða.
**21.05 Grey's Anatomy** (11:24)
**21.50 Medium** (13:13)
**22.35 Satisfaction**
**23.25 Human Target** (11:13)
**00.10 NCIS: Los Angeles** (5:24)
**00.55 Breaking Bad** (10:13)
**01.45 Planet Terror**
**03.30 Grey's Anatomy** (11:24)
**04.20 Medium** (13:13)
**05.05 The Big Bang Theory** (11:23)
**05.25 How I Met Your Mother** (11:24)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildarbikarinn: Cardiff - Crystal Palace** (Carling Cup).
**17.50 Enski deildarbikarinn: Cardiff - Crystal Palace** Útsending frá seinni leik liðanna í undanúrslitum Carling Cup.
**19.35 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Man. City** BEINT frá seinni leik liðanna í undanúrslitum Carling Cup.
**21.45 FA Cup - Preview Show**
**22.15 Spænsku mörkin**
**22.45 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Man. City** Útsending frá seinni leik liðanna í undanúrslitum Carling Cup.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Wolves - Aston Villa**
**18.20 Everton - Blackburn**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**22.25 Football League Show**
**22.55 Norwich - Chelsea**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (34:175)
**20.10 American Dad** (3:18)
**20.35 The Cleveland Show** (6:21)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (8:24)
**22.15 Mike & Molly** (20:24)
**22.40 Chuck** (19:24)
**23.25 Burn Notice** (3:20)
**00.10 Community** (16:25)
**00.35 The Daily Show: Global Edition**
**01.10 Malcolm In The Middle** (13:22)
**01.35 Hank** (6:10)
**02.00 American Dad** (3:18)
**02.25 The Cleveland Show** (6:21)
**02.50 The Doctors** (34:175)
**03.30 Fréttir Stöðvar 2**
**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (9:19) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**14.50 7th Heaven** (3:22) (e)
**15.50 Outsourced** (20:22) (e)
**16.15 Mad Love** (12:13) (e)
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Charlie's Angels** (8:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (11:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (10:26)
**19.45 Will & Grace** (19:25) (e)
**20.10 America's Next Top Model** (7:13)
**20.55 Pan Am** (10:13) Maggie fellur fyrir þingmanni eftir að hafa skrifað neikvæða grein um stjórnmálastefnur hans og Kate á erfitt með að jafna sig eftir sitt síðasta njósnaverkefni.
**21.45 CSI: Miami** (17:22)
**22.35 Jimmy Kimmel**
**23.20 Dexter** (11:12) (e)
**00.10 HA?** (17:31) (e)
**01.00 Prime Suspect** (1:13) (e)
**01.50 Everybody Loves Raymond** (10:26) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Humana Challenge 2012 (2:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Humana Challenge 2012 (2:4) **15.00 Volvo Golf Champions (2:2)** **18.00** Golfing World **18.50** Chevron World Challenge (4:4) **20.40** Champions Tour - Highlights (1:25) **21.35** Inside the PGA Tour (4:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (3:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.30** The Weakest Link **07.15** My Family **09.15** The Inspector Lynley Mysteries **10.45** Come Dine With Me **11.40** EastEnders **12.10** Live at the Apollo **12.55** Top Gear **13.45** My Family **15.45** QI **16.45** Top Gear **17.35** Live at the Apollo **18.15** Come Dine With Me **19.05** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans Live from the West End **21.50** Peep Show **22.25** Live at the Apollo **23.10** QI **00.10** Lee Evans Live from the West End **01.00** Peep Show **01.35** The Graham Norton Show **02.20** The Weakest Link

## DR 1

**11.45** Historier fra Danmark **12.35** Aftenshowet **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.15** Timmy-tid **15.25** Skæg med bogstaver **15.45** Kasper & Lise **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Lægeambulancen **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt 2012 **21.00** Homeland - Nationens sikkerhed **21.50** Taggart

## NRK 1

**12.45** Verdensarven **13.00** NRK nyheter **13.05** Folk **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Herskapelig redningsaksjon **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Forbrukerinspektørene **19.15** Redd menig Osen **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Drikker jeg for mye?

## SVT 1

**09.00** Go'kväll **09.45** Mot alla odds **10.45** Skavlan **11.45** Stjärnorna på slottet **12.45** Så ska det låta **13.45** Cimarron Strip **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Med hjärtat som insats **21.00** Homeland **21.50** Dag **22.15** Kjell 5000 **22.30** Erlend och Steinjo **22.55** Skavlan **23.55** Rapport

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




Greidd eru mánaðargjöld skv. verðskrá, nánar á siminn.is

# Allt í steik!

*4ra rétta tilboðsseðill og A la Carte í Perlunni*

## 4ra rétta seðill

*Þú velur aðalréttinn. Verð á matseðli* **5.960 kr.**

**1** LÉTTREYKTUR LAX OG LAXATARTAR
með agúrkusalati, vatnakarsa og piparrótarkremi

**2** RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

**3** FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni,
útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

*eða*

NAUTAFILLE
með kartöflu- og selleryrótarköku,
blönduðum skógarsveppum og bearnaisesósu

*eða*

LAMBASKANKAR
með fondant-kartöflum,
steiktu grænmeti og rósmarínsósu

**4** VOLG SÚKKULAÐIKAKA
með sólberjasósu og vanilluís

**Verð aðeins 5.960 kr.**
**Næg bílastæði**

## Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistaranum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!





**Gjafabréf Perlunnar**
*Góð gjöf við öll tækifæri!*

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er klárlega Hamborgarabúllan. Ég fæ mér oftast Ölboðið með kokteilsósu.“*

Ragnheiður Erlingsdóttir kvikmyndagerðarkona.

# Stúlknagengi og lesbískir kossar

Bandaríski leikstjórinn og ljósmyndarinn Katrina Del Mar sýnir þrjár stuttmyndir sínar í Bíó Paradís kl. 20 í kvöld og ræðir við áhorfendur að sýningunni lokinni.

„Þetta eru allt undirheimamyndir sem kostuðu nánast ekkert í framleiðslu. Þetta eru sjálfstæðar myndir um stúlknagengi í New York,“ segir Del Mar. Myndirnar heita Gang Girls 2000, Surf Gang og Hell on Weels: Gang Girls Forever!

Del Mar var með ljósmyndasýningu í Kaupmannahöfn fyrir skömmu og ákvað í framhaldinu að sýna myndirnar sínar á Íslandi. Hún á íslenskar vinkonur og hefur komið hingað nokkrum sinnum að heimsækja þær.

Nær eingöngu konur leika í myndum hennar, aðallega lesbíur eins og hún sjálf. „Bróðir minn er reyndar í einni myndinni. Hann leikur glæpamann sem er laminn af hópi stelpna,“ segir hún og hlær.

Del Mar hóf að taka upp myndirnar sínar fyrir þrettán árum á Super 8-myndavél. „Ég er ljósmyndari og ætlaði að taka hópmyndir af vinkonum mínum. Á endanum ákváðum við að gera kvikmynd. Þá vildu allir fá að leika í henni.“

Spurð nánar um kvikmyndagerð sína segist hún hafa alist upp við að horfa á gagnkynhneigða kossa í kvikmyndum. „Mig langaði að sjá stelpur kyssast. Ég er að reyna að leiðrétta ójafnvægið með því að láta stelpur kela mikið í myndunum mínum,“ segir hún og hlær. „Þetta eru líka hasarmyndir og fólk ætti ekki að taka þær of alvarlega.“ - fb



**SÝNIR Í BÍÓ PARADÍS** Katrina Del Mar sýnir þrjár stuttmyndir sínar í Bíó Paradís í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**HIMINHÁR VERÐMIÐI** Matreiðslubók Nönnu Rögnvaldardóttur er til sölu á 50 til 750 þúsund krónur á Amazon. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR: ÞAÐ ER MJÖG SKONDIÐ AÐ SJÁ ÞETTA

# Matreiðslubók Nönnu til sölu á 750 þúsund krónur

„Það er mjög skondið að sjá þetta,“ segir matreiðslukonan Nanna Rögnvaldardóttir.

Bók hennar, Icelandic Food and Cookery, sem kom út í Bandaríkjunum fyrir ellefu árum hjá forlaginu Hippocrene gengur kaupum og sölum á vefsíðunni Amazon.com. Hæsti verðmiðinn sem hefur verið settur á hana er sex þúsund dollarar, eða um 750 þúsund íslenskar krónur. Aðrir seljendur setja „aðeins“ um 400 dollara á hana eða í kringum 50 þúsund krónur.

Í bókinni eru uppskriftir af íslenskum mömmumat en einnig er þar fjallað um sögu íslenskrar matargerðar og íslensk hráefni. Bókin seldist upp hjá forlaginu fyrir þremur árum eftir að hafa verið gefin út í fjögur þúsund eintökum. Ekki stendur til að endurútgefa hana.

„Þangað til í fyrrasumar var hægt að fá hana hjá fornbókasölum á 35 til 50 dollara en svo hefur eitthvað gerst,“ segir Nanna, alveg gáttuð á þessum upphæðum. Hún telur að erindi sem hún hélt í fyrrasumar um þorramat á ráðstefnu í Oxford hafi haft eitthvað að segja. „Ég veit að margir spurðu hvort bókin væri fáanleg. Núna sýnist mér hún hækka dag frá degi en ég á ekki von á að margir verði ríkir af því. Þótt ég ætti einhver eintök uppi í hillu hjá mér held ég að ég færi ekkert að reyna að selja þau núna,“ segir hún og hlær.

Til marks um áhugann á bókinni hafði bandarísk kona fyrir stuttu sambandi við Nönnu. Hún hafði leitað að eintaki af bókinni á viðráðanlegu verði í nokkurn tíma og var orðin ansi örvæntingarfull. Að lokum fékk hún eintak á Amazon fyrir um 25 þúsund krónur. Það var ódýrasta eintakið sem hún gat fengið á sölusíðunni og má segja að hún hafi dottið í lukkupottinn því bókin hefur hækkað töluvert í verði á síðustu dögum.

Nanna á erfitt með að útskýra þennan áhuga á bókinni en telur að fólk sem safni matreiðslubókum sé hluti af skýringunni. „Það er kannski að reyna að eignast bækur frá öllum löndum,“ segir Nanna sem tilheyrir sjálf þessum hópi og á bækur frá um 130 löndum. Hún segist hafa borgað töluverðan pening fyrir sjaldgæfar erlendar bækur en ekki næstum því eins mikið og fæst fyrir bókina hennar.

En er ekki skemmtilegt að vera svona eftirsótt? „Jú, mikil ósköp.“

freyr@frettabladid.is






# Íslenski hesturinn á toppnum

Hestaleigan Íslenski hesturinn er í þriðja sæti ferðavefsíðunnar Tripadvisor yfir það sem mælt er með að gera í Evrópu. Leigan er eina hestaleigan í Reykjavík og er þjónustan lofuð í hástert af fyrrverandi viðskiptavinum.

Hestaleigan er í þriðja sæti yfir afþreyingu sem mælt er með í Evrópu allri og kemur næst á eftir ítölskum matardögum og svifflugi í Sviss. Þetta telst einstakur árangur fyrir íslenskt afþreyingarfyrirtæki, en alls eru um 46.224 fyrirtæki á listanum.

Hjónin Bergljót Rist og Sveinn Atli Gunnarsson eru eigendur Íslenska hestsins og að vonum ánægð með þau stórkostlegu meðmæli sem fyrirtækið hefur fengið. „Þetta er ofsalega gaman og á svo margan hátt gleðiefni. Þetta er gott fyrir fyrirtækið, íslenska hestinn almennt og auðvitað íslenska ferðamennsku,“ segir Bergljót sem er menntaður leiðsögumaður og talar ein sjö tungumál.

„Þetta hefur einnig skilað fleiri bókunum til okkar. Nú sér fólk þetta sem eitt af því sem þarf að prófa þegar Ísland er heimsótt sem er frábært, enda Ísland land hestsins.“

Íslenski hesturinn býður upp á útreiðartúra um Rauðhóla og Hólmsheiði. Leigan fær fullt hús stiga eftir umsagnir viðskiptavina sem segja þjónustuna meðal annars „frábæra og einstaka“, „tryggja bros á hvert andlit“ og „persónulega og mæta öllum kröfum“. - sm



**VINSÆL** Hestaleigan Íslenski hesturinn er í þriðja sæti yfir það sem mælt er með að gera í Evrópu. Bergljót Rist er eigandi leigunnar ásamt manni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







## 10 GÆÐAMYNDIR Á KVIKMYNDAVEISLU ÁRSINS




Athvarfið
(Le refuge) 2011




Barnsfaðirinn
(Le Père de mes enfants) 2009




Hadewijch
(Hadewijch ) 2009




Saman er einum of
(Ensemble c'est trop) 2009




Sá sem kallar
(Un homme qui crie) 2011




Sérsveitin
(Forces spéciales) 2011




Þrauki einn, fylgja hinir
(Qu'un seul tienne et les autres suivront) 2011




Öld myrkursins
(L'Âge des ténèbres) 2007




**Sala á 5 mynda afsláttarpössum hefst kl. 10 í dag á Miði.is.**

Verð aðeins 3.900 kr og einungis 100 passar í boði.

Fyrstir koma fyrstir fá!

## STYRKTARSÝNING Í KVÖLD KL. 18 Í HÁSKÓLABÍÓI.




Leikstjórn: Valérie Donzelli

Allar tekjur renna óskiptar til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

MIÐASALA HAFIN

**Miðaverð**
**1.500 krónur.**

Alliance Français | INSTITUT FRANÇAIS | HÁSKÓLABÍÓ | Embassy of Canada, Ambassade du Canada, Sendiráð Kanada | Liberté • Égalité • Fraternité, RÉPUBLIQUE FRANÇAISE, AMBASSADE DE FRANCE EN ISLANDE

WWW.FACEOOK.COM/GRAENALJOSID

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**LÖGFRÓÐUR**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekki meira Tríó

Framleiðendur sjónvarpsþáttarins Tríós hafa hætt við að gera aðra seríu, meðal annars sökum dræmrar sölu á DVD-diskum fyrstu þáttaraðarinnar um jólin. „Salan olli mér vonbrigðum. Það að hella sér í að gera aðra seríu kostar gríðarlega vinnu bæði andlega og líkamlega og ég treysti mér ekki í að hella mér í þá vinnu fyrir þröngan aðdáendahóp. Ég vil þakka öllum þeim sem keyptu diskinn, aðdáendum þáttanna og öllum þeim hlýju orðum í okkar garð sem stóðu að þáttunum. Nú taka við önnur spennandi verkefni hjá undirrituðum,“ skrifar **Gestur Valur Svansson**, höfundur Tríós, á Facebook-síðu þáttanna. Fréttablaðið greindi frá því í haust að vinna væri hafin við handrit af annarri Tríó-þáttaröð, en það hefur greinilega ekki gengið eftir.



### Sjö hljómsveitir til Noregs

Sjö íslenskir flytjendur koma fram á tónlistarhátíðinni By:Larm sem haldin verður í Ósló dagana 16. til 18. febrúar. Þetta eru GusGus, Helgi Hrafn Jónsson, Mugison, Prinspóló, Sóley, **Snorri Helgason** og Sykur. Aldrei hafa jafn margar íslenskar hljómsveitir spilað á hátíðinni, sem fagnar fimmtán ára afmæli sínu í ár. Hún þykir góður vettvangur til að koma sér á framfæri í Noregi og á Norðurlöndum enda sækir fjöldi fólks sem starfar í tónlistargeiranum hátíðina ár hvert.



**- sv, fb**

## Mest lesið VÍSIR

1. Snjókoma í allan dag – og í kvöld
2. Öflugur sólstormur á leið til jarðar
3. Vindhviðurnar náðu fellibylsstyrk
4. Sílíkonbrjóstin farin að leka: „Maður er náttúrulega …
5. Danir eignast nýja prinsessu





